GOTHARAR

*Spretta eins og goth-kúlur*

Tíska Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





SJÓMANNSLÍF

*Á skólaskipi í kringum landið*

Sérblað um sjómennsku og sjómannadaginn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. maí 2007 — 145. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Lagstúfur verður tónverk



Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytur verk eftir Þórð Magnússon tónskáld.

MENNING 38

### Endalok R-listans

„Endalok Reykjavíkurlistans hófust í furðulegri, órökréttri og fátækkenndri leikfléttu Össurar Skarphéðinssonar,“ skrifar Svandís Svavarsdóttir.

UMRÆÐAN 30

### Fyrsta embættisverkið



Guðlaugur Þór fékk lán fyrir SÁÁ-álfinum.

FÓLK 58

### Símun valinn bestur



Símun Samuelsen hjá Keflavík var besti leikmaður 4. umferðar Landsbankadeildar karla en hann átti stórleik á móti HK.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HLÝINDI** Í dag verða austlægar áttir, yfirleitt 8-13 m/s. Dálítil rigning austan og suðaustan til, annars skýjað með köflum eða léttskýjað. Hiti 8-20 stig, hlýjast til landsins vestan til.

VEÐUR 4






**FÉKK MENNTAVERÐLAUNIN** „Ég held ég hafi alltaf ætlað að verða kennari,“ segir Elín G. Ólafsdóttir, sem hlaut í gær Íslensku menntaverðlaunin fyrir merkt ævistarf við kennslu. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin í gærkvöldi. Valgerður Matthíasdóttir sjónvarpskona myndaði móður sína þar sem hún tók á móti verðlaununum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íslensku menntaverðlaunin:

## Leitandi og frumlegur kennari

**MENNTUN** Elín G. Ólafsdóttir hlaut í gær Íslensku menntaverðlaunin í flokki kennara sem skilað hafa merku ævistarfi. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin í Ingunnarskóla í Reykjavík í gærkvöldi.

Elín kenndi í Langholtsskóla í Reykjavík í rúm fjörutíu ár. Í greinargerð dómnefndar segir að Elín hafi allan sinn feril verið leitandi og frumlegur kennari.

Menntaverðlaunin í flokki skóla hlaut Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit, sem vakti athygli fyrir framsækni og farsælt skólastarf. Kristín Gísladóttir hlaut verðlaunin í flokki ungra kennara, en hún þótti fara ótroðnar slóðir við að afla sér kennsluefnis. Í flokki námsefnishöfunda hlutu þau Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson verðlaunin fyrir námsefni í lífsleikni.

- bj / sjá síðu 32

# Síldargangan vel á þriðju milljón tonna

**Rúmlega tvær og hálf milljón tonna af norsk-íslenskri síld mælast fyrir Austurlandi. Sjávarútvegsráðherra telur gönguna styrkja samningsstöðu Íslendinga um veiðar. „Mjög merkileg tíðindi“, segir forstjóri Hafrannsóknastofnunar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Rúmlega tvær og hálf milljón tonna af norsk-íslenskri síld eru gengnar inn í íslensku fiskveiðilögsöguna fyrir austan land, að mati Hafrannsóknastofnunarinnar. Margt þykir benda til þess að síldin sé að taka upp fyrra göngumynstur og muni hafa vetursetu við landið. Sjávarútvegsráðherra telur að samningsstaða Íslendinga breytist mjög til hins betra verði það raunin.

Þetta er niðurstaða mælingar Hafrannsóknastofnunar eftir árlegan leiðangur við síldarmælingar fyrir austan land. Guðmundur J. Óskarsson, sérfræðingur á nytjastofnasviði Hafrannsóknastofnunar, stjórnaði síðari hluta rannsóknaleiðangursins. „Mælingin er upp á tvær og hálfa milljón tonna en við teljum að enn meira magn sé þarna á ferðinni,“ segir Guðmundur.

> Við erum að mæla þarna meira magn innan okkar lögsögu en síðan á síldarárunum. Nú verður áhugavert að vita hvort hún fer norður fyrir land eins og hún gerði áður.
>
> **JÓHANN SIGURJÓNSSON**
> FORSTJÓRI HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir niðurstöðu mælingarinnar mjög merkileg tíðindi. „Við erum að mæla þarna meira magn innan okkar lögsögu en síðan á síldarárunum. Nú verður áhugavert að vita hvort hún fer norður fyrir land eins og hún gerði áður.“ Jóhann segir tvennt geta skýrt síldargönguna; breytt skilyrði í hafinu og stærð stofnsins sem hefur áhrif á útbreiðslu hennar. „Þetta hefur gríðarlega þýðingu varðandi veiðarnar og staðfestir það sem við höfum verið að halda fram um rétt okkar til veiða úr þessum stofni.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir það augljóst mál í sínum huga að síldargangan styrki samningsstöðu Íslendinga. „Við vorum ekki yfir okkur hrifnir með niðurstöðu síðustu samninga og það voru Norðmenn ekki heldur. Þeir töldu sig eiga rétt á stærri hlutdeild með þeim rökum að stofninn héldi sig að mestu innan þeirra lögsögu. Norðmenn hafa sett fram óraunsæjar og ósanngjarnar kröfur að okkar mati hingað til.“

Spurður hvort ekki sé ástæða til að fylgja rannsóknaleiðangrinum eftir til að afla sem mestra upplýsinga um hvað sé að gerast í hafinu fyrir austan segir Einar að rannsóknir séu forsenda þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu í samningum um veiðar úr stofninum. „En ég þarf tækifæri til að fara yfir það með Hafrannsóknastofnun hvernig að því verður staðið á næstunni.“ - shá

Bubbi leitar að íslenskum sálum:

## Stjórnar nýjum sjónvarpsþætti



BUBBI MORTHENS

**SJÓNVARP Bubbi Morthens fer af stað með nýjan sjónvarpsþátt eftir áramót á Stöð 2 sem mun heita Bandið hans Bubba. Hann hyggst ferðast um landið og leita að tónlistarmönnum sem syngja á íslensku. „Ég er búinn að vera í mörg ár dálítið hissa á því hvað það er lítið sungið á íslensku,“ segir Bubbi. „Í Idolinu sá ég að þegar krakkarnir sungu á íslensku fannst mér sálin í þeim koma fram,“ segir Bubbi í samtali við Fréttablaðið. Í verðlaun fyrir sigurvegarann eru þrjár milljónir íslenskra króna, plötusamningur og umboðsmaður.**

- fgg / sjá síðu 58

Þrjár stúlkur af Suðurnesjum rændu og misþyrmdu yngri stúlkum:

## Tólf ára stúlkum rænt og misþyrmt

**LÖGREGLUMÁL** Tveimur tólf ára stúlkum úr Reykjanesbæ var rænt og misþyrmt af þremur eldri stúlkum um helgina.

Á sunnudagskvöld hafði læknir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja samband við lögreglu og tilkynnti að hjá honum væru tvær stúlkur sem hefðu orðið fyrir líkamsáras. Í ljós kom að stúlkurnar höfðu verið færðar upp í bíl með valdi af þremur stúlkum; einni sautján ára og tveimur fimmtán ára. Óku þær með stúlkurnar í yfirgefið hús í Innri-Njarðvík, misþyrmdu þeim, hárreyttu, hræktu á þær og niðurlægðu. Einnig voru stúlkurnar neyddar til að reykja sígarettur.

Stúlkurnar þrjár voru handteknar skömmu síðar og færðar til yfirheyrslu. Einnig voru skýrslur teknar af foreldrum þeirra og vitnum. Barnaverndarnefnd hefur verið tilkynnt um málið og kærur lagðar fram. Málið er enn í rannsókn en rannsóknarlögreglan á Suðurnesjum segir málið viðkvæmt þar sem allir sem komi að því séu börn. - kdk




## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, er þetta stýrislaus Strætó?*

„Það er rétt, hliðarstýrin virðast aðeins virka.“

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, er ósáttur við stjórn Strætó bs. og við kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga. Hann kennir litlu samráði um.

Konum og útlendingum sem leita hjálpar fjölgar:

# Fleiri þurfa að leita matargjafa

**FÉLAGSMÁL** Heimsóknum á Kaffistofu Samhjálpar, þar sem utangarðsfólk og fólk sem glímir við fátækt getur fengið fría máltíð, fjölgaði um tæpan fjórðung milli áranna 2005 og 2006. Alls leituðu 1.243 manneskjur aðstoðar á síðasta ári og eru það 224 fleiri en árið á undan. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu samtakanna. Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, segir að ekki sé gott að festa hendur á því hvað valdi. Þó hafi verið bent á að fjölgun hafi verið meðal útlendinga sem leiti hjálpar vegna fátæktar, þeir séu nú rúm sjö prósent gesta. „Konum fjölgaði einnig mjög á milli ára eða um 138 prósent,“ segir Heiðar en bendir á að karlmenn séu og hafi verið mikill meirihluti þeirra sem leiti aðstoðar vegna fátæktar.

Alls voru heimsóknir á kaffistofuna rúmlega 23 þúsund í fyrra og kom hver manneskja að meðaltali 19 sinnum í leit að aðstoð. - kdk




**GESTUM FJÖLGAR UM FJÓRÐUNG** Heiðar Guðnason, forstöðumaður hjá Samhjálp, segir fleiri hafa þurft að leita matar og athvarfs hjá Kaffistofu Samhjálpar á síðasta ári en árið á undan.

Drykkjulæti á Sauðárkróki:

## Sendur úr landi eftir ólæði

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður um þrítugt var handsamaður af lögreglunni á Sauðárkróki um helgina. Að sögn lögreglunnar hafði maðurinn gengið berserksgang og brotið rúður í ölæði í bænum.**

**Í ljós kom að maðurinn hafði komið til landsins daginn áður og ætlaði hann að hefja störf hjá fyrirtæki eftir hvítasunnu.**

**Eftir drykkjulætin var haft samband við vinnumiðlunina sem útvegaði honum starfið og var maðurinn sendur úr landi á mánudag þar sem hann þótti ekki heppilegur starfskraftur.** - kdk

Viðhorf ungs fólks til vinnu:

## Strákar vænta hærri launa

**VINNUMARKAÐUR** Íslenskir karlmenn á aldrinum 18 til 23 ára hafa meiri væntingar til launa en jafnöldrur þeirra fyrir sömu störf.

Jafnréttisráð kynnti í gær niðurstöður könnunar sem Capacent Gallup gerði. Spurt var um viðhorf og áhuga ungmenna á tíu störfum. „Þegar konurnar eru spurðar um launavæntingar verðleggja þær sig lægra en karlar,“ segir Fanný Gunnarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Læknir, kennari og lögfræðingur eru þau störf sem flestir hafa áhuga á. - sþs / sjá síðu 12

## Ásta Lovísa látin

**Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir lést í gær á líknardeild Landspítalans. Ásta vakti mikla athygli fyrir hetjulega baráttu sína við krabbamein, en hún hélt úti bloggsíðu þar sem hún fjallaði á opinskáan hátt um glímuna við sjúkdóminn.**



ÁSTA LOVÍSA VILHJÁLMSDÓTTIR

**Hún var útnefnd Íslendingur ársins af tímaritinu Ísafold, meðal annars fyrir að opna umræðuna um þennan banvæna sjúkdóm sem þúsundir glíma við en fáir tjá sig um. Ásta Lovísa lætur eftir sig þrjú ung börn.**

**Bróðir Ástu skýrði frá andlátinu á bloggsíðu hennar: „Fjölskyldan vill senda þakkarkveðjur fyrir allan stuðninginn, hlýhug og falleg orð.“**

# Það var svo gott að heyra hana gráta

**Sautján ára sundlaugarvörður bjargaði lífi tveggja ára stúlku eftir að hún fannst meðvitundarlaus í lauginni. Hann hefur aðeins starfað í viku sem vörður en náð góðum tökum á skyndihjálp og endurlífgun. Litlu stúlkuna sakaði ekki.**

**SLYS** „Ég henti öllu frá mér og hljóp til hennar. Hún var meðvitundarlaus og það sást bara í hvítuna í augunum á henni,“ segir Jóhann Ingi Guðbergsson, sautján ára sundlaugarvörður Íþróttamiðstöðvarinnar að Lágafelli í Mosfellsbæ. Vika er liðin frá því hann hóf störf í lauginni en í fyrrakvöld bjargaði hann lífi tveggja ára stúlku með snarræði.

Stúlkan var þar ásamt móður sinni og eldra systkini að leik í vatnsrennibraut laugarinnar og kom ekki úr kafi eftir eina ferðina.

Sundlaugargestur sá til hennar og dreif hana upp á bakkann, en þá var hún hætt að anda. Hringt var á sjúkrabíl og Jóhann Ingi hóf lífgunartilraunir samstundis á barninu. „Hún var búin að liggja á botninum í um það bil tvær mínútur. Andaði ekki og ég fann engan púls. Ég blés hana því og hnoðaði. Það gekk ekkert fyrst og ég hélt að hún væri farin. Ég vildi samt ekki gefast upp og hélt áfram. Svo sáum við smá lífsmark. Stuttu síðar kastaði hún upp vatni en komst ekki alveg strax til meðvitundar. Hún fór svo að gráta og það var frábært. Það var svo gott að heyra hana gráta. Ég vissi að það lofaði góðu. Sjúkrabíllinn kom svo rétt á eftir og tók við,“ segir Jóhann, sem segist vonast til þess að fá að hitta litlu stúlkuna þegar allir hafa jafnað sig á áfallinu. Ekkert reyndist ama að litlu stúlkunni þegar hún kom á sjúkrahús og var hún útskrifuð af Barnaspítala Hringsins skömmu eftir komu.



**SAUTJÁN ÁRA SUNDLAUGARVÖRÐUR** Jóhann Ingi Guðbergsson bjargaði lífi tveggja ára stúlku. Hann segist ekki viss um hvað hann ætli að leggja fyrir sig í lífinu en lækningar eða annað í þeim dúr komi vel til greina. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Ég er nú bara að ná áttum,“ sagði Jóhann um líðan sína eftir atvikið. Hann segist ekki vera ókunnugur að gæta barna og var á leið eftir vinnu sína á bensínstöð, þar sem hann starfar þegar hann er ekki á sundlaugarbakkanum, til að gæta ungra skyldmenna sinna.

„Hann er mikið lánsamur þessi piltur,“ sagði Jóhanna Gunnarsdóttir, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar, um yngsta starfsmann sinn sem sannaði sig svona eftirminnilega fyrstu viku sína í starfi. Hún segir fulla gæslu við sundlaugina og að starfsfólkið sé þjálfað í neyðarhjálp, meðal annars að lífga úr dauðadái.

Jóhann Ingi fer aftur í skóla í haust. Hann segist ekki viss um hvað hann ætli að leggja fyrir sig en vel geti verið að lækningar eða annað í þá átt verði fyrir valinu.

karen@frettabladid.is

Bush Bandaríkjaforseti:

## Vill Zoellick í stað Wolfowitz

**BANDARÍKIN, AP** Robert Zoellick, fyrrverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, tekur væntanlega við af Paul Wolfowitz sem bankastjóri Alþjóðabankans í byrjun júlí.



ROBERT ZOELLICK

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagðist í gær vilja fá Zoellick í embættið og enn sem komið er bendir ekkert til annars en að 24 manna framkvæmdastjórn bankans muni fallast á það.

Nýs bankastjóra bíður erfitt verkefni við að endurvekja traust og bæta samskipti, jafnt innan bankans sem út á við. - gb

Fastanefndir Alþingis:

## Nefndunum skipt eins og ráðuneytunum

**STJÓRNMÁL Ríkisstjórnarflokkarnir skipta með sér formannsembættum í nefndum Alþingis með sama hætti og ráðuneytum.**

**Á reglunni er þó sú undantekning að fjárlaganefnd lýtur formennsku samfylkingarþingmanns og utanríkismálanefnd sjálfstæðisþingmanns.**

**Sjálfstæðismenn fara því með formennsku í allsherjarnefnd, heilbrigðisnefnd, menntamálanefnd og sameinaðri landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd en Samfylkingarmenn hafa forræði yfir efnahags- og viðskiptanefnd, félagsmálanefnd, iðnaðarnefnd, samgöngunefnd og umhverfisnefnd.**

**Kosið verður í nefndir þingsins á þingfundi í dag.** - bþs

BÍLL DAGSINS
RENAULT MEGANE SCENIC 1.6
Nýskr. 07.01 - Beinskiptur - Ekinn 74 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Síðasti séns að fá sér smók á barnum:

# Reykingar kvaddar í kvöld

**NEYTENDUR** Reykingabann tekur gildi á morgun á veitinga- og skemmtistöðum landsins. Í tilefni af því verður mikið um dýrðir í kvöld. Sérstakt vindlakvöld verður haldið á Argentínu steikhúsi en Jón Eggert Víðisson yfirþjónn segir vindla selda á heildsöluverði í kvöld. „Við höfum sett saman fjögurra rétta matseðil í tilefni dagsins þar sem við bjóðum meðal annars upp á tóbaksreyktan ís og Davidoffreykt hreindýr. Við ætlum að kveðja þetta reykingatímabil með hvelli,“ segir Jón Eggert.

Reykingakveðjupoolmót útvarpsþáttarins Capone verður haldið á Áttunni í Hafnarfirði en verðlaunin eru sígarettukarton í tugatali. Arnar Þór Gíslason, eigandi Cafe Oliver, segir sumarfagnað Olivers hefjast klukkan hálfátta í kvöld. „Ég lofa því að við munum leggja okkur fram við að gera síðasta reykingadaginn ógleymanlegan á Oliver,“ segir Arnar Þór.

Á Prikinu verður svokallað „Smokey and the Bandit-kvöld“ þar sem selt verður tóbak á vægu verði eftir hvern rétt. Fólk verður einnig hvatt til að kveikja sér í um leið og orðið „smokey“ heyrist í hljóðkerfinu. - lbb



**VINDLAR Á HEILDSÖLUVERÐI** Vindlar úr safni Argentínu steikhúss standa reykingamönnum til boða á sanngjörnu verði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Stjúpur
20 stk í sérflokki
799
Snædrífa 3 litir 649
Petúnía 299
Sumarblóma sprengja
Sólboði
3 stk
999
Margaríta 599
Sýpris
799
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 30.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,04 | 62,34 |
| Sterlingspund | 122,47 | 123,07 |
| Evra | 83,25 | 83,71 |
| Dönsk króna | 11,172 | 11,238 |
| Norsk króna | 10,259 | 10,319 |
| Sænsk króna | 8,962 | 9,014 |
| Japanskt jen | 0,5095 | 0,5125 |
| SDR | 93,74 | 94,30 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,2095

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Benedikt páfi tekur á móti foreldrum týndu stúlkunnar Madeleine McCann:

# Fengu blessun frá páfanum

**PÁFAGARÐUR, AP** Gerry og Kate McCann, foreldrar fjögurra ára stúlku sem rænt var í Portúgal fyrir tæpum mánuði, gengu í gær á fund Benedikts sextánda páfa í Páfagarði í Róm.

„Hann var mjög vingjarnlegur, mjög einlægur,“ sagði Kate McCann um Benedikt páfa, sem veitti þeim blessun sína og sagðist ætla að biðja áfram fyrir dóttur þeirra.

„Þetta var miklu persónulegra en ég hefði nokkurn tímann getað ímyndað mér,“ sagði Gerry eftir að þau höfðu hitt páfa stuttlega á Péturstorginu.

Við komuna til Rómar í gær sagði Gerry McCann það blendnar tilfinningar að vera kominn þangað á fund páfa. „Við venjulegar kringumstæður hefði þetta verið eitt af því mest spennandi sem við gætum gert á ævinni, en sú staðreynd að við erum hér án Madeleine er okkur mjög ofarlega í huga.“

McCann-hjónin eru kaþólskrar trúar og páfi féllst strax á að hitta þau eftir að breski kardinálinn Cormac Murphy-O'Connor fór fram á það við Páfagarð.

McCann-hjónin hafa dreift myndum af dóttur sinni og biðja fólk um að dreifa þeim sem víðast. Á næstunni ætla þau að fara til Þýskalands, Hollands og Spánar í leit að dóttur sinni, en frá þessum löndum koma margir ferðamenn til ferðamannastaðarins í Portúgal þar sem dóttir þeirra hvarf. - gb



**PÁFI HITTIR GERRY OG KATE MCCANN** Talsmaður Páfagarðs sagði harmleik þeirra hjóna hafa snert páfa mjög. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisendurskoðandinn í Kína:

## Heimsækir Kárahnjúka

**UTANRÍKISMÁL Kínverski ríkisendurskoðandinn, hr. Li Jinhua, heimsækir Ísland nú í vikunni í boði Ríkisendurskoðunar ásamt sjö manna fylgdarliði. Heimsóknin er ætlað að treysta tengsl stofnananna og miðla þeim aðferðum og vinnubrögðum við endurskoðun opinberra aðila sem talin eru henta best hverju sinni.**

**Li Jinhua hefur fundað með Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda, kynnt sér starfsemi Ríkisendurskoðunar og gert grein fyrir starfi sínu í Kína. Hópurinn mun kynna sér virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka og ferðast nokkuð um landið.** - lbb



**SÖMU REGLUR GILDA** Magnús Gunnarsson formaður og Kjartan Þór Eiríksson framkvæmdastjóri Kadeco á Keflavíkurflugvelli. „Það gilda sömu reglur,“ segir Kjartan.

Keflavíkurflugvöllur:

## Rafmagn samræmist Evrópu

**KEFLAVÍK** Fyrirhugað er að breyta eða skipta um rafmagn í fasteignum á Keflavíkurflugvelli en rafmagnsmálin þar samræmast ekki Evrópureglum. Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, Kadeco, segir að unnið sé að útfærslu á málinu.

„Við erum að kanna með hvaða hætti verður staðið að þessu. Það þarf að gera ákveðnar endurbætur á kerfinu sjálfu. Langtímamarkmiðið er að dreifikerfið og allt rafmagn samræmist Evrópureglum,“ segir hann.

Rafmagnsmálin geta haft áhrif á fasteignaverðið, að mati Kjartans. „Það gilda sömu reglur hvað varðar þessi fasteignaviðskipti eins og önnur. Allur kostnaður er metinn inn í fasteignaverðið.“

Stefnt er að því að breytingar á rafmagninu komi til framkvæmda í haust. - ghs

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var hermt í frétt blaðsins í gær að Þorgeir Baldursson væri forstjóri Gutenberg. Þorgeir er forstjóri KVOS, sem er eignarhalds- og fjárfestingafélag í prentiðnaði. Helstu dótturfélög Kvosar eru Gutenberg, Prentsmiðjan Oddi, OPM prentsmiðja, OSK, Skólavörubúðin og Kassagerðin.

# Sautján setjast á þing í fyrsta sinn í dag

**Þing kemur saman í dag. Af þeim 24 nýju þingmönnum sem kjörnir voru í kosningunum 12. maí hafa sjö setið áður á þingi sem aðal- eða varamenn.**

**STJÓRNMÁL** Alþingi, hið 134. í röð löggjafarþinga, verður sett í dag.

Þingsetningin er venju samkvæmt formleg og hátíðleg og hefst með guðsþjónustu í Dómkirkjunni þar sem séra Jakob Ágúst Hjálmarsson dómkirkjuprestur og herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, þjóna fyrir altari.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setur þingið og að því loknu tekur starfsaldursforseti, Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, við fundarstjórn og stjórnar kjöri kjörbréfanefndar.

Þá verður gert um klukkustundar hlé á þingfundi á meðan kjörbréf eru rannsökuð.

Þingsetningarfundi verður fram haldið klukkan hálf fjögur þegar kjörbréf verða afgreidd og nýir þingmenn undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Forseti Alþingis og varaforsetar verða kjörnir, kosið verður í fastanefndir þingsins og að lokum hlutað um sæti þingmanna.

Í kvöld flytur Geir H. Haarde forsætisráðherra stefnuræðu sína og á eftir fara fram umræður um hana.

Í kosningunum 12. maí voru 39 þingmenn endurkjörnir en 24 nýkjörnir. Af þessum 24 hafa þrír setið áður á þingi, þeir Árni Johnsen (1983-1987 og 1991-2001), Ellert B. Schram (1971-1979 og 1983-1987) og Karl V. Matthíasson (2001-2003).

Fjórir til viðbótar hafa sest á þing sem varamenn, þau Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Grétar Mar Jónsson og Jón Magnússon.

Tveir varaþingmenn sitja sumarþingið í fjarveru aðalmanna, þær Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varamaður Ögmundar Jónassonar, og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, varamaður Jóns Bjarnasonar.

Af þeim sautján sem setjast á þing í dag í fyrsta sinn eru nokkrir þaulkunnugir þingstörfunum. Ármann Kr. Ólafsson, Illugi Gunnarsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir hafa öll verið aðstoðarmenn ráðherra og fjölmörg eiga að baki langa reynslu úr sveitarstjórnum og búa fyrir vikið að nokkrum samskiptum við þingið.

Ekki verður þingfundur á morgun en fundahald er fyrirhugað á mánudag. bjorn@frettabladid.is



**GENGIÐ TIL ÞINGS** Davíð Oddsson forsætisráðherra gengur inn í Alþingishúsið við þingsetningu árið 2003. Nú er þinghúsið klætt vinnupöllum og því þurfa þingmenn að ganga inn um Skála. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

### GAMLIR NÝIR ÞINGMENN



ÁRNI JOHNSEN



ELLERT B. SCHRAM



KARL V. MATTHÍASSON

Meint samráð ferðaskrifstofa:

## Talsvert viðamikil rannsókn

**SAMKEPPNI** Rannsókn Samkeppniseftirlits á hugsanlegu samráði innan Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) er „talsvert viðamikil“ og ekki er að vænta niðurstöðu alveg á næstunni, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins. Páll segir „ekki óeðlilegt að stjórnsýslumeðferð máls af þessu tagi taki nokkurn tíma.“



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

Málsmeðferð hjá samkeppnisyfirvöldum tekur þó mismikinn tíma. Á árunum 2000 til 2004 tók minnst 45 daga að koma máli til afgreiðslu, en mest 1.009 daga.

Húsleit var gerð hinn 3. mars hjá SAF og nokkrum ferðaskrifstofum. Hald var lagt á marga kassa af gögnum. - kóp

Maður dæmdur á skilorð:

## Ók ölvaður og flúði á hlaupum

**DÓMSMÁL Tvítugur maður hefur í Héraðsdómi Suðurlands verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir umferðarlagabrot, fyrir að aka ölvaður undan lögreglu í Vestmannaeyjum síðasta sumar og reyna svo að flýja á hlaupum. Hann rauf skilorð með brotinu.**

**Maðurinn var einnig ákærður fyrir að hafa stolið bíl próflaus og undir áhrifum áfengis síðla árs 2005 og velt bílnum. Maðurinn neitaði hvorki né játaði það brot og sagðist ekkert muna sökum ölvunar. Þar sem talsverðir annmarkar þóttu á rannsókn málsins var hann sýknaður af þeim ákærulið.** - sh




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**18°C Í GÆR - HLÝRRA Í DAG?**

Það er ennþá þetta hlýja loft yfir landinu og má búast við að hitinn nái hátt í 20 stig til landsins vestan til og einnig vestan til á Norðurlandi. Í gær fór hitinn í Reykjavík í 16°C og 18°C á Þingvöllum. Í dag eru líkur á léttskýjuðu veðri fyrir norðan en vestan til verður skýjað með köflum. Úrkomuvottur verður suðaustan og austan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Austan 5-10 m/s. Bjart með köflum. Hiti 12-16 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun




» laugardagur




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C hálfskýjað | London | 17°C skúrir | Alicante | 29°C hálfskýjað |
| Billund | 19°C léttskýjað | París | 21°C skúrir | Mallorca | 27°C hálfskýjað |
| Osló | 17°C skúrir | Frankfurt | 21°C skúrir | Basel | 21°C skúrir |
| Stokkhólmur | 17°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 15°C skúrir | Eindoven | 21°C skúrir |
| Gautaborg | 15°C heiðskírt | Berlín | 22°C hálfskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




NÝJAR VÖRUR Á

# 20 - 50 %

AFSLÆTTI Á KAUPHLAUPI

Komdu í Smáralind og gerðu góð kaup á nýjum sumarvörum á Kauphlaupi.

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að unglingar eigi að vinna í sumarfríinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 95,4% |
| Nei | 4,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Notar þú strætó einu sinni í viku eða oftar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Viðbrögð sóttvarnarlæknis vegna berklatilfellisins við Kárahnjúka:

# Um 180 manns í berklapróf

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 180 manns við Kárahnjúka, í Norðfirði og á Landspítalanum verða prófaðir vegna hættu á berklasmiti, í kjölfar þess að portúgölsk stúlka greindist með sjúkdóminn á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Stefán Þórisson, læknir á Egilsstöðum, telur ekki mikla hættu á því að sjúklingurinn hafi smitað samstarfsfólk sitt eða hjúkrunarstarfsmenn. Hins vegar sé allur varinn allur góður.

„Ef einhver veikist af berklum hjá manni fer fram mat á því hvort smithættan sé mikil eða lítil. Þá er gert ákveðið húðpróf á fólki í kringum þann veika. Síðan er lesið af því eftir tvo til þrjá daga. Það segir okkur hver staðan er á því fólki í dag. Svo þarf að endurtaka prófið eftir tvo mánuði til að vita hvort einhver hafi smitast af þessum sjúklingi,“ segir Stefán. Endanlegrar niðurstöðu er því ekki að vænta fyrr en þá.



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Heilbrigðisstarfsmenn Kárahnjúka munu á næstunni fara um svæðið með húðpróf og prófa það fólk sem stóð portúgölsku stúlkunni næst. MYND/KRISTÍN BOGADÓTTIR

Búið er að taka sýni af starfsfólki sjúkrahússins í Neskaupstað og heilbrigðisstarfsmenn við Kárahnjúka munu prófa starfsfólk þar á næstu dögum. **- kóþ**

Aðbúnaður við Kárahnjúka:

# Sendiherrann kemur í dag

**VINNUMARKAÐUR Portúgalski sendiherrann João António da Silveira de Lima Pimentel kemur til landsins í dag, að sögn Helgu Láru Guðmundsdóttur, ræðismanns Portúgals á Íslandi.**

**Sendiherrann mun rannsaka hvað sé hæft í umfjöllun portúgalskra fjölmiðla um aðbúnað verkamanna við Kárahnjúka.**

**Þar hefur því meðal annars verið haldið fram að Portúgalar fái lægri laun en Ítalir, að farið sé með þá eins og þræla og aðstæður séu allar hinar verstu.**

**Impregilo neitar þessu og segir eitt yfir alla ganga við Kárahnjúka.** **- kóþ**

HÁSKÓLI ÍSLANDS Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. **www.lagadeild.hi.is.**
**Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-**

# Neyddi fimm ára stúlku til munnmaka

**Maður dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum í Vogunum, vörslu barnakláms og fleiri brot. Lokkaði fimm ára stúlku inn í kofa á leikvelli með loforði um sleða. Sýknaður af ákærum um barnaníð.**

**DÓMSMÁL** Tuttugu og sex ára karlmaður, Hlynur Freyr Kristjánsson, hefur verið dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum, fimm og níu ára, vörslu barnakláms, fíkniefnabrot og umferðarlagabrot. Hlynur var sýknaður af tveimur ákærum um kynferðisbrot gegn tveimur börnum til viðbótar.

Ákæran var í átta liðum, þar af fimm fyrir kynferðisbrot. Það alvarlegasta átti sér stað í janúar í Vogahverfinu. Þá lokkaði hann fimm ára stúlku inn í kofa á leikvelli undir því yfirskyni að hann ætlaði að gefa henni sleða sem þar væri geymdur og lét hana snerta getnaðarlim sinn og hafa við sig munnmök.

Hlynur neitaði sök í þeim lið en viðurkenndi að hafa verið á leikvellinum og hitt stúlkuna. Stúlkan var hins vegar mjög nákvæm og greinargóð í vitnisburði sínum, og þótti dómnum „óraunhæft að gera ráð fyrir því að svo ungt barn [lýsti] ítrekað atburðum eins og hún gerði án þess að þeir hafi raunverulega átt sér stað.“ Var maðurinn því sakfelldur fyrir þann lið.

Hlynur var einnig ákærður fyrir að hafa sýnt annarri fimm ára stúlku getnaðarlim sinn á leikvelli í desember, en var sýknaður af því. Hlynur kvaðst á þeim tíma ekki hafa stundað þá óreglu sem hann hóf um áramót, auk þess sem engin stúlknanna þriggja sem á leikvellinum voru umræddan dag þekkti Hlyn við sakbendingu. Ákæruvaldið byggði sönnunarfærsluna á því að atburðurinn líktist svo mjög brotinu gegn fimm ára stúlkunni í janúar. Það þótti ekki nægja til sakfellingar og þótti ósannað að maðurinn hefði verið á svæðinu þennan dag.

Þá var hann ákærður fyrir að hafa sama dag og hann braut gegn fimm ára stúlkunni kallað tvær stúlkur, níu og tólf ára, að bíl sínum, sýnt þeim klámfengnar myndir og spurt þá eldri hvort hún vildi sjá lim hans. Hann játaði að hafa sýnt báðum klámmynd, en neitaði því síðastnefnda. Hann var dæmdur fyrir brotið gegn þeirri níu ára, en sýknaður af hinu, annars vegar vegna þess að ljóst þótti að myndin sem hann sýndi eldri stúlkunni hefði verið af konum íklæddum bikiníi, sem dómnum þótti ekki klámfengið, og hins vegar vegna óskýrs framburðar stúlkunnar.

Þá var hann dæmdur fyrir vörslu yfir 1.100 barnaklámmynda, og fyrir akstur án ökuréttinda og undir áhrifum lyfja.

Hann var jafnframt dæmdur til að greiða fimm ára stúlkunni 800 þúsund krónur í bætur, og þeirri níu ára hundrað þúsund. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Málið dæmdu Guðjón St. Marteinsson, Ásgeir Magnússon og Sigríður Ólafsdóttir.

**stigur@frettabladid.is**



**LEIKVÖLLUR** Maðurinn var meðal annars sýknaður af ákæru um að hafa berað getnaðarlim sinn fyrir framan fimm ára stúlku á leikvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 37559 05/07

30% afsláttur af Vega vítamínum

Acidophilus Bifidus + FOS
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

Milk Thistle DETOX
Hreinsaðu líkamann að innan.

Champignon DETOX + FOS og Spirulina
Hreinsaðu líkamann að innan
- minnkar óæskilega lykt.

Psyllium Husk Fibre
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið lægra verð

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

Námsmatsstofnun fær gögn til að greina einhverfu:

# Ný gögn auðvelda greiningar

**FÉLAGSMÁL** Fulltrúar Íslenskrar erfðagreiningar afhentu í gær Námsmatsstofnun gögn og mælitæki til greiningar á einhverfu. Gögnin eru meðal annars nákvæmir spurningalistar til skimunar og greiningar á einhverfurófi og þykja þeir veita einna haldbesta svör sem fáanleg eru um ástand barna. Íslenska útgáfan er afrakstur rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar en fyrirtækið þýddi og staðfærði gögnin í samstarfi við Greiningarstöð ríkisins og Barna- og unglingadeild Landspítalans. Fagfólk sem vinnur að málefnum einhverfra getur nálgast greiningartækin hjá Námsmatsstofnun.

Miklir biðlistar hafa myndast hjá Greiningarstöð ríkisins. Fréttablaðið hefur greint frá því að nú bíði 270 börn greiningar en biðin er orðin um tvö ár meðal leikskólabarna og þrjú ár meðal grunnskólabarna. Skimunartækið sem er meðal þeirra sem notuð eru er talið einfalda forgangsröðun barna fyrir greiningu. „Biðlistarnir eiga þó ekki eftir að styttast nú í bráð. Langtímasjónarmið okkar er þó að með því að fleiri læri þær aðferðir sem viðhafðar hafa verið á Greiningarstöðinni dreifist álagið og með því styttist biðin,“ segir Evald Sæmundsen, sálfræðingur hjá Greiningarstöð ríkisins. Hann segir að skimunartækin geri svo kleift að finna börn sem þurfi aðstoð fyrr en áður.

Námsmatsstofnun hefur umsjón með uppfærslum og þjálfun við notkun mælitækjanna. **- kdk**



**AÐALHÖFUNDUR MÆLITÆKJANNA** Dr. Catherine Lord, einn helsti sérfræðingurinn í einhverfu og einn aðalhöfundur mælitækjanna, var viðstödd afhendingu tækjanna. Tækin eiga meðal annars að einfalda forgangsröðun fyrir greiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





# PLANKAPARKET

## Hágæða parket frá Tarkett á tilboði um helgina



5.390 m² **Tarkett Epoque,** eikarplanki
burstaður, fasaður, mattlakkaður
146811



3.940 m² **Tarkett Bravo,** hlynur
3ja stafa parket, silkimatt lakk
146810



6.980 m² **Tarkett Epoque,** Merbau planki
fínleg fösun, mattlakkaður
146836



5.690 m² **Tarkett Epoque,** eikarplanki
fínleg fösun, silkimatt lakk
146832



3.290 m² **Barlinek,** eikarparket
3ja stafa, hvíttað, mattlakkað
146906



3.390 m² **Barlinkek,** askarparket
3ja stafa, hvíttað, mattlakkað
146912



5.290 m² **Geo,** plankaparket
Eik Natur, mattlökkuð
146006



6.795 m² **Geo,** plankaparket
Hnota Natur, olíuborin
146002



# FLÍSAR

## Gólf- og veggflísar í frábæru úrvali



1.750 stk **Listello Défile Ecru/Perle,**
bekkflísar, 5x25 sm
8630817/18



1.890 stk **Frisé Défile Ecru/Perle,**
bekkflísar, 5x40 sm
8630815/16



2.620 m² **Abando Basalto,**
veggflísar, 27x41,5 sm
8600541



2.620 m² **Moyúa Marron**
veggflísar, 27x41,5 sm
8600546

*Tilboðin gilda ekki á stjörnumerktum vörum

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI

HÆTTU Í ALVÖRU

• Skynsöm leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
• NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjöru í filternum.
• Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.





Fæst í næsta apóteki

Perkins Powerpart




HEKLA er umboðsaðili Perkins á Íslandi

Veldu aðeins viðurkennda varahluti

HEKLA VÉLASVIÐ | Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími 590 5100 | www.hekla.is/velasvid


VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD




BS NÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands býður upp á hagnýtt og framsækið BS nám í viðskiptafræði.

Fjórar námsleiðir:
- Fjármál
- Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- Reikningshald
- Stjórnun og forysta

Nemendur geta nýtt sér fjölbreytileika HÍ og tekið valnámskeið m.a. í tungumálum, lögfræði, sagnfræði, tölvunarfræði eða stjórnmálafræði.

Námið er góður undirbúningur fyrir fjölbreytt störf í atvinnulífinu og framhaldsnám í viðskiptafræði eða skyldum greinum.

Framúrskarandi aðstaða verður tekin til notkunar fyrir nemendur deildarinnar í haust.

Umsóknarfrestur til 5. júní.

Árleg skráningargjöld: 45.000 krónur.

Nánari upplýsingar á vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37818 05/07


Indónesía hefur til þessa verið fjölmennasta ríki heims sem ekki er með ræðismann:

# Sveinn Andri skipaður ræðismaður Indónesíu hér á landi

**UTANRÍKISMÁL** Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður verður í dag skipaður ræðismaður Indónesíu hér á landi. Indónesía er fjölmennasta ríkið sem ekki hefur haft ræðismann hér á landi til þessa.

Sveinn Andri segir þetta vera mikinn heiður og vonast til þess að geta hjálpað til við að styrkja samband Íslands og Indónesíu. „Það eru miklir möguleikar fyrir ýmis íslensk fyrirtæki og fjárfesta í Indónesíu, ekki síst á sviði orkumála, en Indónesía er mjög rík af jarðvarma og sérfræðiþekking á því sviði er óvíða meiri en hér á landi. Ég lít svo á að ég geti lagt lóð á vogarskálarnar til þess greiða fyrir jákvæðum samskiptum á þessum sviðum, sem og öðrum.“


SVEINN ANDRI SVEINSSON

Ólafur Egilsson, fyrrverandi sendiherra, leitaði til Sveins Andra fyrir nokkru síðan en nokkurn tíma hefur tekið að ganga frá skipuninni. Sveinn Andri hefur unnið lögmannsstörf fyrir fólk sem kemur frá ýmsum nágrannaríkjum Indónesíu í Asíu, og þekkir vel aðstæður fólks frá þessum heimshluta sem býr hérlendis. - mh

# Höfum lyft grettistaki segir stjórnarformaður

**Stjórnarformaður Strætó segir ekki rétt hjá bæjarstjórum Seltjarnarness og Kópavogs að óstjórn sé á fyrirtækinu. Þvert á móti hafi verið lyft grettistaki í rekstrinum eins og tölur sem birtar verða fljótlega muni sýna.**

**SAMGÖNGUR** „Þarna gætir misskilnings því það er alveg ljóst að rekstur Strætó hefur tekið stökkbreytingu nánast frá þeim degi sem núverandi stjórn tók til starfa eftir sveitarstjórnarkosningar í fyrra,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætó bs., um gagnrýni á rekstur fyrirtækisins frá Gunnari I. Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi, og Jónmundi Guðmarssyni, bæjarstjóra á Seltjarnarnesi.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Jónmundi Guðmarssyni að illa væri haldið á stjórn Strætó og Gunnar I. Birgisson sagðist hafa lagt til á stjórnarfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) að minni sveitarfélögin tæku sig saman um rekstur strætólínu sem næði frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Hið sameiginlega Strætó bs. yrði þá lagt niður. Auk þess að vera formaður stjórnar Strætó er Ármann forseti bæjarstjórnar í Kópavogi. Hann segir samstarfið innan stjórnar Strætó hafa verið mjög gott og þess vegna komi honum deilur um Strætó á vettvangi stjórnar SSH á óvart.

Ármann segir aðgerðir stjórnar Strætó hafa leitt til þess að reksturinn hafi verið nánast á sléttu á síðari hluta ársins. Allt bendi til þess að tölur fyrir fyrstu fjóra mánuði þessa árs muni sýna að rekstraráætlanir standist nær fullkomlega. Í fyrra hafi hins vegar verið nítján prósent halli á rekstrinum á fyrstu fjórum mánuðunum miðað við áætlanir. „Menn munu sjá að það hefur verið lyft Grettistaki varðandi reksturinn,“ segir hann.


**STRÆTÓ** Bæjarstjórar Kópavogs og Seltjarnarness telja Strætó bs. í blindgötu en stjórnarformaður fyrirtækisins segir það komið á rétta leið eftir hallarekstur síðustu ára.


**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON** Stjórnarformaður Strætó bs.


**GUNNAR I. BIRGISSON** Bæjarstjóri Kópavogs.


**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** Bæjarstjóri Seltjarnarness.

Að sögn Ármanns gætir einnig misskilnings varðandi þá ákvörðun Reykjavíkurborgar að gefa hópi námsmanna frítt í strætó.

„Það er ekkert í samkomulagi byggðasamlagsins sem bannar einu sveitarfélaginu að vera með sértækar aðgerðir innan síns sveitarfélags,“ segir Ármann. „Þótt það geti verið erfitt pólitískt er í sjálfu sér ekkert flókið við það að láta alla námsmenn í Reykjavík fá sérstök skírteini sem gilda fram á næsta vor. Það fellur enginn aukakostnaður á Strætó vegna þess, því Reykjavíkurborg ætlar að borga fyrir það, rétt eins og Hafnarfjarðarbær ber kostnaðinn af því að gefa sínum eldri borgurum frítt í Strætó.“

Þá segir Ármann það rétt hjá Jónmundi Guðmarssyni að kostnaður Seltjarnarness hafi hækkað mikið. Samt sem áður sé Seltjarnarnes að borga minnst allra sveitarfélaga á hvern íbúa: „Skýringin á því að þeir voru langlægstir er sú að Reykjavíkurborg greiddi niður kostnað Seltjarnarnesbæjar þegar þeir fóru inn í byggðasamlagið.“ gar@frettabladid.is

Utanríkisráðherrar Afganistans og Pakistans á fundi G8-ríkjanna:

# Ætla að vinna meira saman

**ÞÝSKALAND, AP** Að loknum fundi með utanríkisráðherrum G8-ríkjanna ákváðu utanríkisráðherrar Afganistans og Pakistans að efla samvinnu milli ríkisstjórna landanna tveggja.

Rangin Radfar Danta, utanríkisráðherra Afganistans, og Khursid Kasuri, utanríkisráðherra Pakistans, sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir sögðust ítreka vilja ríkisstjórna beggja landanna til þess að styrkja samvinnu og samskipti „á öllum sviðum, en sérstaklega þó á sviði öryggismála, málefna flóttamanna, efnahagsþróunar og aukinna samskipta milli þjóða“.

Fundurinn var haldinn í Potsdam skammt fyrir sunnan Berlín og var öryggisgæsla gífurlega mikil. Svartklæddar leyniskyttur gættu dyra ráðstefnuhússins og þyrlur sveimuðu fyrir ofan.

Leiðtogafundur G8-ríkjanna, sem er hópur stærstu iðnríkja heims, verður haldinn í Heiligendamm í Þýskalandi dagana 6. til 8. júní næstkomandi. Utanríkisráðherrafundurinn er einn af mörgum ráðherrafundum G8-hópsins sem haldnir hafa verið til undirbúnings leiðtogafundinum.

Auk þess að ræða við utanríkisráðherra Afganistans og Pakistans eru meðal annars málefni Kosovo til umræðu á fundi utanríkisráðherranna, sem hafa átt erfitt með að fá Rússa til að fallast á hugmyndir Sameinuðu þjóðanna um framtíð héraðsins. - gb


**ÞRÍR UTANRÍKISRÁÐHERRAR** Margaret Beckett frá Bretlandi, Condoleezza Rice frá Bandaríkjunum og Bernard Kouchner frá Frakklandi við komuna til Potsdam í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Verðlækkun

## sparið allt að 10.000 kr.

Prostyle
13 ár á Íslandi

## 26" Infinity

ÞÚ SPARAR 10.000 kr

TILBOÐ 39.999 kr
Verð áður 49.999-





ÞÚ SPARAR 3.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 14.999 kr
Verð áður 17.999-

### 20" Nitro


ÞÚ SPARAR 3.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 14.999 kr
Verð áður 17.999-

### 20" Rider


ÞÚ SPARAR 5.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 24.999 kr
Verð áður 29.999-

### 20" Free Style


ÞÚ SPARAR 4.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 23.999 kr
Verð áður 27.999-

### 24" White Pearl


ÞÚ SPARAR 4.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 23.999 kr
Verð áður 27.999-

### 24" Extreme


ÞÚ SPARAR 5.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 14.999 kr
Verð áður 19.999-

### 26" Hill Rider


ÞÚ SPARAR 5.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 24.999 kr
Verð áður 29.999-

### 26" City Racer


ÞÚ SPARAR 5.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 24.999 kr
Verð áður 29.999-

### 26" City Cruiser


ÞÚ SPARAR 5.000 kr
SHIMANO
TILBOÐ 14.999 kr
Verð áður 19.999-

### 26" Dirt Rider

Gildir til 3. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Á UPPLEIÐ Í LÍFINU** Þessi ungi pandabjörn er einbeittur á svip þegar hann baslar við að klífa upp trégrind í Chengdu-rannsóknarstöðinni fyrir risapöndur í Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Mál stóru olíufélaganna þriggja gegn samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu:

# Kröfu olíufélaganna hafnað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hafnaði í gær kröfu lögmanna olíufélaganna Kers, Skeljungs og Olís, um að Sigrún Guðmundsdóttir myndi víkja sæti sem dómari í máli félaganna gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu.

Fyrirtöku í málinu var jafnframt frestað til 14. júní en það var á dagskrá héraðsdóms í gær.

Lögmenn olíufélaganna gerðu kröfu um að Sigrún myndi víkja þar sem þeir töldu hana ekki geta dæmt í málinu með hlutlausum hætti, vegna dómsorða sem hún stóð að í máli Sigurðar Hreinssonar gegn Keri. Í sératkvæði hennar kom fram að það væri „óumdeilt að samráð olíufélaganna hefði valdið tjóni“ og „hækkað verð á eldsneyti“. Sigrún féllst ekki á kröfu lögmannanna, sem kærðu þá niðurstöðu til Hæstaréttar.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Olíufélögin krefjast þess að sektir vegna óumdeilds samráðs verði ógildar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í máli Sigurðar var Ker dæmt til greiðslu fimmtán þúsund króna bóta vegna samráðsins.

Olíufélögin krefjast þess að sektir sem samkeppnisyfirvöld lögðu á félögin vegna samráðsins, samtals 1,5 milljarðar, verði dæmdar ógildar.

Í október 2004 voru olíufélögin sektuð um rúmlega 2,6 milljarða króna fyrir brot gegn samkeppnislögum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði sektirnar niður í 1,5 milljarða en mestu munaði um 650 milljóna króna lækkun sektar Skeljungs.

- mh

Kviknaði í feiti í potti:

# Flutt á sjúkrahús eftir bruna

**ELDUR Kona var flutt á slysadeild eftir að eldur kviknaði í íbúð á Seltjarnarnesi í gærmorgun.**

**Eldurinn kviknaði í feiti í potti á eldavél. Þegar slökkviliðið bar að garði hafði fyrrverandi slökkviliðsmaður, sem var staddur á vettvangi, náð að slökkva mesta bálið með brunaslöngu.**

**Greiðlega gekk að slökkva eldinn en reykræsta þurfti íbúðina, sem er mikið skemmd. Tvennt var í íbúðinni þegar eldurinn kom upp og var kona á sextugs aldri flutt á slysadeild. Að sögn læknis er líðan hennar stöðug og ekki mikil einkenni um reykeitrun.**

- þo

Þingflokkur Samfylkingarinnar:

# Lúðvík þingflokksformaður

**STJÓRNMÁL** Lúðvík Bergvinsson var í gær kjörinn formaður þingflokks Samfylkingarinnar.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**

Hann tekur við embættinu af Össuri Skarphéðinssyni.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir var kjörin varaformaður þingflokksins og Árni Páll Árnason ritari hans.

- bþs

## NÁTTÚRAN

### Spánarsnigillinn svo lítill

Of snemmt er að segja til um hvernig Spánarsnigillinn svokallaði sem barst hingað til lands í fyrra dafnar hér á landi. Erling Ólafsson skordýrafræðingur segir að snigillinn sé svo lítill nú snemma sumars að eðlilegt sé að fólk verði ekki vart við hann. Síðar í sumar komi í ljós hvort hann hefur numið hér land og hver áhrifin verða.

## DÓMSMÁL

### 135 þúsund fyrir 14 grömm

Rúmlega þrítugur maður, sem var tekinn með fjórtán grömm af amfetamíni við húsleit lögreglu á heimili hans í mars síðastliðnum, hefur verið dæmdur til að greiða 135 þúsund krónur í sekt.

# Chavez hótar nú að loka annarri stöð

**Fjölmennir útifundir bæði andstæðinga og stuðningsmanna forsetans víða í Venesúela síðustu daga. Chavez segir einkarekna fjölmiðla hvetja til ofbeldis.**

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, lætur mótmæli þúsunda landsmanna sinna sem vind um eyru þjóta og segist hafa verið í fullum rétti að loka einkarekinni sjónvarpsstöð um síðustu helgi. Nú hótar hann því að loka annarri sjónvarpsstöð, sem hann segir hafa hvatt fólk til að ráða sig af dögum.

„Ég mæli með því að þeir taki róandi lyf, hægi aðeins á sér, því ef þeir gera það ekki þá ætla ég að hægja á þeim,“ sagði Chavez í ræðu á þriðjudaginn. Þar átti hann við Globavision, sem er einkarekin sjónvarpsstöð rétt eins og Radio Caracas Television, sem hætti útsendingum um síðustu helgi eftir að Chavez neitaði að framlengja útsendingarleyfi hennar.

Hann útskýrði reyndar ekki nánar hvað hann ætti við, en sagði bæði dagblöð og sjónvarpsstöðvar hvetja til óeirða og ofbeldis. Hann bað stuðningsmenn sína um að „vera á verði“ og hvatti opinbera embættismenn til þess að fylgjast náið með fjölmiðlum.

Allt þetta sagði Chavez í ræðu á þriðjudagskvöldið, meðan þúsundir manna mættu til útifunda víðs vegar um land, ýmist til að lýsa andstöðu sinni við aðgerðir forsetans eða til að lýsa stuðningi sínum við hann. Andstæðingar hans kröfðust frelsis en stuðningsmennirnir mótmæltu tilraunum stjórnarandstöðunnar til að koma af stað óeirðum. Tugir slíkra funda hafa verið haldnir í Venesúela á síðustu dögum.



**MÓTMÆLI Í CARACAS** Háskólanemar köstuðu táragassprengju frá lögreglunni aftur til baka á mótmælafundi í Caracas á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðleg samtök um fjölmiðlafrelsi, Evrópusambandið, öldungadeild þingsins í Chile og mannréttindasamtökin Human Rights Watch hafa lýst áhyggjum sínum af lokun sjónvarpsstöðvarinnar RCTV.

„Þetta er einræði“ hrópuðu andstæðingar forsetans á mótmælafundum á þriðjudaginn, en stuðningsmenn hans sögðust ekki sakna sjónvarpsstöðvarinnar.

„RCTV var rusl. Dagskráin var hræðileg, tóm lágkúra. Ekki einu sinni stjórnarandstaðan horfði á hana,“ sagði Elena Pereira, enskuprófessor í ríkisháskóla í Venesúela. „Þeir vilja bara ástæðu til að steypa stjórninni.“ Mótmælafundirnir á þriðjudaginn fóru friðsamlega fram, en á mánudaginn kom til átaka mótmælenda og lögreglu í Caracas, höfuðborg landsins. Lögreglan beitti táragasi og sagði nítján lögreglumenn slasaða, en engar tölur voru nefndar um fjölda slasaðra mótmælenda.

- gb


**Dagur án tóbaks - 31. maí!**

**Viltu aðstoð við að hætta að reykja eða nota annað tóbak?**

**Reyksíminn býður upp á faglega aðstoð!**

**Láttu drauminn rætast og losnaðu úr klóm tóbaksins!**

Það er rétt að þetta er að mjög miklu leyti spurning um hugarfar. Mikilvægt er að þú gerir þér grein fyrir því. Þú verður að byggja upp það hugarfar með sjálfum / sjálfri þér að þér muni takast þetta. Stappaðu í þig stálinu og segðu við sjálfan þig: Ég veit að ég get þetta! Mér mun takast þetta! Þú skalt líka þiggja allan þann stuðning sem þér býðst.

Í tilefni dagsins höfum við opið frá kl. 10 - 22.

**Ertu tilbúinn að hefja nýtt líf án tóbaks?**

Bendum einnig á heimasíðu okkar www.8006030.is





Ný könnun um kynjahlutfall í 100 stærstu fyrirtækjum landsins:

# Færri konur í stjórn en áður

**JAFNRÉTTI** Í stjórn 71 prósents íslenskra fyrirtækja er enga konu að finna, sé miðað við þau 100 fyrirtæki sem mesta veltu hafa.

Þetta kemur fram í könnun um hlutfall kvenna í stjórnum og æðstu stöðum, sem unnin var af Rannsóknasetri vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst.




Í þremur fyrirtækjanna er stjórnarformaðurinn kona, en þess ber að geta að ein þeirra er pólitískt skipuð.

Fyrirtækjum með skriflegar jafnréttisáætlanir hefur fækkað frá árinu 2005. Þá var 61 prósent stærstu fyrirtækja með slíka áætlun, en nú státar þriðjungur fyrirtækjanna af jafnréttisáætlun.

Alls skipa konur átta prósent stjórnarsæta, eða 32 af 408. Hlutfallið var hærra árið 2005, eða tólf prósent. Reyndar stóðu konur almennt séð betur að vígi árið 2005 en í ár, utan að af forstjórum og framkvæmdastjórum eru nú fjórtán prósent konur en voru tíu prósent fyrir tveimur árum.

Elín Blöndal, forstöðumaður Rannsóknasetursins, segir niðurstöður ekki koma sérstaklega á óvart.

„Ég hefði viljað sjá einhverja merkjanlega hreyfingu milli ára, en svo er ekki,“ segir hún.

Elín bendir á að taka þurfi tillit til þess að ekki er í öllum tilfellum um sömu fyrirtækin að ræða. Af þeim 100 stærstu eru 63 ný á lista.

**- kóþ**






**BROTTNUMNDIR** Íraskur hermaður á verði við inngang byggingarinnar þar sem mannránið átti sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bretum rænt í Bagdad:

## Rassía gerð í Sadr-hverfinu

**ÍRAK, AP** Hundruð íraskra og bandarískra hermanna lokuðu hluta af borgarhverfinu Sadrborg í Bagdad í gær af og gengu hús úr húsi í leit að fimm Bretum, sem var rænt úr stjórnarbyggingu skammt frá daginn áður.

Mennirnir fimm voru á þriðjudag dregnir út úr byggingu íraska fjármálaráðuneytisins af um 40 þungvopnuðum mönnum í lögreglubúningum og ekið burt í heilli lest jeppa inn í Sadr-borg, að sögn íraskra embættismanna. Háttsettur Íraki sagði Mahdiherinn, vopnað lið sjía-klerksins Moktada al-Sadr, grunaðan um verknaðinn. **- aa**

Einu skrefi nær útgáfu:

## iPhone fær fjarskiptaleyfi

**BANDARÍKIN** Bandaríska fjarskiptastofnunin gaf Apple á dögunum leyfi til að selja farsíma sinn iPhone. Með leyfinu er nú ekkert því til fyrirstöðu að Apple hefji sölu á símanum í júní, eins og áætlað var. Öll fjarskiptatæki þurfa leyfi stofnunarinnar áður en þau fara á markað.



**IPHONE** Síminn er með stóran snertiskjá og býður upp á nýtt notendaviðmót.

Síminn er í raun farsími, lófatölva og iPod-spilari í einu og sama tækinu. Hann hefur notið gríðarlegra vinsælda allt frá hann var kynntur í janúar síðastliðnum og er búist við að hann seljist grimmt þegar hann kemur á markað.

Evrópubúar þurfa þó að bíða til ársloka eftir gripnum. **- sþs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### 100 ökumenn óku of hratt

Talsverð umferð var í höfuðborginni um hvítasunnuhelgina og voru 100 ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur frá föstudegi til mánudags. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði einnig tuttugu ökumenn sem eru grunaðir um ölvun við akstur.

## ALÞINGI

### VG velur þingflokksformann

Ögmundur Jónasson verður áfram formaður þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Katrín Jakobsdóttir verður varaformaður þingflokksins og Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

REYKLAUSIR VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐIR
1. JÚNÍ 2007
LÝÐHEILSUSTÖÐ

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Sérfræðingar á vegum Microsoft kanna aðstæður fyrir netþjónabú hér á landi:

# Þarf 50 megavött af raforku

**VIÐSKIPTI** Sérfræðingar Microsoft komu hingað til lands í byrjun vikunnar til að kanna aðstæður til að koma upp netþjónabúi hér á landi. Slík starfssemi tekur svipað pláss og sjö til átta knattspyrnuvellir og notar um 50 megavött af raforku.

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, segir sérfræðingana hafa verið hér á landi í um sólarhring. Á þeim tíma hafi þeir einkum rætt við hérlenda aðila um sæstrengi og við íslensk orkufyrirtæki um kaup á raforku. Netþjónabú (e. server farm) af þeirri stærðargráðu sem Microsoft hyggst reisa notar um 50 megavött af raforku, sem er þriðjungur orkuframleiðslu Blönduvirkjunar.


HALLDÓR JÖRGENSSON

Microsoft mun nú vinna úr gögnum sem aflað var, en val um staðsetningu á netþjónabúi stendur á milli átta til tíu landa. Listinn verður skorinn niður í þrjú lönd áður en ýtarlegri úttekt á staðsetningarmöguleikum fer fram.

Halldór segir að Ísland hafi ýmsa kosti fyrir Microsoft. Stjórnvöld í öðrum löndum virðist þó meðvitaðri en íslensk stjórnvöld um kosti þess að fá slíka starfsemi til sinna landa. Um fimmtíu vel launuð sérfræðistörf myndu skapast, opnaði Microsoft netþjónabú hér á landi.

Til að netþjónabú verði að veruleika verður að leggja nýjan sæstreng til landsins, auk þess sem 50 megavött af orku liggja ekki á lausu, segir Halldór. Hann segir að Microsoft hafi hug á því að hefja starfsemi innan tveggja til þriggja ára, og því skipti miklu hvenær strengur og orka verði fáanleg hér á landi. - bj

Fíkniefni fundust í bílum:

## Fíkniefnahundur sannar sig

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Blönduósi hafði afskipti af tveimur ungum ökumönnum í gær sem grunaðir voru um að hafa fíkniefni í fórum sínum. Mennirnir voru færðir á lögreglustöðina þar sem leitað var í bílum þeirra.**

**Fíkniefnahundur lögreglunnar fann nokkur grömm af kannabisefnum í öðrum bílnum en eigandi hins bílsins benti lögreglumönnum á kannabisefni í bíl sínum.**

**Lögreglan segir óvíst að efnin hefðu fundist hefði hundsins ekki notið við. Mál mannanna teljast upplýst.** - þo






Forsetakjör í Ísrael:

## Shimon Peres býður sig fram

**ÍSRAEL, AP** Shimon Peres, aðstoðarforsætisráðherra Ísraels, greindi í gær frá því að hann ætlaði að bjóða sig fram til forseta. Ísraelsþing kýs forseta landsins hinn 13. júní næstkomandi.


SHIMON PERES

Núverandi forseti, Moshe Katzav, hefur sætt alvarlegum ásökunum um nauðganir og kynferðislega áreitni gagnvart starfsfólki sínu.

Peres, sem er 83 ára, bauð sig fram til forseta fyrir sjö árum en þá varð Katzav fyrir valinu. Peres hefur verið þingmaður síðan árið 1959 og hefur gegnt ýmsum helstu valdaembættum landsins. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Innbrot í fyrirtæki á Akureyri

Brotist var inn í tvö fyrirtæki á Akureyri aðfaranótt mánudags. Ekki var miklu stolið en eitthvað var skemmt og var hljómflutningstækjum stolið úr bifreiðum á öðrum staðnum. Lögregluna grunar hverjir þarna voru að verki.


**LÆKNANEMAR** Af þeim sem tóku þátt í könnuninni höfðu flestir áhuga á að verða læknar í framtíðinni. Hjá stúlkum var hjúkrunarfræðin vinsælust en strákar höfðu mestan áhuga á að leggja smíði fyrir sig. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

# Strákar hafa meiri væntingar til launa

**Íslenskir karlmenn á tvítugsaldri reikna með að fá hærri laun fyrir sömu störf en konur á sama aldri. „Vísbending um að við lifum enn í heimi kynbundins vinnumarkaðar," segir formaður Jafnréttisráðs.**

**VINNUMARKAÐUR** Íslenskir karlmenn á aldrinum 18 til 23 ára hafa meiri væntingar til launa en jafnöldrur þeirra fyrir sömu störf. Strákar sem hafa áhuga á að verða læknar reikna með að fá laun sem eru um þrjátíu prósentum hærri en hjá jafngömlum stúlkum sem vilja verða læknar.

Jafnréttisráð kynnti í gær niðurstöður könnunar sem Capacent Gallup gerði. Henni var ætlað að kanna viðhorf til starfa og væntingar til launa á meðal ungs fólks.

Spurt var um viðhorf ungmenna til tíu starfa; læknis, kennara, lögfræðings, starfsmannastjóra, markaðsstjóra, hjúkrunarfræðings, smiðs, verðbréfamiðlara, kerfisstjóra og launagjaldkera.

Áhugi á viðkomandi starfi var kannaður ásamt því sem þátttakendur mátu hvaða laun þeir teldu líklegt að fá fyrir þau störf sem þeir höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á að sinna í framtíðinni.

Í átta störfum af tíu reiknuðu karlmenn með að fá hærri laun en konurnar. Munurinn var tölfræðilega marktækur hjá tveimur þeirra; lækni og lögfræðingi. Þeir karlar sem höfðu áhuga á að vera læknar reiknuðu að jafnaði með að fá 574 þúsund krónur á mánuði en konurnar reiknuðu með 440 þúsundum. Karlar með áhuga fyrir lögfræði töldu líklegt að fá 561 þúsund á mánuði en konurnar 436 þúsund.

„Mér finnst niðurstöðurnar gefa ákveðna vísbendingu um að við lifum enn í heimi kynskipts vinnumarkaðar. Þegar konurnar eru spurðar um launavæntingar verðleggja þær sig lægra en karlar," segir Fanný Gunnarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs. Hún ætlar að senda könnunina til allra grunn- og framhaldsskóla í von um að niðurstöðurnar verði nýttar í kennslu og fræðslu um íslenskan vinnumarkað og sem innlegg í jafnréttisumræðu í skólunum.

Þegar spurt var um áhuga á störfum voru læknir, kennari og lögfræðingur vinsælustu störfin óháð kyni. Hjá körlum höfðu flestir áhuga á að vera smiðir og lögfræðingar, en konurnar höfðu mestan áhuga á að starfa sem hjúkrunarfræðingar og læknar. Úrtakið var átta hundruð manns, handahófsvalið úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 54 prósent.

salvar@frettabladid.is


VoltarenEmulgel®
Diklófenak tvíetýlamín 11,6 mg

*Af hverju meðhöndla allan líkamann þegar þér er bara illt á einum stað?*

*Voltaren Emugel dregur úr verkjum og minnkar staðbundnar bólgur í sinum, vöðvum og liðum*




Voltaren Emugel® er notað sem stað-bundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan, Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

*Fæst án lyfseðils*

www.lyfja.is
LYFJA – Lifið heil
LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

# KRÓNAN
fyrst og fremst...

## ...í sumar!

25% afsláttur

25% afsláttur

1249 kr. kg
Goða grísahnakki Piri piri beinl.
Goða grísakótelettur Karabían

50% afsláttur

349 kr. kg
1/1 Móa kjúklingur ferskur

25% afsláttur

498 kr. kg
Goða lambaframpartur grillsagaður

## ÞÍN LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN

30% afsláttur

Fulleldað!

789 kr. kg
Móa kjúklingalæri m. Dijon og hvítlauk

- 2 x borgarar
- 2 x hamborgarabrauð
- 2 x ostsneiðar
- 2 x BBQ sósur
- Beikon

499 kr. pk.
Lúxus hamborgarar 2 stk.

159 kr. pk.
Haribo sælgæti
Stjörnu Mix - Matador - Top Star

Ótrúlegt verð!

69 kr. stk.
Pepsi Max Lime 2 lítrar

299 kr. pk.
Kellogg´s Special K morgunkorn 500 gr.

Kexsmiðjan möffins 2 teg
199 kr./pk

2 fyrir 1
Myllu, fín samlokubrauð 1/2

24 rúllur í pakka

Charmin salernispappír 24 rúllur
1298 kr./pk

Opið 9-21




LAMBA RIB EYE MEÐ HVÍTLAUK OG KRYDDJURTUM
2.498 kr. kg
Nóatún mælir með!




GRILLPYLSUR ÚR KJÖTBORÐI
TÓMAT, MOZZARELLA EÐA CHILLI
998 kr. kg




STÓRLÚÐA Í SNEIÐUM
1.998 kr. kg
Nóatún mælir með!

## Berjaveisla Nóatúns!



MCCAIN SUPERFRIES
BLACK PEPPER
499 kr. pk.
18% afsláttur







COCO PUFFS
553 g
329 kr. pk.




PEPSI MAX
99 kr. 2l




HUNTS
TÓMATSÓSA 1020 G
149 kr. stk.




GÓU LAKKRÍSDÚNDUR
BITAR
219 kr. pk.



NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð á grísakótelettum!
Nóatúns grillsósur og grillmeðlæti!
Þú sparar 300 kr. kg
GRÍSAKÓTELETTUR ÚRB. MIÐJARÐARHAFS
1.698 kr. kg
ÍTALSKAR NAUTAHAKK-BOLLUR MEÐ TÓMAT
998 kr. kg
37% afsláttur
UNGNAUTAHAMBORGARAR 90 GRÖMM
79 kr. stk.
Þú sparar 60 kr. stk.
MÓA KJÚKLINGALÆRI OG LEGGIR
398 kr. kg
35% afsláttur
Nýtt eðalkaffi!
RÚBÍN EÐALKAFFI GRÆNT
399 kr. pk.
Kókó mjólk
Ómissandi í útileguna!
Grand Italia pasta - ekta ítalskt bragð!
Farfalle
GRAND ITALIA FARFALLE OG FUSILLI
99 kr. pk.
GRAND ITALIA PASTASÓSUR
199 kr. stk.
Verði ykkur að góðu!




**KRISTNIR MÓTMÆLA** Stuðningsfólk samtaka kristinna á Indlandi í kröfugöngu í Nýju Delí til að mótmæla ofbeldi af hálfu herskárra hindúa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kafarar í Björgunarfélagi Akraness eru með þeim tæknivæddustu á landinu:

# Spjallað í neðansjávargemsa

**TÆKNI** Köfunarflokkur Björgunarfélags Akraness hefur tekið í notkun nýjan fjarskiptabúnað. Með honum geta leitarstjórnendur á yfirborðinu talað við kafara með GSM-símum. Kafararnir geta einnig talað saman neðansjávar í allt að tveggja kílómetra fjarlægð.

Sveitin safnaði fyrir búnaðinum með því að mála sumarbústaði verkalýðsfélags Akraness í Svínadal og Húsafelli.

„Þetta er alveg hreint meiri háttar tæki,“ segir Ásgeir Einarsson, formaður köfunarflokksins. „Við vorum að prófa það í Hvalfirðinum um helgina og það virkaði frábærlega án allra truflana eða skruðninga.“



**VEL BÚNIR** Kafaraflokkurinn með nýja búnaðinn. Frá vinstri eru Ásgeir Einarsson, Marteinn Ásgeirsson, Kristján Kristjánsson og Erling Guðmundsson.

Hann segir tækið virka þannig að lítið stykki sé sett framan á munnstykki kafarans, sem hann tali í. Við vinstra eyrað komi annað stykki til hlustunar.

„Með þessum búnaði er öryggi kafara aukið og öll leit bætt. Nú er mun auðveldara að skipuleggja leit en þegar allir voru sambandslausir,“ segir Ásgeir. „Stjórnandinn á yfirborðinu, sem er kannski reyndasti kafarinn, getur raðað köfurunum nákvæmlega niður í stað þess að senda þá þvert og kruss út um allt.“ - sþs

Sekt fyrir vörslu barnakláms:

# Sagði „pop-up“ glugga orsökina

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður hefur í Héraðsdómi Norðurlands vestra verið dæmdur til að greiða 250 þúsund krónur í sekt fyrir að hafa haft í vörslum sínum barnaklám.

Efnið fannst í tölvu mannsins eftir ábendingu frá alþjóðalögreglunni Interpol. Fyrir dómi viðurkenndi maðurinn að skoða mikið klám á vefnum, en bar við að umrætt barnaklám hefði vistast á tölvu hans vegna svokallaðra „pop-up“ glugga. Sérfræðingi þótti það ólíklegt.

Lítið var til þess að einungis sex af myndunum töldust grófar, og að maðurinn hefði reynt að eyða myndunum. - sh

Frá kr. 2.790.000
TUCSON
Gerðu góð kaup og veldu Hyundai



Hyundai hefur gæðin
Með bílinn handa þér
HYUNDAI www.hyundai.is
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

## HEILBRIGÐISMÁL

### Bóluefni fyrir áhættuhópa

Heilbrigðisyfirvöld hafa samið um að kaupa árlega næstu fjögur árin 60 þúsund skammta af bóluefni gegn inflúensu. Tilgangur samningsins er að auka innflúensubólusetningar hjá áhættuhópum. Bóluefnið verður þeim að kostnaðarlausu.

### Kleppur fær afmælismilljón

Lyfjafyrirtækið Actavis hefur gefið geðsviði Landspítalans eina milljón króna í tilefni af 100 ára afmæli Kleppsspítala.

## JAPAN

### Sjálfsmorð ráðherra

Landbúnaðarráðherra Japans, Toshikatsu Matsuoka, svipti sig lífi á mánudag, nokkrum tímum áður en hann átti að mæta í yfirheyrslu vegna meintra bókhaldssvika. Matsuoka skildi nokkur bréf eftir, þar á meðal eitt til forsætisráðherrans og almennings þar sem hann baðst afsökunar á gjörðum sínum.

## Meyfæðing hákarls

Erfðafræðilegar rannsóknir vísindamanna hafa staðfest að kvenkyns hákarlar geta fjölgað sér án þess að stunda kynlíf. Meyfæðing – þegar eggjafruma þróast í fóstur án nokkurra afskipta erfðafræðilegra efna frá sáðfrumu – átti sér stað í hamarshái í Henry Doorly-dýragarðinum í Nebraska.




FRÉTTABLAÐIÐ/GN

**Kynlaus æxlun:** Skortur á karlkyns kjarnsýru dregur úr erfðafræðilegum fjölbreytileika sem gefur dýrum nýja eiginleika og gerir þróun mögulega.

# Meyfæðing hákarls staðfest í fyrsta sinn

**Írskir og bandarískir vísindamenn hafa sannað að karlkyns hákarl kom hvergi nærri getnaði hákarls í bandarískum dýragarði. Þróunarlegt neyðarrúrræði segir forstöðumaður rannsóknarseturs.**

**BANDARÍKIN, AP** Kvenkyns hákarlar geta frjóvgað egg sín og fætt afkvæmi án sæðis frá karlkyns hákarli samkvæmt nýrri rannsókn á meyfæðingu hamarsháfs í dýragarði í Nebraska í Bandaríkjunum.

Árið 2001 fæddist hákarl í Henry Doorly-dýragarðinum í búri þriggja kvenkyns hákarla en enginn af þeim hafði komist í tæri við karlkyns hákarl í að minnsta kosti þrjú ár. Við rannsókn á kjarnsýru afkvæmisins fundust engin merki um að karlkyns hákarl hefði komið að getnaðinum. Hákarlasérfræðingar segja þetta fyrsta staðfesta tilfellið um meyfæðingu hákarls.

Kynlaus æxlun er algeng meðal nokkurra skordýrategunda, fágætari hjá skriðdýrum og fiskum og hefur aldrei verið skráð hjá spendýrum.

„Þessar niðurstöður komu mjög á óvart vegna þess að fólk vissi ekki betur en að allir hákarlar fjölguðu sér bara með mökun karl- og kvenhákarls, þar sem fósturvísirinn þarf kjarnsýru frá báðum foreldrum til að ná fullum þroska, eins og hjá spendýrum,“ sagði sjávarlíffræðingurinn Paulo Prodohl við Queens-háskóla í Belfast á Norður-Írlandi. Írskir og bandarískir vísindamenn unnu saman að rannsókninni.

Áður en rannsóknin var gerð töldu margir hákarlasérfræðingar að fæðing hákarlsins væri til marks um þekktan hæfileika kvenhákarls til að geyma sæði í langan tíma. Sex mánuðir er algengt en þrjú ár hefði verið einsdæmi. Sú skýring getur þó ekki átt við þar sem engin merki fundust um kjarnsýru frá karlkyns hákarli.

> Þessar niðurstöður komu mjög á óvart vegna þess að fólk vissi ekki betur en að allir hákarlar fjölguðu sér bara með mökun karl- og kvenhákarls, þar sem fósturvísirinn þarf kjarnsýru frá báðum foreldrum til að ná fullum þroska, eins og hjá spendýrum.
>
> **PAULO PRODOHL**
> SJÁVARLÍFFRÆÐINGUR

Þessi athyglisverða uppgötvun er þó ekki endilega góðar fréttir fyrir tegundina að mati vísindamanna. Prodohl sagði að ef meyfæðingar væru að eiga sér stað úti í náttúrunni vegna þess að kvenkyns hákarlar gætu ekki fundið karlkyns mökunarfélaga, gæti það þýtt „þróunarlegan dauða sem ógnaði tilveru tegundarinnar“. Prodohl grunar að þetta sé nú þegar vandamál úti í náttúrunni og benti á að fjöldi bláhákarla við vesturströnd Írlands hefði dregist saman um níutíu prósent undanfarin tólf ár.

Bot Hueter, forstöðumaður hákarlarannsóknarseturs í Flórída, efast um að meyfæðingar eigi sér stað úti í náttúrunni þar sem það sé „þróunarlegt úrræði til að viðhalda tegundinni þegar önnur úrræði þverra“. Þetta sé algjört neyðarúrræði þar sem það leiði til erfðafræðilegrar einsleitni sem komi smám saman niður á hæfni tegundarinnar. „En sem skammtíma mótvægi við útrýmingu hefur það sína kosti.“

sdg@frettabladid.is

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum




VÍNBÚÐIN HOLTAGÖRÐUM
LOKAR
Vínbúðin í Holtagörðum lokar þann **4. júní** næstkomandi vegna framkvæmda og breytinga á húsnæði.
**Ný vínbúð verður opnuð um miðjan júní í Skeifunni.**


KAUPÞING
Síminn
VIÐ STYÐJUM
BARÁTTU
KAUPÞING OG SÍMINN STYÐJA
ALÞJÓÐALEIKA UNGMENNA
Í REYKJAVÍK 20-25 JÚNÍ 2007
ALÞJÓÐALEIKAR UNGMENNA
Alþjóðaleikar ungmenna eru fjölmennasti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi og um tólf hundruð keppendur eru væntanlegir til landsins. Þátttakendur eru á aldrinum 12-15 ára frá 60 borgum. Keppt verður í frjálsum íþróttum, sundi, knattspyrnu, handbolta, júdó, badminton og golfi. Láttu sjá þig í Laugardalnum og upplifðu ólympíustemningu.
Alþjóðaleikar ungmenna
Reykjavík 2007

## „ORÐRÉTT“

### En ekki alveg öruggt

**„Sennilega er óumdeilanlegt að enski boltinn og Meistaradeild Evrópu sem við fylgjumst með yfir vetrarmánuðina eru í hærri gæðaflokki en sá fótbolti sem við höfum séð hjá íslenskum fótboltaliðum það sem af er Íslandsmóti.“**

BRYNJÓLFUR ÞÓR GUÐMUNDSSON
**DV 31. maí**

### Maður með sýn

**„Ég sé fyrir mér styttu af Helga [Tómassyni] í ballettdansarastellingu t.d. fyrir framan Þjóðleikhúsið.“**

ÓMAR RAGNARSSON
**Morgunblaðið 31. maí**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÆGIR ÖRN VALGEIRSSON, HERRA ÍSLAND 1999

## *Er að græja Bryggjuhverfið*



„Það er bara heilmikið að frétta,“ segir Ægir Örn Valgeirsson, herra Ísland 1999 og eigandi Skipaþjónustu Íslands. „Ég er á kafi í rekstri á mínu fyrirtæki og er nýbúinn að stofna annað fyrirtæki.“

Ægir Örn segist vera nýbúinn að eignast Skipaþjónustu Íslands að fullu og að nú sé hann á fullu í nýja fyrirtækinu sínu, sem fæst við að byggja upp glæsilega aðstöðu í Grafarvogi fyrir sportbátaeigendur.

„Ég er að græja Bryggjuhverfið og gera það klárt fyrir sumarið. Við erum að fjölga bryggjum og gera alla aðstöðu til fyrirmyndar, meðal annars erum við að koma upp húsi. Þetta stendur opið fyrir alla,“ segir Ægir Örn.

Þrátt fyrir annir við rekstur fyrirtækja sinna hyggst Ægir Örn gefa sér tíma til að fara í gott sumarfrí með konu sinni og tveggja ára dóttur.

„Það verður að fara með fjölskyldunni í frí. Við förum eitthvert með fellihýsið okkar þegar færi gefst. Það hlýtur að verða þótt það sé mikið að gera,“ segir Ægir Örn, sem auk alls þessa er að stækka fjölskylduna sjálfa:

„Það er von á fjölgun því það er eitt barn á leiðinni sem kemur í september. Það er alveg nóg að gera.“



## LÍFFRÆÐI:
### ÍSLENSKIR FERSKVATNSFISKAR

■ Í íslensku ferskvatni lifa sjö tegundir fiska. Þrjár tegundanna tilheyra laxaættinni, en það eru atlantshafslaxinn, urriði og bleikja. Hinar fjórar tegundirnar eru hornsíli, evrópski áll, ameríski áll og flundra. Allar þrjár tegundir laxaættarinnar auk hornsílisins hrygna í fersku vatni. Áll og flundra hrygna í sjó.

## SJÓNARHÓLL
### ENGIN HÁTÍÐARHÖLD Á AKUREYRI Á SJÓMANNADAGINN



KARL ÖRVARSSON TÓNLISTARMAÐUR

### *Stórundarlegt*

Útlit er fyrir að engin hátíðarhöld verði á Akureyri í tilefni af sjómannadegi á sunnudag. Ástæðan mun vera sú að útgerðirnar vilja ekki styrkja sjómenn til að halda upp á daginn. Karl Örvarsson, tónlistarmaður og Akureyringur að upplagi, hefur sjómannadaginn í hávegum og er ekki skemmt. „Það er löng hefð fyrir því að halda upp á þennan dag. Þegar ég bjó þarna fór ég með börnin í siglingu, að horfa á reipitog og fleiri skemmtilegheit. Mér þætti leitt ef þessi hefð legðist af.“

Karli þykir það ekki stórmannlegt af útgerðunum að neita að styrkja sjómenn til að halda upp á daginn. „Er ekki Akureyri enn mesti útgerðarbær landsins? Ófáir útgerðarmenn hafa komist í álnir þar og að þeir skuli ekki leggja til fé svo það megi halda upp á daginn þykir mér bara stórundarlegt.“

# Götulist á heimsmælikvarða

**Meðan sumir agnúast út í veggjakrotið í miðborginni hafa aðrir á því sérstakt dálæti. Páll Hilmarsson hefur skrifað BA-verkefni um götulist í Reykjavík og tekið hundruð ljósmynda af verkum götulistamanna. Hann segir að reykvísk götulist sé á heimsmælikvarða.**

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þessu listformi og hef sjálfur stundað götulist að einhverju marki. Fyrir þremur árum síðan byrjaði ég að taka myndir af götulist og hef gert það markvisst síðan þá. Ég tek myndavélina með mér hvert sem ég fer og á orðið mikið safn mynda,“ segir Páll. Myndasafnið varð kveikja að BA-verkefni um götulist en Páll útskrifaðist sem mannfræðingur frá Háskóla Íslands í febrúar síðatliðnum.

„Það sem mér finnst svona heillandi við götulist er fyrst og fremst tjáningin. Þarna er einstaklingur í samfélaginu sem sér sig knúinn til þess að tjá sig á þennan hátt. Götulistin kallast á við umhverfi sitt og oftast felast í henni einhver skilaboð. Ef maður skoðar veggjakrotið með þessu hugarfari þá breytist viðhorfið,“ segir Páll og bætir því við að yfirleitt sé dregin upp afar neikvæð mynd af veggjakroti í fjölmiðlum.

Það er algengt að fólk skipti veggjakroti í skemmdarverk og list. Flestir eru umburðarlyndari fyrir veggjakroturum sem mála stórar og flóknar myndir á veggi í skjóli nætur heldur en þeim sem krota nöfnin sín út um allar trissur. Páll sér hins vegar lítinn mun á þessu tvennu. „Skilin þarna á milli eru óljós og engum sýnileg. Í grunninn eru menn að gera það sama. Þeir eru að tjá sig og skilja eitthvað eftir sig,“ segir Páll.

Í sumar verða verktakar að störfum í miðborginni við að þrífa veggjakrot en auknu fjármagni hefur verið veitt til þeirra verka. Páll hefur litla trú á að slíkar aðgerðir stöðvi götulistamennina. „Þetta hefur verið reynt víða og hefur hvergi gagnast vel. Ég skil vel að fólk vilji ekki að það sé krotað á húsin þeirra. Menn verða hins vegar líka að átta sig á því að við búum í samfélagi við annað fólk og mörkin á milli opinbers rýmis og einkarýmis eru óljós. Götulistamenn teygja þessi mörk og ögra enda er það eðli slíkrar listar,“ segir Páll.

Slóðin á vefsvæði Páls er: www.reykjavik.gotuli.st.

**thorgunnur@frettabladid.is**



**PAPPÍRSPÉSI?** Þessi skemmtilega vera skaut upp kollinum við Laugaveginn eina nóttina. Verkið er stórt upplímt pappírsverk. MYND/PÁLL HILMARSSON



**HEILLAÐUR AF GÖTULIST** Páll segir að erlendir götulistamenn sem komi til landsins séu hrifnir af reykvískri götulist. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**LIST EÐA KROT?** Götulistin er í eðli sínu hverful og mörg þeirra verka sem sjá má á myndum Páls hafa breyst eða eru horfin. MYND/PÁLL HILMARSSON



**SKÝR SKILABOÐ** Götulistamenn reyna oftar en ekki að koma einhverjum skilaboðum á framfæri. Meðan sumir beita úðabrúsunum nota aðrir límmiða. MYND/PÁLL HILMARSSON



**KOLKRABBI Í GRJÓTAÞORPINU** Páll segir að fólk átti sig oft ekki á því hve mikil vinna liggur að baki götulistaverkum. Kannski tók langan tíma að hanna þessa kolkrabba sem eru límdir á rafmagnskassann. MYND/PÁLL HILMARSSON




**Fjórfaldur pottur!**
**Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Lottó
lotto.is

# Útimarkaður

## Sumarblóm og pottar í miklu úrvali




**hægra megin við innganginn**

IKEA®

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

# SUMAR

## Sjóðandi heit tilboð á

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Öll verð og upplýsingar birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl.

### GIGABYTE
**8600GT SKJÁKORT**

Það nýjasta í skjákortum í dag!
Ofur öflugt GeForce 8 8600GT skjákort með Silent Pipe2 kælitækni sem skilar kortinu 100% hljóðlausu en tekur þó bara 1 PCI Express 16X rauf.

- GIGABYTE GeForce 8 8600GT
- 256MB GDDR3 skjáminni
- 1400MHz ofur hraðvirkt minni
- Ótrúleg myndgæði með DX10
- HDTV, SVHS, RCA ofl tengi
- 2xDUAL-link DVI tengi

**17.900**

### GIGABYTE
**POSEIDON #1 TÖLVUTILBOÐ**

- Intel Core 2 Duo E6600 - 4MB
- 2GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB 8600GT skjákort Silent2
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Gigabit netkort, 400W aflgjafi, ofl.
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**
VE12 **11.355** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði

### 320GB
**SPECIAL EDITION 16MB**

Tvix M3100U margmiðlunarspilari með fjarstýringu, spilar flest alla staðla fyrir kvikmyndir, tónlist, myndir ofl.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Glæsileg og falleg hönnun

**24.900**
**14.900 án harðdisks**

### ACER 5102
**FERÐATÖLVA Á SUMARTILBOÐI**

- AMD Turion64 MK38 (2.2GHz)
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon Xpress 1100
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

acer

**79.900**
VE12 **7.570** Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI

### Uppfærsluturn 2

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB NCQ harðd.
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- GIGABYTE GZ hljóðlátur turn

**39.900**
VE12 **3.780** Á MÁN | VE lán í 12 mánuði

### 1GB OCZ MINNISLYKILL

Lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna, er líka handhæg lyklakippa.

**1.990**

### OCZ LEIKJAMÚS

BESTA leikjamúsin á markaðinum í dag, allt að 2500dpi, 7080FPS, forritanlegir hnappar.

**4.990**

### RS110 HEYRNATÓL

Vönduð Sennheiser RS 110 þráðlaus heyrnartól með góðum hljóm og allt að 100m drægni

**4.990**

### 22" WIDESCEEN LCD SKJÁR

100% PIXLAR

22" WideScreen LCD skjár með 700:1 skerpu og 5ms viðbragðstíma fyrir leikina, 1680x1050 WideScreen upplausn

**29.900**

### Uppfærsla 2

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- 100% GIGABYTE gæði í gegn

**22.900**
VE6 **4.198** Á MÁN | VE lán í 6 mánuði



TILBOÐ
tölvum og tölvubúnaði
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
OCZ
1GB
VINNSLUMINNI
4.990
DDR2 667MHz SYSTEM ELITE
acer
100% PIXLAR
19"
ACER LCD SKJÁR
16.900
8ms HRAÐI OG 700:1 SKERPA
WD Western Digital
500GB
HARÐUR DISKUR
12.900
WESTERN DIGITAL SATA2 MEÐ 16MB BUFFER
ÞJÓNUSTUDEILD
Snillingarnir á þjónustudeild Tölvuteks
sinna öllum verkum stórum og smáum.
Hver hafin klukkustund kostar aðeins:
2.990
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## Svona erum við

> Hlutfall Íslendinga sem verslar í gegnum internetið




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: SENNA ÍRANA OG ALÞJÓÐAKJARNORKUMÁLASTOFNUNARINNAR

# *Írönum hótað frekari refsiaðgerðum*

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) tilkynnti síðastliðinn miðvikudag að frestur Írana til að bregðast við tilmælum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna væri útrunninn. Tilmælin voru þau að Íranar skyldu hætta auðgun úrans tafarlaust. Öryggisráðið hafði áður beitt Írana refsiaðgerðum og hótar nú að þyngja refsingarnar.

**Um hvað sakar IAEA Írana?**
IAEA segir að Íranar hindri nú alþjóðlega kjarnorkueftirlitsmenn í að sinna starfi sínu. Þeir hafi komið upp 1.640 skilvindum til að auðga úran. Þetta bendi til að Íranar hafi náð tökum á þróaðri tækni en áður. Þeir hafi að auki komið upp þungavatnsverksmiðju, sem hægt væri að nota til að framleiða plúton.

**Hver er sjónarhóll Írana?**
Samkvæmt sáttmálanum um útbreiðslu kjarnorkuvopna má hver þjóð nýta sínar orkulindir til að framleiða kjarnorku í borgaralegum tilgangi. Írönsk stjórnvöld segja þetta stefnu sína, en ekki að smíða sprengju. Þau láti ekki neyða sig til að afsala sér þessum rétti.



**Hvað óttast Vesturveldin?**
Þau telja að til standi að smíða kjarnorkusprengju. Að íranskir stjórnmálamenn vilji að minnsta kosti geta smíðað sprengju í framtíðinni, þótt þeir hafi ef til vill ekki ákveðið að gera það nú. Ekki sé hægt að treysta írönskum stjórnvöldum, því þau hafi leynt auðgunaráætlunum sínum í átján ár, en upp um þær komst árið 2003.

**Gætu Bandaríkin ráðist á Íran?**
Bandaríkjamenn segjast stefna að friðsamlegri lausn. Erfitt væri enda að réttlæta árás á landið með tilvísun í alþjóðalög og reglur. Þess ber að geta að Ísraelsmenn, Pakistanar og Indverjar hafa auðgað úran í gegnum tíðina, án þess að á þær þjóðir hafi verið ráðist. Þessar þjóðir eru ekki aðilar að sáttmálanum um útbreiðslu kjarnorkuvopna og því ekki bundnar af honum. Íranar gætu sagt sig frá sáttmálanum með þriggja mánaða fyrirvara.

**SPURT & SVARAÐ**
VENESÚELA

## *Kemur ekki á óvart*



**MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR**
Leikstjóri

Hugo Chavez, forseti Venesúela, neitaði að endurnýja útsendingarleyfi RCT, einkarekinnar sjónvarpsstöðvar, og hefur ríkisrekin sjónvarpsstöð hafið útsendingu á dreifikerfi RTC. María Kristjánsdóttir leikstjóri dvaldist í Venesúela á síðasta ári.
**Kemur þetta á óvart?** Nei, hann var búinn að setja lög sem gerðu honum þetta kleift. Stærstu einkareknu sjónvarpsstöðvarnar tóku þátt í valdaránstilrauninni gegn honum.
**Af hverju gerir hann þetta?** Chavez er þjóðernissinnaður og mjög andvígur öllum bandarískum áhrifum á menningarlíf Venesúela. Með þessum aðgerðum getur hann sett á fót nýja sjónvarpsstöð sem nær til allra landsmanna. Markmið hennar er að vera menningarlegt ríkissjónvarp sem styður við innlenda dagskrár- og kvikmyndagerðarmenn.
**Hvað gerist í framhaldinu?** Það er nær ómögulegt að segja til um það. Þetta er enn ein birtingarmynd átaka milli fátækra og ríkra í landinu. Chavez nýtur mikils stuðnings almennings en peningaöflin eru að sjálfsögðu mjög sterk.


xelenta



- gjafavörur
- steinljós
- kristalljós
- marmarastyttur
- bronsstyttur
- tréstyttur

Skeifan 7 - Reykjavík - Sími: 553 2882


# Alið á ótta fólks og fordómum

**Í ársskýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International fyrir árið 2006 er greint frá ástandi mannréttinda í 153 löndum. Sérstaklega er fjallað um „stríðið gegn hryðjuverkum“ og afleiðingar þess. Alþjóðasamfélagið er sagt einkennast af vantrausti og sundrungu. Ríkisstjórnir ali á ótta almennings.**

Í ársskýrslu Amnesty International eru ýmsar voldugar ríkisstjórnir sagðar vinna markvisst að því að grafa undan mannréttindum með ógnarstjórn; því að ala á ótta meðal almennings og skapa andúð milli ólíkra hópa. Sama sé að segja um vopnaða og valdaminni andspyrnuhópa, þeir beiti sömu hertækni til að ala á fordómum gegn vestrænum ríkjum.

Þetta hefur verið sérstaklega greinilegt eftir 11. september 2001, segja forsvarsmenn samtakanna. Síðan Tvíburaturnarnir hrundu hafi ríkisstjórnir, sérstaklega Bandaríkjastjórn, nýtt sér hryðjuverkaógnina sem skálkaskjól til að fara sínu fram.

„Það hefur verið ákveðinn þráður í gegnum skýrslur Amnesty síðustu árin,“ segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International. „Stjórnvöld um allan heim brugðust við árásinni á Tvíburaturnana með setningu laga sem hefta mannréttindi fólks.“ Jóhanna bendir á lagasetningar í Kína, Bandaríkjum, Rússlandi og Bretlandi sem dæmi.



### MANSAL OG KONUR

Meirihlutinn af þeim **tveimur milljónum** manna sem voru seldar á markaði árið 2006 var konur og stúlkur. Þær voru flestar seldar til Vestur-Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku.
**70** prósent þeirra sem hafa fallið í átökum síðustu ára eru almennir borgarar, flest konur og börn.
**Tugum þúsunda** kvenna og stúlkna hefur verið nauðgað eða þær beittar kynbundnu ofbeldi í Darfúr síðan árið 2003.
**Enginn** hefur verið dreginn til ábyrgðar vegna þessara ódæðisverka í Darfúr.

### PYNTINGAR OG MANNRÉTTINDABROT

**102** ríki pynta fanga sína.
**1.245** „fangaflug“ um evrópska lofthelgi
**18.000** föngum haldið án dóms og laga í Írak.
**400** föngum haldið í Guantánamo-fangabúðunum án dóms og laga.
**200** fangar í Guantánamo hafa farið í hungurverkfall.
**40** fangar í Guantánamo hafa reynt að stytta sér aldur.

### KOMUM BÖNDUM Á VOPNIN 2006

**153** ríkisstjórnir greiddu atkvæði með tillögu um að hafin yrði vinna við gerð alþjóðlegs sáttmála um vopnaviðskipti.
**24** ríkisstjórnir sátu hjá.
**1** ríkisstjórn greiddi atkvæði gegn tillögunni – Bandaríkin.

Heimild: Amnesty International

**Hnattvæðing mannréttindabrota**
Í ársskýrslunni er Bandaríkjastjórn, voldugasta ríkisstjórn heims, sögð líta á heiminn sem risastóran vígvöll í stríði sínu gegn hryðjuverkum. Þau hafi „hnattvætt mannréttindabrot“ meðal annars með mannránum, handahófskenndum fangelsunum og pyntingum.

En það finnast einnig ljósir punktar og Jóhanna telur til rannsókn Evrópuráðsins á ólöglegu fangaflugi Bandaríkjamanna. „Evrópuráðið stóð fyrir umfangsmikilli rannsókn á þessum málum og það sýnir að það er verið að reyna að spyrna við fótum og fylgja mannréttindum,“ segir hún og telur þetta til marks um að fólk átti sig betur á mikilvægi grundvallarreglna í samfélagi manna. „Það er aukin meðvitund um það að eina leiðin til að koma á betra ástandi í heiminum er virðing fyrir mannréttindum og lögfesta, að víkja ekki frá þessum grundvallarreglum.“



**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR** Segir stjórnvöld um allan heim hafa brugðist við árásum á Tvíburaturnana með setningu laga sem dragi úr mannréttindum fólks. MYND/JÓHANNA EYJÓLFSDÓTTIR

**Hlutur Íslands**
En hvað geta íslensk stjórnvöld gert til að styðja við mannréttindi á alþjóðagrundvelli? „Íslensk stjórnvöld geta gert mjög mikið. Við eigum aðild að Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráðinu og fleiri alþjóðastofnunum og það er mjög mikilvægt að mannréttindi séu alltaf í fyrsta sæti í öllum samskiptum við önnur ríki og í framgangi Íslands á alþjóðavettvangi,“ segir Jóhanna. Hún nefnir sem ánægjulegt dæmi að í apríl hafi fyrrverandi utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, kynnt ítarlegt skjal sem kallast Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu.

„Það er mjög vel unnið og þar er tekist á við öll mikilvægustu málin. Það er til dæmis einn kafli um mannréttindi, viðskipti og ábyrgð fyrirtækja, sem er mjög nauðsynlegt í dag þar sem íslensk fyrirtæki eru í mikilli útrás.“

Jóhanna segir þetta skjal þáverandi utanríkissráðherra „mjög framsækna og jákvæða stefnu. Við vonum að ný ríkisstjórn og nýr utanríkisráðherra taki þessa stefnu upp á arma sína og framfylgi henni“.

> Eina leiðin til að koma á betra ástandi í heiminum er virðing fyrir mannréttindum og lögfesta, að víkja ekki frá þessum grundvallarreglum.
>
> JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY INTERNATIONAL




FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is




Kynningin verður í verslunum Símans í Ármúla, Smáralind og Kringlunni í dag, fimmtudaginn 31. maí, þar sem sýndir verða ótrúlegir nýir möguleikar.

**KOMDU OG SJÁÐU MEÐ EIGIN AUGUM HVERNIG ÞETTA VIRKAR!**

ENNEMM / SÍA / NM27979



**MYNDSÍMTÖL**
Með myndsímtölum gefst viðmælendum kostur á að sjá hvorn annan á meðan símtalið stendur.



**SJÓNVARP Í FARSÍMANUM**
Hægt að horfa á sjónvarp í farsímanum með meiri gæðum en áður.




**GAGNAKORT**
Með gagnakorti getur þú tengst Internetinu hvar og hvenær sem er, svo sem í strætó eða úti í garði.

800 7000 - siminn.is

Síminn

**Útgjöldin**
> Fullorðinsfargjald í strætó fyrir eina ferð




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ELÍN BIRNA GUÐMUNDSDÓTTIR ÍÞRÓTTAKENNARI

## *Pressar vítamínsprengju á morgnana*



„Klárlega safapressan mín,“ segir Elín Birna Guðmundsdóttir íþróttakennari þegar hún er spurð um hennar bestu kaup á ævinni. „Ég er búin að nota safapressur síðan 1994 en þessa keypti ég í september á síðasta ári. Hana hef ég notað á hverjum einasta degi síðan þá.“ Hún segist útbúa vítamínsprengju úr gulrótum, eplum, sellerí og engifer á hverjum morgni fyrir alla fjölskylduna.

„Verstu kaupin eru líkamsræktartækið sem eitt sinn var keypt á heimilið. Hugmyndin var að nota það í stofunni en það varð aldrei úr því,“ segir Elín. „Maður stundar ekkert líkamsrækt í stofunni, það þarf sérstakan stað til þess eins og líkamsræktarsal. Ég gaf vinkonu minni tækið, og hún endaði síðan með því að henda því.“

Að lokum nefnir hún bílinn sinn sem dæmi um sérlega góð kaup. „Ég keypti nýjan Toyota Avensis fyrir fjórum árum sem hefur reynst mér ótrúlega vel. Ég hef almennt ekki viljað kaupa nýja bíla, því ég er þessi hagsýna kona, en ég hef verið mjög hamingjusöm með þennan.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### SJÁLFVIRK RYKMOPPA

■ *Alma Dröfn Geirdal, framkvæmdastjóri Forma, á sjálfvirka rykmoppu og þarf því ekki að moppa gólfin sjálf.*



„Ég er manískur þrifsjúklingur,“ segir Alma. „Þessa dagana mæli ég helst með því að fólk kaupi sér sjálfvirka rykmoppu. Ég fékk svoleiðis gefins um daginn og er rosalega hrifin af henni,“ segir Alma. Rykmoppan góða er sett í hleðslu yfir nóttina og svo getur maður sett hana af stað um leið og maður fer út úr húsi á morgnana. „Þetta er hollt fyrir fólk sem eyðir allt of miklum tíma í að þrífa. Nú sér græjan bara um að moppa gólfið og ég get gert eitthvað annað við tíma minn,“ segir Alma.

■ **Verð á bíómiðum**

## Dýrara á lengri kvikmyndir



Þeir sem hafa farið í kvikmyndahús til þess að sjá myndina Pirates of the Caribbean: At World´s End hafa tekið eftir því að bíómiðinn kostar 950 krónur í stað 900. Það er lengd kvikmyndarinnar sem veldur þessari hækkun en frá áramótum hefur kostað 50 krónum meira á kvikmyndir sem eru lengri en 160 mínútur. „Þegar þessar löngu myndir koma náum við færri sýningum á dag og náum ekki að nýta salina sem skyldi. Þetta er okkar leið til að bregðast við því,“ segir Elvar Vilhjálmsson, rekstrar- og auglýsingastjóri hjá Sambíóunum. Hann segir að fáar myndir nái þessari lengd og því komi það sjaldan fyrir að gestir kvikmyndahúsanna þurfi að borga 950 krónur fyrir miðann.

■ **Símaþjónusta**

## Þriðja kynslóð farsímakerfa kynnt

Þriðja kynslóð farsímakerfa (3G) verður kynnt fyrir almenningi í verslunum Símans í dag. Þjónustan verður tekin í notkun í haust en meðal helstu nýjunga eru móttaka sjónvarps í farsíma í auknum gæðum og myndsímtöl þar sem viðmælendur sjá hvor annan meðan á samtalinu stendur. Möguleikar á nettengingu fartölva aukast einnig til muna.

Síminn

Þjónustan verður tekin í gagnið á höfuðborgarsvæðnu í haust og að því loknu hefst uppbygging á landsbyggðinni. Stefnt er að því að eftir tvö og hálft ár muni kerfið ná til 60 til 80 prósent landsbyggðarinnar.

■ **Umhverfisviðurkenning**

## Bláa lónið hlýtur Bláfánann

Bláfáninn var dreginn að húni við Bláa lónið síðastliðinn þriðjudag en þetta er í fimmta sinn sem lónið hlýtur þessa viðurkenningu. Bláfáninn er alþjóðleg viðurkenning sem veitt er baðströndum og smábátahöfnum víða um heim.

Bláfanninn er vitnisburður um að á staðnum sé kappkostað að vernda umhverfið og tryggja öryggi gestanna. Fáninn blaktir við hún í 36 löndum og er merki sem ferðamenn þekkja vel. Fyrr í mánuðinum var bátahöfninni í Stykkishólmi veittur Bláfáninn - einnig í fimmta sinn.

# Vörur tilboðsmerktar en eru ekki á tilboði

**Verðmerkingar á ýmsum vörutegundum í verslunum Byko gefa til kynna að þær séu á tilboði þótt enginn afsláttur sé í boði. Ekki er ætlunin að blekkja neytendur og merkingunum verður breytt, segir innkaupastjóri Byko.**




**TILBOÐSVÖRUR** Viðskiptavinir BYKO fá ekki afslátt af vörum sem eru á tilboði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Verðmerkingar á mörgum vörutegundum í verslunum Byko gefa til kynna að vörurnar séu á tilboði þótt þær séu það ekki, með þeim afleiðingum að neytendur fá ekki afslátt sem þeir telja sig eiga rétt á. Forsvarsmenn Byko viðurkenna að þetta sé gagnrýnivert og ætla að breyta því eftir fyrirspurn Fréttablaðsins.

Ákveðnir vöruflokkar hafa um langt árabil verið merktir með stöfunum TB á verðmiða í verslunum Byko, til dæmis svo til öll rafmagnsheimilistæki, parket og ýmis rafmagnsverkfæri. Starfsmenn verslana Byko hafa upplýst að stafirnir séu skammstöfun fyrir orðið „tilboð“ og vörurnar því í raun á tilboði í verslununum.

Allir viðskiptavinir Byko geta fengið viðskiptakort sem gefur 10 prósent afslátt af vörum öðrum en tilboðsvörum, eins og fram kemur á vef Byko. Þegar þessir neytendur kaupa vörur sem eru TB-merktar fá þeir ekki afslátt af vörunum þó ekki komi skýrt fram að þær séu á tilboði.




**TB MERKING** Allar tegundir af parketi hafa verið merktar með bókstöfunum TB í BYKO svo árum skiptir, sem þýðir að ekki er veittur afsláttur af þeim við kassa. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Mér finnst þetta alveg út úr kortinu,“ segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, stjórnandi leiðbeiningar- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna. „Það gilda lög um þetta [...] þegar eitthvað er auglýst á útsölu þýðir ekki að koma með eitthvert verð og segja að það sé tilboð, eða þetta sé útsala. Þarna er verið að gabba neytendur, ef eitthvað er sett á útsölu á neytandinn alltaf rétt á því að sjá upprunalegt verð og útsalan, tilboðið eða afslátturinn reiknast af því verði.“

Pétur Andrésson, innkaupastjóri Byko, segir TB-merkingarnar hafa komist þannig á að upphaflega hafi einungis tilboðsvörur verið merktar með TB, svo kassastarfsmenn áttuðu sig á því að ekki ætti að veita afslátt. Mál hafi svo þróast þannig að TB hafi einnig verið notað á vöruflokka sem séu þess eðlis að ekki sé hægt að veita af þeim afslátt. Ekki hafi verið ætlunin að blekkja neytendur. Alls séu á bilinu 13 til 15 prósent af veltu Byko vegna TB-vara.

Til hefur staðið í nokkurn tíma að breyta þessum merkingum og þar með skilmálum viðskiptakortsins, segir Pétur. Fyrirspurn Fréttablaðsins verði til þess að þær breytingar verði kláraðar. Vörur á tímabundnu tilboði verði eftir sem áður merktar TB. Til viðbótar komi ný merking, EA, sem standi fyrir „ekki afsláttur“. Jafnframt verði þess getið þegar viðskiptavinir fái afsláttarkjör að þau gildi ekki á vörum sem merktar eru með EA. **brjann@frettabladid.is**

25 milljónir

Fjórfaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

Lottó
lotto.is

Börn í Stykkishólmi borga 277 krónum meira fyrir skólamáltíð en börn á Hellu:

# Ókeypis matur í tveimur skólum

Verð á hádegismáltíð í mötuneytum grunnskóla er afar misjafnt eftir skólum. Neytendastofa kannaði á dögunum verð á skólamáltíðum í kjölfar lækkunar virðisaukaskatts 1. mars síðastliðinn. Dýrasti hádegisverðurinn er í Grunnskólanum í Stykkishólmi en þar kostar maturinn 417 kr. Ódýrasta máltíðin er í mötuneyti Grunnskólans á Hellu en þar kostar máltíðin aðeins 140 kr.

Könnunin tók til 124 skóla í 39 sveitarfélögum. Í 38 skólum greiða nemendur aðeins fyrir hráefnið. Í 79 skólum greiða þeir einnig hluta rekstrarkostnaðar og í fjórum skólum greiða nemendur allan kostnað við skólamötuneytið, þar með talið laun, rekstur og viðhald. Aðeins tveir skólar, Grunnskóli Skagastrandar og Stóru-Vogaskóli í Vatnsleysustrandarhreppi, bjóða upp á ókeypis skólamáltíðir.



**BITINN ER MISDÝR** Það munar 277 krónum á dýrasta og ódýrasta hádegisverðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Könnunin leiðir í ljós að algengt er að skilmálar séu óljósir um skiptingu milli hráefniskostnaðar og annars kostnaðar. Neytendastofa hvetur forsvarsmenn mötuneytanna til þess að hafa skýra skilmála um kostnaðarskiptingu og verðmyndun máltíða.

Ekkert mat var lagt á gæði máltíðanna í könnuninni. **- þo**

**VERÐ Á HÁDEGISVERÐI Í MÖTUNEYTUM GRUNNSKÓLA**

| | Greiða eingöngu hráefni | Greiða hráefni og hluta af kostnaði | Greiða allan kostnað |
|---|---|---|---|
| **Hæsta verð** | Grunnskólinn í Stykkishólmi 417 kr. | Grunnskólinn á Blönduósi 341 kr. | Grunnskóli Grindavíkur 338 kr. |
| **Lægsta verð** | Grunnskólinn á Hellu 140 kr. | Grunnskólar í Reykjanesbæ 185 kr. | Flata-, Hofstaða-, og Sjálandsskóli 340 kr. |
| **Meðalverð** | 240 kr. | 262 kr. | 340 kr. |

# HEILIR STURTU KLEFAR

Komnir aftur!



6mm hert öryggisgler allan hringinn

Ömmustöng

Stór handsturta

Hitastýrð blöndunartæki

Stærðir:
80 x 80 og 90 x 90

ÖRYGGISGLER

Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

E000479

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.159 **-0,20%**

**Fjöldi viðskipta:** 693
**Velta:** 17.802 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| EIMSKIPAFÉLAGIÐ | +1,54% | ATLANTIC PET. | -11,55% |
| GLITNIR | +1,27% | 365 | -2,05% |
| ICELANDIC GROUP | +1,05% | ALFESCA | -1,17% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,83 -2,05% ... Actavis 84,40 +0,36% ... Alfesca 5,08 -1,17% ... Atlantic Petroleum 1.340 -11,55% ... Atorka 8,00 +0,25% ... Bakkavör 71,10 -0,56% ... Eimskipafélagið 42,75 +1,54% ... FL Group 29,45 -0,34% ... Glitnir 27,85 +1,27% ... Kaupþing 1.103 -0,63% ... Landsbankinn 37,50 +0,13% ... Marel 85,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,80 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,50 +0,47% ... Össur 110,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Útrásarskýringa leitað

Undanfarin misseri hafa sérfræðingar Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands leitað ljósum logum að galdramixtúrunni að baki íslensku útrásinni. Umfangsmiklu rannsóknaverkefni var ýtt úr vör síðastliðið haust í þessu miði. Er með því leitast við að svara hver árangur íslensku útrásarfyrirtækjanna hefur verið og hvað skýrir þessa velgengni. Ýmsir merkilegir vísar að velgengninni hafa fundist og fleiri má vænta í framtíðinni. Á þriðjudaginn kynnti Auður Hermannsdóttir, verkefnastjóri hjá Viðskiptafræðistofnun, vinnugrein sína, Snjólfs Ólafssonar og Annýjar Berglindar Thorstensen, sem sneri að þróun á erlendum fjárfestingum Íslendinga á árunum 1998 til 2005.

### Mikil aukning beinna fjárfestinga

Engan skyldi undra að tölurnar sýna mikla aukningu í erlendri fjárfestingu. Eftir árið 2000 tók hlutfall beinna erlendra fjárfestinga að aukast verulega. Árið 2005 var hlutfall þeirra orðið rúmlega 78 prósent erlendra fjárfestinga frá Íslandi. Þær atvinnugreinar þar sem hlutfallsleg aukning hefur verið mest á tímabilinu er í eignarhaldsfélögum og öðrum viðskiptum, fjármálaþjónustu og framleiðslu. Fjármagnsflæði sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var afar mikið hér á landi árin 2004 og 2005 og mun meira en í öðrum OECD-löndum. Á sama tímabili dróst fjármunaeign frá hinum Norðurlöndunum og Bretlandi, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, heldur saman.



## MARKAÐSPUNKTAR...

Norski seðlabankinn hækkaði í gær stýrivexti um 0,25 prósentustig. Standa þeir nú í 4,25 prósentum. Þetta var í þriðja sinn á árinu sem stýrivextir hækka í Noregi.

Vísitala framleiðsluverðs í apríl 2007 er 121,3 stig og lækkaði um 0,5 prósent frá fyrri mánuði samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofunni. Vísitala framleiðsluverðs hækkaði um 0,4 prósent og vísitala fyrir stóriðju lækkaði um 3,6 prósent.

Aðalvísitala hlutabréfamarkaðsins í Sjanghæ í Kína lækkaði um sex prósent í gær í kjölfar þess að ríkisstjórn Kína þrefaldaði stimpilgjöld á viðskipti með hlutabréf. Engin áhrif voru á öðrum mörkuðum líkt og óttast var um.

# Hærra mat á Alfesca

Greining Glitnis hefur hækkað verðmat sitt á Alfesca úr 5,2 krónum í 5,3 krónur á hlut. Verðmatsgengið var 2,5 prósentum yfir gengi á markaði þegar uppfært verðmat var gefið út. Gengi félagsins hafði hins vegar lækkað um 0,78 prósent seinni partinn í gær.

Mælt er með því að fjárfestar haldi bréfum sínum í félaginu horft til langs tíma. Markgengi félagsins er sett á 5,5. Það er spá greiningardeildarinnar um hvar gengi í félaginu muni standa að sex mánuðum liðnum.

Helstu ástæðurnar að baki hækkuðu verðmati eru gott uppgjör á þriðja fjórðungi fjárhagsárs félagsins, janúar til maí á þessu ári. Þá hefur laxaverð lækkað á síðustu mánuðum en rekstur Alfesca er mjög háður sveiflum í því. Þar að auki mun endurfjármögnun félagsins, sem nú stendur yfir, minnka vaxtakostnað og hafa þannig jákvæð áhrif til lengri tíma. - hhs



**XAVIER GOVARE, FORSTJÓRI ALFESCA**
Greining Glitnis hefur hækkað verðmat sitt á Alfesca úr 5,2 í 5,3 krónur á hlut.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vanskil hafa aukist

Vanskil fyrirtækja eru nú hærri en verið hefur frá miðju ári 2005. Þetta sýnir ný samantekt Fjármálaeftirlitsins á tölum um vanskil útlána hjá innlánsstofnunum miðað við lok mars 2007. Vanskilin eru þó mun lægri en þau voru á árunum 2000 til þess tíma.

Vanskilahlutfall fyrirtækja er 0,8 prósent í lok 1. ársfjórðungs 2007 samanborið við tæplega 0,5 prósent í árslok 2006. Þegar hlutföllin eru mæld með eins árs tímatöf kemur í ljós að þau eru eitt prósent samanborið við 0,7 prósent í árslok 2006. Með eins árs tímatöf er átt við að vanskilin eru sett fram sem hlutfall af útlánastofninum árið á undan. Miðað við tveggja ára tímatöf eru vanskilin 1,8 prósent samanborið við tæplega 1,2 prósent í árslok 2006.

Með því að skoða vanskil með eins og tveggja ára tímatöf má sjá hvort undirliggjandi vöxtur hafi verið í vanskilum. Til að mynda ef mikil útlánaaukning hefur verið eru í stofninum nýveitt útlán sem ekki er farið að reyna á. Með því að setja nýleg vanskil í hlutfall við stóran stofn, sem að hluta til eru ný útlán, getur því hlutfallið lækkað, jafnvel þótt vanskilin gætu verið að aukast.

Vanskilahlutfall einstaklinga er rúmlega 0,8 prósent í lok 1. ársfjórðungs sem er lítillega hærra en í árslok 2006. Á sama mælikvarða hafa vanskilahlutföll einstaklinga miðað við eins og tveggja ára tímatöf eitt prósent og 1,6 prósent samanborið við 1,1 og 1,8 prósent í árslok 2006. Vanskil einstaklinga eru nánast óbreytt frá árslokum 2006. Þau hafa ekki verið lægri á því sex ára tímabili sem samanburðurinn nær yfir. - hhs

# Sameinast Símanum

Stjórnir Símans og Anza greindu starfsfólki sínu frá því í gær að fyrirtækin verði sameinuð og muni starfsfólk Anza hefja störf hjá Símanum 1. júlí næstkomandi. Sem kunnugt er var Síminn stærsti eigandinn í Anza.

Stjórnirnar telja að með sameiningunni skapist tækifæri til að veita fyrirtækjum enn betri þjónustu auk þess sem góð samlegðaráhrif komi fram með samrunanum. Hreinn Jakobsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Anza, mun setja á fót skrifstofu í Kaupmannahöfn og byggja upp starfsemi Skipta hf, móðurfélag Símans, í Skandinavíu. Mun hann meðal annars vinna að málum Sirius IT í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og kanna ný fjárfestingatækifæri á sviði upplýsingatækni, að því er segir í tilkynningu á vef Anza. - jab




# Tesco heimsótti Bakkavör óvænt

**Bakkavör mótmælir einhliða fréttaflutningi Guardian og sakar fulltrúa verkalýðsfélaga um ófrægingarherferð. Bresku verkalýðssamtökin GMB saka Bakkavör, einn helsta birgi Tesco, um að taka framleiðslu fyrir stórmarkaði fram yfir velferð verkafólks.**

Fulltrúar á vegum bresku stórverslanakeðjunnar Tesco könnuðu fyrirvaralaust aðbúnað í einni af verksmiðjum Katsouris, dótturfélags Bakkavarar Group, í fyrradag. Fyrr um daginn höfðu GMB, ein stærstu verkalýðssamtök Bretlandseyja, mótmælt, fyrir utan höfuðstöðvar Tesco í Chestnut, afskiptaleysi Tesco af aðbúnaði verkafólks í þremur verksmiðjum Katsouris.

Í frétt Guardian bera verkalýðsforkólfar stjórnendur Bakkavarar þungum sökum: þeir taki viðskiptasambönd við stórmarkaði fram fyrir lagalega skyldu að búa vel að heilsu og öryggi starfsmanna sinna. Félagsmenn hafi slasast illa við störf sín í verksmiðjunum.

Hildur Árnadóttir, fjármálastjóri Bakkavarar, segir að GMB hafi verið í fjölmiðlastríði gagnvart Bakkavör á undanförnum mánuðum sem megi rekja til árangurslausra tilrauna verkalýðsfélagsins að hafa starfsmenn Katsouris innan sinna vébanda. Starfsmenn hafa val um slíkt og hafi kosið að standa utan félagsins og hefur fyrirtækið stutt ákvörðun starfsmanna. Hún telur umfjöllun Guardian vera einhliða og segir ásakanir ekki eiga við rök að styðjast, enda hafi ekkert verið gert til að leita eftir svörum frá Bakkavör. „Það er reglulegt eftirlit haft af hálfu fyrirtækisins og utanaðkomandi aðila, svo sem viðskiptavina og opinberra aðila," segir hún um heimsókn Tesco sem sé reglubundnu gæðaeftirliti.

Katsouris, sem er einn af meginbirgjum Tesco, ákvað að innkalla 500 þúsund dósir af ídýfum í varúðarskyni eftir að salmonella fannst í framleiðslunni fyrir um tveimur mánuðum. Hildur segir að athugun Tesco og innköllunin séu algjörlega ótengd mál. „Orsökin fyrir innkölluninni lá í aðkeyptu hráefni sem við gátum lítið að gert."

Í tilkynningu frá Tesco, sem Guardian birtir, kemur fram að félagið skoði aðstæður hjá framleiðendum sínum, ýmist með því að boða komur sínar eða fyrirvaralaust. Komið hafi í ljós við skoðun hjá Katsouris að ýmislegt hafi mátt betur fara og muni fyrirtækið vinna með framleiðenda í að bæta þau atriði. Forsvarsmenn GMB fullyrða að Tesco hafi fundið við athugun sína 34 atriði sem brjóti í bága við öryggis- og heilbrigðisreglugerðir. Hildur segir þarna um misskilning Guardian að ræða, þarna hafi ekki um heilbrigðis- og öryggisatriði að ræða heldur reglubundið framleiðslueftirlit.

Spurð hvort viðskiptasamband Tesco og Bakkavarar kunni að vera í hættu segir hún að ekkert gefi tilefni til þess. „Það er eðlilegt í úttekt sem þessari að það sé eitthvað rými fyrir að gera betur." eggert@frettabladid.is



**HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL GROUP** FL Group tapaði um 100 milljónum íslenskra króna á hlutafjáreign sinni í danska raftækjaframleiðandanum Bang & Olufsen. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# FL Group tapaði 100 milljónum á Bang & Olufsen

**FL Group hefur selt alla hluti sína, 10,76 prósent, í danska raftækjaframleiðandanum Bang & Olufsen fyrir 10,2 milljarða króna. Tap FL Group á fjárfestingunni nemur um 100 milljónum króna.**

FL Group kom inn í hlutahafahóp Bang & Olufsen í febrúar í fyrra með kaupum á 8,2 prósenta hlut fyrir 7,5 milljarða króna. Það bætti fljótlega við sig og jók hann smám saman í 10,76 prósent.

Afkoma Bang og Olufsen hefur verið undir væntingum og hefur gengi bréfa í félaginu lækkað um sjö prósent frá því FL Group kom inn í hluthafahópinn í fyrra.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi FL Group, segir ljóst að félagið hafi ekki hagnast á kaupunum. Megi vænta betri ávöxtunar á öðrum vettvangi og hafi því verið ákveðið að selja bréfin til hóps danskra og alþjóðlegra stofnanafjárfesta.

Að sögn Kristjáns er ætlunin að setja söluandvirði bréfanna í verkefni þar sem peningarnir vinni betur fyrir sér en hjá Bang & Olufsen. „Svo þurfum við alltaf á því að halda að geta fært pening úr einu verkefni í annað og leitum alltaf eftir eins góðri ávöxtun og við getum fengið," segir hann og bætir við að FL Group sé ætíð að skoða ný verkefni. Slíkt krefjist fjármagns.

Danska blaðið Börsen greindi frá því í gærmorgun að FL Group hefði tapað jafnvirði um 670 milljóna íslenskra króna á viðskiptunum. Kristján segir svo ekki vera. Hafi blaðið ekki tekið tillit til arðgreiðslna og mismunandi gengis á bréfum í Bang & Olufsen við kaup FL Group og því hafi verið farið fram á að Börsen leiðrétti skrif sín. Kristján sagði það engu að síður rétt að FL Group hefði tapað á fjárfestingunni. Fjárhæðin væri hins vegar mun lægri, um 100 milljónir íslenskra króna. jonab@frettabladid.is




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mörg þúsund kvenna hafa leitað skjóls í Kvennaathvarfinu frá stofnun þess.

## Kvennaathvarf í aldarfjórðung

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Samtök um kvennaathvarf verða 25 ára næstkomandi laugardag, 2. júní. Kvennaathvarfið tók svo til starfa hálfu ári síðar, í desember 1982. Fyrsta kvennaathvarfið var stofnað í Bretlandi í upphafi áttunda áratugarins en hugmyndin breiddist hratt út og hefur skotið rótum í vestrænu samfélagi.

Markmið Kvennaathvarfsins er að veita konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi, og börnum þeirra, skjól gagnvart ofbeldismönnum og einnig að vinna forvarnarstarf í því skyni að draga úr heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum. Sömuleiðis er markmið Kvennaathvarfsins að veita konum sem hafa orðið fyrir nauðgun aðstoð.

Auk þess að bjóða upp á dvöl fyrir konur sem kjósa að fara burt af heimilum sínum vegna ofbeldis býður Kvennaathvarfið upp á stuðningsviðtöl við konur sem búa við, eða hafa búið við, heimilisofbeldi. Sömuleiðis er í boði símaráðgjöf í athvarfinu allan sólarhringinn og sjálfshjálparhópar fyrir konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi.

*Framlag Samtaka um kvennaathvarf í aldarfjórðung er ómetanlegt og líf fjöldamargra kvenna hefur tekið nýja stefnu eftir dvöl í Kvennaathvarfinu.*

Ársskýrsla Kvennaathvarfsins sem kom út fyrr í mánuðinum sýnir svo ekki verður um villst að þörfin á kvennaathvarfi er afar mikil. Aldrei hafa fleiri komur verið skráðar í athvarfið en árið 2006 og aldrei fleiri viðtöl. Vissulega endurspegar það ekki endilega vaxandi þörf heldur vaxandi umræðu um kynbundið ofbeldi sem leiðir til þess að konur leita sér frekar aðstoðar þegar þær verða fyrir ofbeldi en þær gerðu áður.

Þeim konum sem kæra ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir fjölgar engu að síður afar hægt en að því er virðist örugglega. Í fyrra kærðu sextán prósent þeirra kvenna sem höfðu leitað til Kvennaathvarfs. Hlutfall kærðra nauðgana er ekki heldur hátt. Þegar lágt hlutfall dóma í málum sem snúa að kynbundnu ofbeldi er skoðað þarf ekki heldur að undrast að fórnarlömbin dragi í efa að það þjóni tilgangi að kæra. Þessu þarf að breyta og verður vitanlega ekki breytt nema með því að konur kæri ofbeldi sem þær verða fyrir.

Á síðasta þingi var samþykkt fimm ára aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Ástæða er til að fagna þessari áætlun og binda vonir við að hún skili sér í raunverulegu lífi fólks. Heimilið á að vera griðastaður. Þar á aldrei að líðast ofbeldi í krafti aflsmunar. Konur og karlar verða að vinna samhent að því að útrýma þessu ofbeldi.

Framlag Samtaka um kvennaathvarf í aldarfjórðung er ómetanlegt og líf fjöldamargra kvenna hefur tekið nýja stefnu eftir dvöl í Kvennaathvarfinu þar sem vítahringur ofbeldis hefur verið rofinn. Þannig hefur Kvennaathvarfið skipt sköpum og mun gera áfram um ókomin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Veðjað vitlaust

Allmargir höfðu spáð því að Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, fengi stöðu þingflokksformanns, svona í sárabætur fyrir að fá ekki að verða ráðherra að sinni. Í gær kom svo í ljós að þeir sem því höfðu spáð höfðu rangt fyrir sér þegar í ljós kom að Lúðvík Bergvinsson var kjörinn þingflokksformaður, en Lúðvík tapaði kjörinu um varaformannsembættið gegn Ágústi Ólafi. Hugsanlega hefur Ágústi Ólafi þótt meiri fengur í góðri þingnefndarformennsku en þar gæti hann hafa þurft að bítast um bestu bitana við Gunnar Svavarsson.



### Erfitt að láta af embætti

Fyrir þá sem hafa verið ráðherrar í lengri eða styttri tíma getur það verið heilmikil breyting að láta af embætti. Tveir fyrrverandi ráðherrar Framsóknarflokksins eiga enn eftir að sýna með táknrænum hætti að þessu hlutverki þeirra sé lokið í bili, en Valgerður Sverrisdóttir og Magnús Stefánsson titla sig enn ráðherra á heimasíðum, eða gerðu það að minnsta kosti í gær. Fyrirsögn á nýjasta pistli Magnúsar er reyndar „Fyrrverandi ráðherra!“ Sturla Böðvarsson hefur hins vegar skipt um haus á sinni síðu og titlar sig ekki lengur samgönguráðherra.



### Bæjarstjóri og forseti bæjarstjórnar ósáttir

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, og Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, báðir sjálfstæðismenn, gagnrýndu rekstur Strætó bs. í Fréttablaðinu í gær. Í dag er það svo Ármann Kr. Ólafsson, sjálfstæðismaður og stjórnarformaður Strætó, sem tekur upp hanskann fyrir fyrirtækið, en Ármann er einnig forseti bæjarstjórnar Kópavogs. Það ættu því að vera hæg heimatökin fyrir Gunnar og Ármann að ræða um ágæti reksturs Strætó bs. annars staðar en í fjölmiðlum og komast að niðurstöðu um hvort reksturinn gangi vel eða illa.

svanborg@frettabladid.is

## Fækkun ráðuneyta



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Endurskipulagning stjórnarráðsins

Þorsteinn Pálsson ritstjóri spurði um daginn beittrar spurningar í leiðara þessa blaðs. Úr því að Frökkum duga fimmtán ráðuneyti handa sextíu milljónum manns, hvers vegna þurfa Íslendingar tólf? Svarið blasir við. Það væri hægt að komast af með færri ráðuneyti og færri ráðherra. Verkefni sumra ráðuneytanna útheimta ekki óskiptan ráðherra, enda voru þau oftast á fyrri tíð aukabúgrein hjá ráðherrum í öðrum ráðuneytum. Tökum dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Þegar Borgaraflokknum var bætt í þriðju ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1989, var ráðherrum fjölgað úr níu í ellefu á þann veg, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið fékk í fyrsta skipti sérstakan ráðherra. Þetta var bersýnileg atvinnubótaráðstöfun. Sagan endurtók sig 1999, þegar ráðherrum var fjölgað úr tíu í tólf. Bólgan hefur birzt í ýmsum öðrum myndum eins og starfsheitin ráðherra Hagstofu Íslands og samstarfsráðherra Norðurlanda bera með sér.

Ríkisstjórnin nýja stefnir að því að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í nýju atvinnuvegaráðuneyti. Það er spor í rétta átt, en of stutt. Það á ekki vel við að kenna ráðuneyti við atvinnuvegi án þess að hafa langfjölmennustu atvinnuvegi landsins með: iðnað, verzlun og þjónustu. Það þarf að bæta iðnaðarráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu, sem voru á einni hendi frá 1988 þar til nú, í púkkið til að draga úr landlægum ríg milli atvinnuveganna og sætta ólík sjónarmið. Hingað til hafa útvegsmenn og bændur notað ráðuneyti sjávarútvegs og landbúnaðar til að hygla sjálfum sér sumpart á kostnað iðnaðar, verzlunar og þjónustu. Með því að færa yfirstjórn allra atvinnuvega á eina hendi er hægt að girða fyrir þennan gamla ríg og gæta almannahags. Atvinnuvegaráðherrann

*Ríkisstjórnin nýja stefnir að því að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið í nýju atvinnuvegaráðuneyti. Það er spor í rétta átt, en of stutt.*

þarf að bera hag allra atvinnuvega fyrir brjósti. Með líku lagi er í hagræðingarskyni hægt að sameina dóms- og kirkjumálaráðuneytið, samgönguráðuneytið og umhverfisráðuneytið í nýju innanríkisráðuneyti. Ráðuneytin þurfa ekki að vera fleiri en átta. Lítum á listann.

**Forsætisráðuneytið** þarf að færa í fyrra horf með því að færa umsýslu efnahagsmála aftur til fjármálaráðuneytisins og skerpa á verkstjórnarhlutverki forsætisráðuneytisins. Hagstjórnin fór úr böndunum, þegar valdsvið fjármálaráðuneytisins var þrengt fyrir nokkrum árum, Þjóðhagsstofnun var lögð niður og efnahagsmálin voru færð inn í hringiðu stjórnmálanna í forsætisráðuneytinu, þar sem þau eiga ekki heima.

**Utanríkisráðuneytið** helzt óbreytt. Evrópumálin munu skella á ráðuneytinu af fullum þunga, þegar umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verður lögð fram.

**Fjármálaráðuneytið** þarf að færa í fyrra horf með því fela því aftur óskoraða yfirumsjón hagstjórnarinnar og annarra efnahagsmála.

**Atvinnuvegaráðuneytið** fer með mál allra atvinnuvega eins og lýst er að framan.

**Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið** stendur óbreytt, nema rétt þyki að færa almannatryggingar til félagsmálaráðuneytisins eins og ríkisstjórnin áformar.

**Félagsmálaráðuneytið** getur létt tryggingamálum af heilbrigðisráðuneytinu. Einnig kemur til greina að sameina félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, svo að ráðuneytin verða þá sjö frekar en átta. Ráðherrar voru sjö frá 1960 til 1974.

**Menntamálaráðuneytið** er eins og það á að vera og þarfnast engrar yfirhalningar.

**Innanríkisráðuneytið** fer með dóms- og kirkjumál, samgöngumál og umhverfismál.

Er lítið gert úr umhverfismálum með því að hafa þau ekki áfram í sérstöku ráðuneyti? Nei. Við höfum haft sjö umhverfisráðherra síðan 1989, og enginn þeirra lyfti litla fingri til að hefta lausagöngu búfjár, sem er þó langbrýnasti umhverfisvandi Íslands. Við leysum ekki vandamál með því að fjölga ráðherrum. Hitt virðist líklegra, að fækkun ráðherra væri til bóta. Ný ríkisstjórn Geirs H. Haarde hefði átt að leggja upp með átta ráðherra, ekki tólf. Hún hefði þá unnið hugi og hjörtu landsfólksins í einu vetfangi. Hún þarf á meðbyr að halda, því að mörg brýn verkefni bíða úrlausnar, þar á meðal endurskipulagning verkaskiptingar í heilbrigðis- og menntamálum. Hefði ríkisstjórnin varðað veginn með vandlegri umskipun í eigin ranni strax í upphafi, hefði hún getað vænzt víðtæks stuðnings við margar erfiðar ákvarðanir. Enn er tími til stefnu. Það er aldrei of seint að breyta rétt.

## Vaxandi álútflutningur stuðlar að auknum stöðugleika

**UMRÆÐAN**
Álframleiðsla



BJARNI MÁR GYLFASON

Ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum og einsett sér að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Víðtækt jafnvægi á sem flestum sviðum er best til þess fallið að tryggja langvarandi hagvöxt og viðunandi starfsskilyrði fyrirtækja en um leið kaupmátt launafólks. Af einhverjum ástæðum vilja sumir skrifa það ójafnvægi, sem hér ríkir, á reikning ál- og orkuiðnaðar. Það á ekki við haldbær rök að styðjast. Þar vega aðrir þættir þyngra, aðallega breytingar á fasteignamarkaði, vaxandi einkaneysla, mikil samneysla og lækkun skatta.

Vissulega hafa byggingaframkvæmdir við ál- og orkuver í för með sér viðskiptahalla meðan á þeim stendur þar sem flytja þarf inn mikið af fjárfestingarvörum. Sá halli er hins vegar ekki vandamál þegar horft er til þess að árlega mun áliðnaðurinn flytja út verðmæti fyrir hundruð milljarða næstu áratugina. Sá útflutningur hefur jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð. Í þessu sambandi er oft talað um góðkynja viðskiptahalla þegar hann stafar af uppbyggingu nýrra útflutningsfyrirtækja.

Árið 2006 var ál flutt út fyrir ríflega 61 milljarð króna. Reiknað er með að útflutningurinn aukist um 75% á þessu ári og um 50% á því næsta og verði þá um 143 milljarðar. Þessi aukning er vegna stækkunar Norðuráls á Grundartanga og starfsemi Alcoa Fjarðaáls. Í fyrra nam álútflutningur 23,5% af heildarverðmæti vöruútflutnings en hlutfallið mun hækka í 35% á þessu ári og 41% á því næsta.

Vegna vaxandi vægis álútflutnings breikkar útflutningsgrunnur þjóðarbúsins og hvílir á fleiri sterkari stoðum en áður. Sá tímabundni viðskiptahalli, sem skapast vegna uppbyggingar ál- og orkuiðnaðar, er því síður en svo vandamál. Þvert á móti mun aukinn álútflutningur stuðla að betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum og vinna þannig með efnahagsmarkmiðum nýrrar ríkisstjórnar.

*Höfundur er hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.*














**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - LIECHTENSTEIN

Ísland og Liechtenstein mætast í hörkuleik í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 16:00 á laugardag.
Forsala aðgöngumiða verður í gegnum miðasölukerfi á ksi.is og midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið!
Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum.

Við minnum á söfnunina, útspark til Gambíu.

KSÍ 1947 60 2007

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · vodafone · www.getraunir.is · ICELANDAIR

MIÐAVERÐ Á LEIKDAG 2. JÚNÍ
Sæti á rauðu svæði kr. 4.000
Sæti á bláu svæði kr. 1.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.500

FORSALA TIL OG MEÐ 1. JÚNÍ
Sæti á rauðu svæði kr. 3.500
Sæti á bláu svæði kr. 1.000
Sæti á grænu svæði kr. 1.000

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið. Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

# Lífeyrissjóðsmál aldraðra

**UMRÆÐAN**
Lífeyrissjóðsmál



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Velferðarmálin og þar á meðal málefni aldraðra koma í hlut Samfylkingarinnar í hinni nýju ríkisstjórn. Þessi mál eru nú færð undir félagsmálaráðuneytið. Hér á árum áður heyrðu almannatryggingarnar undir félagsmálaráðuneytið og þá lagði Alþýðuflokkurinn alltaf áherslu á að fá það ráðuneyti. Hér hefur málum því verið skip- að á sama hátt og þá gerðist. Það er vel. Jóhanna Sigurðardóttir er félagsmálaráðherra í nýju stjórninni. Ég treysti henni vel fyrir þessum málum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: Ríkisstjórnin leggur áherslu á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja. Á grundvelli þessa ákvæðis getur Jóhanna unnið og leyst lífeyrismál aldraðra. Í kosningabaráttunni lagði Samfylkingin fram róttæka stefnuskrá um málefni aldraðra en þar sagði að Samfylkingin vildi leiðrétta lífeyri aldraðra, þar eð hann hefði dregist aftur úr launum annarra hópa í þjóðfélaginu. Í stefnuskránni sagði: Samfylkingin vill leiðrétta þetta misrétti. Og ennfremur sagði, að Samfylkingin vildi, að lífeyrir aldraðra dygði fyrir framfærslukostnaði eins og hann væri metinn í neyslukönnun Hagstofu Íslands. Ég treysti Jóhönnu fyrir þessu.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, að draga eigi úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu. Þetta stefnumið er í samræmi við baráttumál samtaka eldri borgara og Samfylkingarinnar. Ríkisstjórnin vill afnema tekjutengingu launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga og stefna að hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldurshópinn 67-70 ára. Það er ekki gott að ríkisstjórnin búi til ný aldursmörk fyrir ellilífeyrisþega. Fólk fer á eftirlaun 67 ára og margir hætta þá í vinnu. M.a. hafa þeir hætt vegna þess að svo mikið hefur farið í skatt af tekjum þeirra og vegna mikillar skerðingar á tryggingabótum þeirra. Eftir að ellilífeyrisþegar hætta að vinna getur verið erfitt að byrja á ný síðar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, að afnema eigi skerðingar tryggingabóta vegna launatekna maka, 70 ára og eldri. Hér eru einnig búin til ný aldursmörk. Ellilífeyrisaldur er 67 ára og því á að afnema skerðingu tryggingabóta vegna launatekna maka frá 67 ára aldri en ekki síðar. Einnig segir í stefnuyfirlýsingunni, að skoða eigi hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu. Það var í kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar, að lífeyrisþegar ættu að geta fengið 100 þúsund króna lífeyrissjóðstekjur án skerðingar tryggingabóta. Verður að ætla að félagsmálaráðherra reyni að tryggja það.

Samfylkingin lagði áherslu á það fyrir kosningarnar að eyða biðlistum eldri borgara eftir hjúkrunarrými og að tryggja sem flestum einbýli á hjúkrunarheimilum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, að hraða beri uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða og að einbýlum verði fjölgað. Einnig á að efla sólarhringsþjónustu fyrir aldraða og auka einstaklingsmiðaða þjónustu.

Það eru mörg góð ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en önnur vantar, t.d. um að lækka skatt á lífeyristekjum. Ekki ætti að vera hærri skattur en 10% á þann hluta lífeyrissjóðstekna, sem telst fjármagnstekjur. Að þeirri breytingu ber að vinna.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*


www.icelandexpress.is/eindhoven

Áfangastaður: Holland




Eindhoven

Eindhoven í Hollandi er falleg, fjölskylduvæn og frábærlega staðsett borg. Hvort sem þú leitar að afþreyingu fyrir alla fjölskylduna eða spennandi listalífi í bland við iðandi næturlíf, þá er óhætt að mæla með Eindhoven.

Þaðan er stutt til margra áhugaverðra borga, rétt rúmir 100 km til Amsterdam og upplagt að fá sér bíl hjá bílaleigunni Budget og láta ímyndunaraflið ráða för.

Hvað er í gangi?

| | |
|---|---|
| Edit Festival Klokgebouw | 9.–10. júní |
| Fiesta del Sol Miðbærinn | 22.–24. júní |
| Extrema Outdoors Aquabest | 21. júlí |

Bókaðu ódýrt fargjald til Eindhoven á www.icelandexpress.is!

VERÐ FRÁ: 7.995 kr.
Aðra leið með sköttum.

BÖRN: 50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600
www.icelandexpress.is

Iceland Express


# Ólga Össurar og söguskýringar

**UMRÆÐAN**
Ábyrgð Samfylkingarinnar

Mikinn fer Össur Skarphéðinsson í palladómum sínum og gustmikilli yfirreið um ritvöllinn í Fréttablaðinu á þriðjudaginn var. Nú setur ráðherrann á sig gleraugu sjáandans og rýnir í framtíðina, spáir um stöðugleika í samstarfi ríkisstjórnarflokkanna en ólgu og uppgjörum innan flokka stjórnarandstöðunnar. Allt er þetta gott og blessað og ber keim af óskhyggju fremur en spádómsgáfu Össurar. Um framtíðarsýn hans verður ekki deilt hér á þessum vettvangi en þess þá heldur er vert að kanna söguskýringar hans og greiningu á því sem liðið er.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Ljóst er að hann getur ekki einn og sjálfur axlað ábyrgð á örlögum krataflokksins heldur þarf að benda í ýmsar áttir til að kenna um ófarirnar og verður þá Steingrímur J. Sigfússon gjarnan fyrir valinu.

Af hverju lítur Össur á nýja ríkisstjórn sem ófarir í stað þess að standa keikur við ákvörðun formanns og forystu flokksins? Það er fánýtt að fara að togast á um skýringar varðandi atburðarásina sólarhringana eftir kosningar því sérhver mun væntanlega túlka þá daga sér í hag. Hitt er annað að Framsókn gaf aldrei nein merki um að hún vildi ganga til samstarfs til vinstri. Þar á bæ vildu menn kanna möguleika á því að ganga til áframhaldandi samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn.

Á eftirminnilegum blaðamannafundi í beinni útsendingu tjáði Geir Haarde þjóðinni að Framsókn vildi út úr stjórninni og í sömu setningu að hann hygðist ganga til viðræðna við Samfylkingu um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Þar og þá á þessum degi kom formaður Samfylkingar í sjónvarp og tjáði þjóðinni að samtal hennar og Geirs Haarde væri of langt komið til að aðrir kostir væru í stöðunni. Í sama sjónvarpsþætti sammæltust Steingrímur J. Sigfússon og Guðni Ágústsson um að fela bæri Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur stjórnarmyndunarumboðið. Þarna var tækifærið. Þarna var tækifærið til vinstri stjórnar. Þarna var tækifærið til að kona yrði forsætisráðherra þjóðarinnar. Þarna lá ákvörðunin. Á þessum degi var afhjúpað að vilji forystu Samfylkingar var til þess eins að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum og allt tal um vinstri stjórn var orðin tóm. Þegar hið formlega tækifæri kom var því hent út í hafsauga og svo hefst greinaskrifaalda áhugamanna um stjórnmálaskýringar. Grein Össurar fellur í þann flokk.

Loks verður ekki hjá því komist að gera alvarlega athugasemd við skýringu Össurar á endalokum R-listans, sem hann telur hafi stafað af afskiptum forystu VG. Hér fer Össur Skarphéðinsson með staðlausa stafi. Endalok Reykjavíkurlistans hófust í furðulegri, órökréttri og fátkenndri leikfléttu Össurar Skarphéðinssonar þegar hann byrjaði talið um forsætisráðherraefnið í lok árs 2002 sem er ein sú hjákátlegasta sinnar gerðar í seinni tíð. Trúnaðarbrestur varð þá innan Reykjavíkurlistans vegna valdabrölts innan Samfylkingarinnar sem síðan leiddi til þeirrar niðurstöðu sem varð sumarið 2005. Sjálf var ég fulltrúi Vinstri grænna í viðræðum um áframhaldandi framboð um Reykjavíkurlista. Á tuttugasta og fimmta fundi komu fulltrúar Samfylkingar enn með þá afstöðu að borðinu að sá flokkur ætti tilkall til fleiri borgarfulltrúa en aðrir flokkar í samstarfinu og grundvallarreglan um jafna aðkomu flokkanna fór lönd og leið en sú regla hafði verið viðhöfð og skjalfest 1994, 1998 og 2002. Þarna átti að brjóta blað og Samfylkingin vildi semja um kjörfylgið sitt í bakherbergjum. Við Vinstri græn vorum óhrædd þá við að slíta viðræðunum. Ekkert nýtt var í spilunum nema yfirgangur Samfylkingarinnar og ósveigjanleiki.

*Reykjavíkurlistinn leið undir lok vegna valdapólitískra tilþrifa Samfylkingarinnar.*

Reykjavíkurlistinn leið undir lok vegna valdapólitískra tilþrifa Samfylkingarinnar. Það er einn af mörgum athyglisverðum köflum í sögu Jafnaðarmannaflokks Íslands sem flestir ef ekki allir eru betur fallnir til að skrifa en Össur Skarphéðinsson.

Við höfum á undanförnum misserum hlíft Samfylkingunni við að rekja suma þætti í þessari sögu; nú er ástæðulaust að sýna hlífisemi í hennar garð.

*Höfundur er oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Með kveðju til Flateyrar frá Sjálfstæðisflokknum

**Helgi Helgason, formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi, skrifar:**

Fyrir ekki svo löngu skrifaði ég grein með svipaðri yfirskrift af sama tilefni, en til Bolvíkinga. Tilefnið er stuðningur Sjálfstæðisflokksins við kvótakerfið sem er að ganga af sjávarbyggðunum dauðum. Síðast voru það slæmar fréttir frá Bolungarvík, nú er það frá Flateyri. Það kaldhæðna við þessar fréttir er að þær berast frá byggðarlögum þar sem Sjálfstæðisflokkurinn, varðhundur kvótakerfisins, er sterkur.

Maður getur velt fyrir sér hvernig stendur á því að fólk sem lætur bjóða sér að verða fyrir atvinnumissi, að verða fyrir því að undirstaða atvinnu þess er gefin fáum (kvótinn), að verða fyrir því að sjóðir sem það hefur sameiginlega byggt upp til að reka þetta þjóðfélag eru misnotaðir (eftirlaunafrumvarpið) fellur kosningar eftir kosningar í sömu gryfju, að kjósa þá sem er í raun alveg sama um það. Sjálfstæðisflokkinn.

Ekki kæmi mér á óvart að þessi niðurstaða um söluna á skipum og kvóta hafi verið fengin fyrir kosningar. Með samráði hafi verið ákveðið að þegja um sölu skips og kvóta fram yfir kosningar vegna þess að það voru hagsmunir beggja aðila, þ.e. Sjálfstæðisflokksins og sægreifanna. Hagsmunir Sjálfstæðisflokksins til þess að fæla ekki kjósendur frá og hagsmunir kvóta greifana til þess að tryggja að umræðan sem skapaðist um málið yrði ekki til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hrökklaðist úr stjórn. Einar Oddur Kristjánsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins er búsettur á Flateyri. Honum dettur snilldarlegt bragð í hug til þess að firra Sjálfstæðisflokkinn og sjálfan sig ábyrgð á martröðinni sem er að dembast yfir fólkið sem trúir honum og treystir. Hann skellir skuldinni á Davíð Oddsson og Seðlabankann! Hann segir: „Ég hef lengi óttast það að þetta vaxtastig og þessi vaxtastefna Seðlabankans mundi leiða til þess að öll útgerð og fiskvinnsla á strandlengjunni umhverfis landið legðist af.“

Er þetta nú trúverðugur málflutningur? Það finnst okkur Frjálslyndum ekki. Við viljum fiskinn aftur til fólksins í sjávarbyggðunum hvað sem vaxtastefnu Seðlabankanns líður.

### Ný vörusending

af barnafatnaði er komin í verslunina Lykkjufall, Garðastræti 2. Barnabolir og samfellur merktar heimsfrægum hljómsveitum og plastsmekkir með athyglisverðum áletrunum svo fátt eitt sé nefnt. Hægt er að afla sér frekari upplýsinga um vöruna á vefsíðunni www.lykkjufall.is




### Yfirlit yfir hlaup

á næstu vikum er að finna á vefsíðunni www.hlaup.is. Er þar hægt að skrá sig í þau, með því að nota kreditkort til að greiða fyrir þátttökuna. Þetta gerir hlaupurum hægara um vik, þar sem þeir þurfa þá aðeins að mæta á staðinn og fá afhent númer til að geta tekið þátt.

### Verslunin Ikea

hefur tekið til sölu nýja húsbúnaðarlínu, Stockholm, sem er hönnuð af þekktustu hönnuðum fyrirtækisins og búin til úr ósviknum efnum, eins og leðri, angóruull og gegnheilum við. Er markmiðið að framleiða vörur af sama gæðastaðli og vönduð merki ásamt því að vera á viðráðanlegu verði.














Katrin og Dejan voru meðal þeirra goth-pönkara sem sóttu goth-tónlistarhátíð í Leipzig í síðustu viku. Goth-tískan verður æ vinsælli með ári hverju og nýir „gotharar" spretta upp sem goth-kúlur. MYND/GETTY IMAGES

# Spretta eins og goth-kúlur

***Goth-tískan á upptök sín í nýbylgju níunda áratugarins, en útgáfumógúllinn Tony Wilson sagði eitt sinn að hljómsveitin Joy Division væri gotnesk miðað við það sem væri að gerast í samtímanum og þaðan er líkingin sprottin.***

Undanfarið hefur goth-tískan átt vaxandi fylgi að fagna en sem dæmi um það má nefna mætingu á Wave Gothic-tónlistarhátíðina í Leipzig í Þýskalandi. Fyrsta hátíðin, sem haldin var árið 1992, státaði af tíu hljómsveitum á einu kvöldi en nú stendur hátíðin í fjóra daga og er dreifð um alla borgina.

Goth-stíllinn svokallaði er misjafn þótt undirstaðan sé alltaf svarti liturinn, drungi og mikið drama. „Gotharinn" getur þannig klæðst öllu frá svörtum jakkafötum og bol með áprentaðri hljómsveitarmynd yfir í korselett eða púffermaskyrtu, haft hring á hverjum fingri og fimm þung silfurhálsmen.

Goth-stefnan er líklega sú eina í dag sem leyfir strákum að mála sig.

Í henni má stundum vart milli sjá af hvoru kyninu „gotharinn" er og þannig myndi enginn gera athugasemd þó að „gotharinn" Hreggviður mætti í afmælisboð íklæddur korseletti með langar rauðar neglur. Goth-fjölskyldan er nefnilega opin fyrir öllu, svo lengi sem það er ekki „normal" eða hresst.

*mhg@frettabladid.is*





**Stór sólgleraugu** eru áfram inni í sumar og jafnvel enn stærri en í fyrra.

Nýtt á Íslandi! NO STRESS




Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.




NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.




Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr.
á mán í 3 mán .- Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr.
á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



Flottir leðurjakkar
á góðu verði
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

Tösku- og hanskabúðin ehf.
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík, Sími 551-5814, Fax 552-9664



Ný sending
Fallegar sumartöskur
í rauðu, hvítu og drapplitu
kr. 3.800.-



Sumarpils á
2.500 kr.
5 litir
Rita
Bæjarlind 6 - s. 554-7030
Eddufelli 2 - s. 557-1730

# Er sumarið kom yfir sæinn

***… og sólskinið ljómaði um bæinn. Flest getum við tekið undir að fátt sé yndislegra en íslenskt sumar þegar það skartar sínu fegursta. Konur á öllum aldri fá þess þá notið að fara í léttari föt og láta sólina skína á skrokkinn og tískuvöruverslanir eru flestum hliðhollar því tískan býður upp á einstaklega fjölbreytt úrval um þessar mundir. Hér gefur að líta ólíkar tískustefnur sem taka mið af þremur aldursskeiðum.***

**1. Kjóll með Heidi-ívafi. Zara, Kringlunni.**

*Smiley* – hressandi ilmur sem dregur fram bros á vör.
„*Rómverskir*“ gylltir sandalar, Focus, Kringlunni.
*Gyllt armbönd*, Accessorize, Kringlunni.

**2. Kynþokki og klassi í silkikjól frá Oasis, Kringlunni.**

*Armband.* Oasis.
*Skór.* Nine West.
*Pop Cherub* augnskuggarnir frá Lancomé eru hluti af sumarlínunni 2007. Geggjaðar umbúðir og fallegir litir.

**3. Bolur og silkipils með gömlu japönsku munstri. Noa Noa.**

*Fallegur* varalitur frá Helena Rubinstein.
*Bleikir skór* frá Nine West.
*Armbönd* frá Accessorize.

1








2











3












**Bikiní-lína** Hennes og Mauritz og Kylie Minogue er falleg, nýstískuleg og ódýr. Hennes og Mauritz-verslanir er að finna í öllum stærri borgum Evrópu.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Ítölsk fágun og anorexíublær

Nú styttist óðum í að sundfatatíminn hefjist og því vissara að vera í formi. Kannski herrarnir geti notað sér alla þá tækni sem um var talað í síðustu viku fyrir konur. Þeir geta í það minnsta reynt alls kyns bræðslutöflur og krem, þó líklega séu íþróttirnar besta lausnin.

En það eru ekki aðeins sundfötin sem valda vanda fyrir þá sem eru þéttir á velli, heldur líka fatatískan. Almennt má segja að herratískan hafi öðrum þræði fágað, ítalskt yfirbragð. Á hinn bóginn hefur aldrei verið meira afturhvarf til áranna ´60-´70 og ef ekki ´60-´70 þá eru það áhrif frá ´80 í glam/rokk stílnum. Það má sjá að Hedi Slimane hefur sett varanlegt mark á herratískuna þó hann láti nú af störfum sem aðalhönnuður Dior-herralínunnar þar sem hann hefur verið afar farsæll. Þessi þrönga horrenglutíska er allsráðandi í sumar eins og síðustu misseri. Því miður felur þessi klæðnaður illa yfirvigt og því vissara að velja eitthvað annað fyrir þá sem eru yfir 70 kílóum. Til eru þeir líka sem eru of horaðir til að vera í „slim“ stílnum því þessi þröngi klæðnaður undirstrikar vöðvaleysi og leggir eins og hálmstrá verða að engu í slim-gallabuxum.

Rétt er að hafa í huga að maður með góðan smekk og stíl verður alltaf maður með góðan smekk og stíl, hvort sem hann er í hátísku eða ekki.



Vor- og sumartískan frá Soniu Rykiel.

Síðasta sumar var það bleiki liturinn sem hélt innreið sína í fataskápa karla og er þar enn. Við bætist gult og rautt í skyrtum sem notaðar eru við hvítar hörbuxur eða gallabuxur. Buxur geta einnig verið í sægrænu (Gas) eða myntugrænu (Lacoste). Áprentað munstur verður nú áberandi í ýmsum litum sem hefur verið meira ríkjandi í kventísku undanfarin misseri en heldur nú innreið sína í herratískuna. Síðasta sumar voru bermúda-hnébuxurnar áberandi og verða það áfram í sumar. Það er því alveg hægt að taka þær fram að nýju sem keyptar voru fyrir ári. Í sumar eru stuttbuxurnar notaðar við nokkuð fína jakka, líkt og jakkaföt með stuttum buxum (Benetton). Hins vegar segja tískufræðingarnir að við þennan búning eigi að nota mokkasíur en alls ekki þvengskó (tong), það sé algjört stílbrot.

Önnur mikilvæg flík í sumar er pólóbolurinn, annað hvort einlitur eða í sterkum litum eins og eldrauðu (Lacoste) eða röndóttu, mjög sixtie´s.

Lykilorðið í tískuheiminum síðustu ár er fylgihutir og karlmenn fara ekki varhluta af þeirri þróun. Nú eiga allir menn að ganga með tösku og helst á hún að vera úr leðri því tautöskur eru á útleið. Herratöskurnar eru í sumar með rennilásum og aukahlutum til skreytinga líkt og kventöskur hafa verið.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Barton sem hin sænska Greta Garbo, sem er sjálfsagt ein dularfyllsta kvikmyndastjarna sem uppi hefur verið.

# Mischa gerist módel

***Mischa Barton situr fyrir í nýjasta tölublaði Elle.***

Leikkonan Mischa Barton, sem er þekktust fyrir leik sinn í bandarísku sjónvarpsþáttunum O.C., situr fyrir í nýjasta tölublaðinu af franskri útgáfu tískutímaritsins Elle.

Barton, sem sagði skilið við O.C. í miðjum klíðum, var á sínum tíma harðlega gagnrýnd fyrir takmarkaða leikhæfileika af aðdáendum þáttanna og þykir enn eiga eftir að sýna hvað í henni býr.

Vonast leikkonan unga til að væntanleg verkefni, svo sem kvikmyndirnar Virgin Territory, St. Trinian's og Don't Fade Away sem koma allar út á þessu ári, eigi eftir að kveða þessar gagnrýnisraddir í kútinn.

Það er því kannski ákveðin kaldhæðni að Barton skuli bregða sér í gervi ýmissa kvikmyndagyðja í Elle, þar á meðal Gretu Garbo, Ritu Hayworth, Marilyn Monroe og Marlene Dietrich. Það er þó aldrei að vita nema að hún hafi uppgötvað vettvang þar sem hæfileikarnir koma að betri notum.

*- rve*




Flott föt

Stærðir 36-48

bianca

gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533

Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

SKECHERS ACTIVE

á börnin



Stærðir: 27 - 35
4.690 kr.



Stærðir 27 - 35
4.690 kr.



Stærðir 27 - 35
5.890 kr.



Stærðir 21 - 26
5.990 kr.



Stærðir 21 - 26
5.390 kr.

www.xena.is

xena

SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240



Dragtadagar 20% afsláttur

SAND WOMAN

KRINGLUNNI 553 4141

**Húshjálp** getur verið dásamleg stöku sinnum. Hvað er betra en að splæsa á sig vel bónuðum gólfum og draumnum um Ajax af og til?



ETHNICRAFT LÍNAN
MEÐ 15% AFSLÆTTI ÚT MAÍ
MAÍ TILBOÐ
VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING Í 6 MÁNUÐI

TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS


Makalaust úrval gólfefna!
Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandaðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.
GÓLFEFNI TEPPALAND
ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18

Vinsælu garðhúsgögnin frá Kanada komin aftur.
Fyrsta sending seldist upp.


Sedrus viður sem að þolir íslenska veðráttu.
Lene Bjerre
Bæjarlind 6, Kóp. • s. 534 7470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16



Ikea 1.690 kr.

Ikea. 395 kr.

Ikea. 2.490 kr.



Ikea. 1.990 kr.

Ikea. 1.990 kr.



Ikea. 1.890 kr.



Ikea. 895 kr.

# Notalegheit í bústaðnum

***Góðar sængur og koddar geta gert gæfumuninn í sumarfríinu.***

Sumarbústaðaferðir eru yfirleitt farnar til þess að komast frá ys og þys þéttbýlisins, hafa það notalegt og slappa af. Til að hvíldin verði sem best skiptir máli að í sumarbústaðnum séu góð rúm, góðar sængur og góðir koddar. Í Ikea og Rúmfatalagernum má fá ýmsar tegundir af sængum, koddum og fallegum rúmfötum á góðu verði auk þess sem þar er mikið úrval af púðum og teppum sem geta líka komið sér vel í sumarbústaðinn.



Ikea. 2.490 kr.

Ikea. 495 kr.



Rúmfatalagerinn. 3.990 kr.



Rúmfatalagerinn. 1.490 kr.



Rúmfatalagerinn. 990 kr.



Rúmfatalagerinn. 2.990 kr.



Rúmfatalagerinn. 990 kr.

**Kraum** er ný verslun með íslenska hönnun í bakhúsi Fógetahússins í Aðalstræti 10 í miðbæ Reykjavíkur. Kraum verður opnað 31. maí.




Gluggar úr pappír eru einkennandi fyrir mörg hefðbundin japönsk heimili.


Hefðbundin japönsk testofa. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Á lágum stól við lítið borð

***Japönsk heimili eru heillandi og allt öðruvísi en þau vestrænu.***

Í Japan er til siðs að fara úr skónum þegar komið er inn á heimili. Þetta lýsir kannski best þeirri virðingu sem Japanar bera fyrir híbýlum sínum en algengt er að inniskór séu geymdir í forstofunni bæði fyrir heimilisfólk og gesti.

Rýmin í japönskum húsum eru einnig af öðrum meiði en í vestrænum. Fyrir utan eldhús og baðherbergi eru herbergin í húsunum ekki endilega skilgreind eftir því hvort þau eru stofur eða svefnherbergi heldur geta þjónað mismunandi tilgangi. Sum hús eru með alrými sem skipt er niður með nokkurs konar færanlegum veggjum úr pappír og tré.

Það sem einkennir þó hefðbundin japönsk heimili og það sem flestir þekkja í heiminum er húsgögnin. Í stað stóla eru púðar sem setið er á á hnjánum og borðin eru lág.


Falleg japönsk stofa með hefðbundnum húsgögnum.


Ný handklæðasending
Nýjar gerðir
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Lokasala
30-70% afsláttur
30% afsláttur
af rafstillanlegum rúmum, stökum dýnum og yfirdýnum.
40% afsláttur
af borðlömpum, baðsloppum, handklæðum og rúmteppum.
50-70% afsláttur
af höfðagöflum, rúmteppasettum ofl.
rúmco
Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 12 – 18.

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT


Síðustu tilboðsdagar
tilboðinu lýkur 11. júní og verður ekki framlengt
Þitt er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði
Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.
20%
Allar Nettoline innréttingar með 20% afslætti til 11. júní
Á tilboðsdögum veitum við einnig 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu
ELBA Snaigė Westinghouse
Eldavélar Ofnar Helluborð Viftur & háfar Uppþvottavélar Kæli- og frystiskápar
20% það munar um minna!
Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-15
Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500





# sjómannslíf

FIMMTUDAGUR 31. MAÍ 2007

## Endurfundir skipsdrengja

**Á sjómannadaginn hittast drengir sem sigldu á skólaskipunum.** BLS. 8





FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




3000

Þjóðverjar á Vestfjörðum

*„Starfsmenn Lýsingar unnu hratt og örugglega úr umsókn okkar um fjármögnun vegna bátaútgerðar til sjóstangaveiða fyrir þýska ferðamenn á Vestfjörðum. Á síðasta ári komu 1000 Þjóðverjar vestur og bókanir eru tvöfalt fleiri fyrir næsta sumar.“*

**Óskar Guðmundsson, Próton ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500













Óskar Sævarsson, ferða- og markaðsmálafulltrúi Grindavíkur og forstöðumaður Saltfiskseturs, telur að hátt í tíu þúsund manns muni sækja sjómannahátíðina í Grindavík um helgina.

# Sjómannahátíð í sextíu ár

**Fjölskyldu- og sjómannahátíðin Sjóarinn síkáti mun standa yfir alla helgina í Grindavík með stanslausri dagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Óskar Sævarsson, ferða- og markaðsmálafulltrúi Grindavíkur og forstöðumaður Saltfiskseturs Íslands, segir dagskrána aldrei hafa verið eins glæsilega og nú.**

„Aðaldagur hátíðarinnar er á sunnudaginn en þá verðum við með gífurlegt úrval af leiktækjum og ýmsum uppákomum fyrir börnin, auk þess sem eldri sjómenn verða heiðraðir og veitt verðlaun fyrir þessar hefðbundnu keppnir sem fylgja sjómannadeginum,“ segir Óskar en tekur fram að keppnirnar fari þó fram á laugardaginn.

„Hátíðin hefst í raun og veru í kvöld þegar Óskalög sjómanna verða flutt í þriðja sinn. Það er ofsalega vinsæll viðburður sem byrjaði í litlu veitingahúsi hér í bænum en verður nú í Festi og ég held að það sé þegar orðið uppselt,“ segir Óskar og bætir því við að reyndar sé þessi viðburður einkaframtak og því utan við hefðbundna dagskrá sem hefst formlega 1. júní.

Óskar segir blúshátíð fléttast inn í hátíðina þetta árið en þar mun landslið blúsara mæta á svæðið. „Síðan verður hið geysivinsæla bryggjuball á föstudagskvöldið. Það hefst klukkan hálf níu og er fyrir alla fjölskylduna. Við áætluðum að það hefðu verið um 1.500 manns á ballinu í fyrra og það verða örugglega ekki færri núna,“ segir Óskar og heldur áfram: „Laugardagskvöldið verður svo endað með stæl því þá fáum við Magna og Kalla Bjarna í Festi en að auki verða góðar hljómsveitir á fimm stöðum í bænum. Rúta mun keyra á milli allra staðanna og einn miði gildir á þá alla þetta kvöld.“

Þar sem fagnað er sextíu ára afmæli sjómannadagshátíðarinnar í Grindavík í ár er dagskráin veglegri en áður hefur verið og gríðarlega mikil stemning, að sögn Óskars, auk þess sem hún er enn fjölskylduvænni. „Það vantar reyndar inn í dagskrána að hafrannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson verður opið almenningi til sýnis á föstudaginn. Annars er náttúrlega rosalega mikið af viðburðum alla helgina og erfitt að draga út aðalatriðin í því. Ég bendi á að við verðum með stórt og mikið tún fyrir húsbíla núna enda hafa yfirleitt verið fjölmargir slíkir á svæðinu,“ segir Óskar, sem reiknar með allt að tíu þúsund gestum í Grindavík um helgina. *sigridurh@frettabladid.is*



**Á sjómannadaginn er keppt í ýmsum óhefðbundum keppnisgreinum, eins og þessari sem gengur út á að koma andstæðingnum í höfnina.** MYND/ODDGEIR KARLSSON



**Það er jafnan gríðarleg stemning á bryggjunni þegar sjómennirnir reyna með sér í hinum ýmsu þrautum. Hér er það jafnvægið og hraðinn sem gilda.**



**Dagskrá Sjóarans síkáta er sérlega fjölskylduvæn í ár og börnin ættu að geta skemmt sér vel við hina ýmsu viðburði alla helgina.**






Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með 184 skrifstofur í 31 landi, rekur 45 skip, 25 flugvélar og 1.350 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 9.500 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

… hugsum stórt

EIMSKIP

Korngörðum 2   104 Reykjavík   Sími 525 7000   Fax 525 7709   www.eimskip.is

Himinn og haf / SÍA



Hápunktur ferðarinnar er þegar skelsköfu er varpað fyrir borð og alls kyns góðgæti veitt af sjávarbotni. Sjávarfangið er síðan borið fram með hvítvíni, fyrir þá sem panta sér það sérstaklega. Nánari upplýsingar um Sæferðir á www.seatours.is.



Svanborg og dóttir hennar, Lára Hrönn Pétursdóttur, sem er skipstjóri á Særúnu og Brimrúnu en fjölskyldan er mestöll viðloðandi sjómennsku. Þess má geta að Lára tekur einstaka sinnum lagið liggi sá gállinn á henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROALD

# Á syngjandi siglingu

**Siglingafyrirtækið Sæferðir stendur fyrir skemmtiferðum frá Stykkishólmi, þar sem fjölbreytilegt fuglalíf og bergmyndanir eru meðal annars skoðaðar, farið á söguslóðir og boðið upp á góðgæti úr sjónum.**

„Við siglum fyrst frá höfninni í Stykkishólmi að eyjunum og skoðum sérstæðar bergmyndanir og fuglabjörg. Það er með ólíkindum hversu nálægt maður kemst fuglunum. Þeir eru eiginlega farnir að njóta allrar athyglinnar og láta bara eins og kvikmyndastjörnur,“ segir Svanborg Siggeirsdóttir, einn eigenda og annar stofnandi Sæferða.

Þegar ferðamenn hafa fengið nægju sína af fuglalífi og bergi er viðkoma höfð á svæði þar sem Eiríkur rauði lagði af stað til Grænlands og siglt um sterka strauma í kringum eyjarnar. Að svo búnu er skelsköfunni varpað út fyrir og krabbar, kuðungar, krossfiskar, hörpuskeljar, ígulker og annað lostæti veitt upp af sjávarbotni. Svanborg segir hvítvín fáanlegt með, en ákveðið var að bjóða upp á það í kjölfar fjölda áskorana frá frönskum ferðamönnum, sem þykir hvítvínið ómissandi þáttur með þessum krásum.

Að sögn Svanborgar finnst flestum sjávarfangið gott, þótt einstaka gestum klígji við því, og engu líkara en fólk komist nálægt frummanninum í sjálfum sér þegar það gramsar í góðgætinu. Undirritaður getur tekið heilshugar undir þá fullyrðingu, þar sem hann bragðaði á ígulkerahrognum á siglingu með Sæferðum um daginn og upplifði sig sem ótrúlega hetju fyrir vikið. „Já, það eru ekki margir sem hætta sér í þau og halda sig bara við skelfiskinn,“ segir Svanborg minnug atviksins og hlær.

Auk matarveislu ofan á þilfari er Baldur búinn veitingahúsi, sem rúmar allt að hundrað manns. Ef marka má Svanborgu er þar ekki aðeins hægt að fá góðan mat, heldur rifja upp gamla danstakta þar sem fínasta dansgólf er fyrir miðjum veislusal. „Svo stöndum við fyrir alls kyns óvæntum uppákomum um borð,“ bætir hún við. „Aðallega í tengslum við óvissu-, vinnu- og hvataferðir fyrirtækja og hópa, sem verða sífellt vinsælli, ásamt öðrum sérsniðnum ferðum.“

Svanborg hikar sjálf ekki við að taka þátt í sprellinu, eins og blaðamaður varð vitni að, þegar hún birtist ferðalöngunum að óvörum uppáklædd sem grýla og var ekki laust við að mönnum brygði heldur betur í brún við að sjá þessa ógnvænlegu veru standandi inni í miðjum matsal. „Það var nú tilfallandi,“ segir hún, þegar hún er minnt á það og hlær. „Annars gerir maður nú ýmislegt til að verða við séróskum hvers og eins, enda aðalatriðið að gera siglinguna sem eftirminnilegasta í alla staði.“

*roald@frettabladid.is*


# Í örugga höfn




SIGLINGASTOFNUN

Siglingastofnun Íslands Vesturvör 2, 200 Kópavogi
Sími: 560 0000. Bréfsími: 560 0060
Heimasíða: www.sigling.is


**● HRAFNISTUMENN**

Árið 1939 efndi sjómannadagsráð til samkeppni um ljóð og lag fyrir sjómannadaginn. Magnús Stefánsson hlaut verðlaun fyrir ljóð sitt „Hrafnistumenn“ við lag eftir Emil Thoroddsen. Það er nú einkennissöngur sjómannadagsins.

*Íslands Hrafnistumenn*
*lifðu tímamót tvenn*
*þó að töf yrði á framsóknarleið.*
*Eftir súðbyrðings för*
*kom hinn seglprúði knörr*
*eftir seglskipið vélknúin skeið.*
*En þótt tækjum sé breytt*
*þá er eðlið samt eitt*
*eins og ætlunarverkið er*
*sjómannsins beið.*



# Menntastofnun fyrir sjómenn



Fjöltækniskóli Íslands býður upp á menntun fyrir sjómenn og verðandi sjómenn frá þremur sviðum skólans; vélstjórnarsviði, skipstjórnarsviði og sjávarútvegssviði.

Á vélstjórnarsviði er kennd vélstjórn og vélfræði frá fyrsta stigi réttinda upp í það fjórða og fá nemendur stigvaxandi réttindi til starfa eftir því sem á námið líður. Þannig geta nemendur hætt eftir tiltekinn áfanga og farið út í atvinnulífið með þau réttindi sem þeir hafa lokið.

Vélstjórar og vélfræðingar starfa ekki aðeins á sjó, heldur er slík menntun nýtileg til fjölmargra starfa í landi.

Á skipstjórnarsviði er kennd skipstjórn allt frá þrjátíu rúmlestum og upp í varðskipadeild en eins og á Vélstjórnarsviðinu fá nemendur aukin réttindi við hvern áfanga námsins. Skipstjórnarmenn starfa í raun sem framkvæmdastjórar og hafa því gjarnan verið ráðnir til stjórnunarstarfa í landi jafnt sem á sjó. Inngönguskilyrði á vélstjórnarsvið og skipstjórnarsvið er grunnskólapróf.

Sjávarútvegssviðið er nýtt svið í Fjöltækniskólanum og er ætlað að þróa sjávarútvegsnám í samvinnu við atvinnuveginn. Það nám er sérhæft og leiðir til stjórnunarstarfs í sjávarútvegi fyrir þá sem hafa skipstjórn eða vélstjórn sem grunn. Eins er hægt að hefja nám við sjávarútvegssvið að loknu stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

*-sig*



Útsalan hafin

# LAGERÚTSALA

## allt á að seljast

Takmarkað magn

Gildir meðan birgðir endast




**20-70% afsláttur**

25% afsláttur af fylgihlutum







Heilsudýnur
Stakar dýnur
King dýnur frá kr. 50.000
Náttborð
Höfuðgaflar
Kommóður
Sófasett
Smávara og gjafavara



HÚSGÖGNIN HEIM AKUREYRI



HÚSGÖGNIN HEIM AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is




Klettháls 13
2. hæð

Sími 567 2255

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

# Áhugaverður og skemmtilegur vinnustaður

**Um 160 manns starfa að ýmsum rannsóknarverkefnum hjá Hafrannsóknastofnuninni. Þrátt fyrir að vera milli steins og sleggju segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri stofnunarinnar, Hafró vera góðan vinnustað.**

Fræðingarnir hjá Hafrannsóknastofnuninni eru ekki öfundsverðir af hlutskipti sínu. Þegar þeir gefa upp niðurstöður sínar og setja fram tillögur um kvóta eru yfirleitt flestir óánægðir. Útgerðarmenn vilja meira og umhverfissinnar minna og mitt á milli steinsins og sleggjunnar eru starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar.

„Við tökum þessu öllu með stillingu og ró,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar. „Við gerum okkur grein fyrir hversu mikilvæga hluti við fjöllum um. Hluti sem skipta þjóðarbúið og afkomu samfélagsins í heild miklu máli og því er bara eðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir.“

Eðlilega vinnur Hafró út frá bestu fáanlegu rannsóknargögnum hverju sinni en Jóhann er fyrstur manna að viðurkenna að ekkert sé óbrigðult. „Við vinnum eftir bestu vitund en auðvitað erum við ekki óskeikulir frekar en aðrir,“ segir Jóhann. „Við reynum að hlusta á öll sjónarmið því auðvitað eiga gagnrýnisraddir fullan rétt á sér og geta jafnvel verið leiðbeinandi fyrir okkur.“

Starfsandinn er þrátt fyrir pressuna mjög góður á Hafrannsóknastofnuninni. „Hér er mjög áhugavert og skemmtilegt að vinna,“ segir Jóhann. „Með öllum útibúum og áhöfnum rannsóknaskipa okkar eru 160 manns sem starfa hér við fjölbreytt verkefni.“

Hafró er með útibú víða um land og eru þau, ásamt rannsóknarskipunum tveimur Bjarna Sæmundssyni RE 30 og Árna Friðrikssyni RE 200, augu og eyru stofnunarinnar. Unnið er að fjölmörgum rannsóknarverkefnum allan ársins hring, allt frá fiskeldisrannsóknum og mengunarmælingum að rannsóknum á botnlífi landgrunnsins og áhrifum veiðafæra á það. „Við erum líka í miklum tengslum við sjómennina sjálfa og vinnum mikið með þeim og það er alltaf ánægjulegt,“ segir Jóhann.

Hafrannsóknastofnunin tekur þátt í hátíðarhöldum sjómannadagsins og helgarinnar með ýmsum hætti. Bjarni Sæmundsson RE 30 verður til sýnis í Grindavík í dag, föstudag, en þangað rak þessi fyrsti íslenski fiskifræðingur, sem skipið er nefnt eftir, ættir sínar. Í Reykjavík tekur stofnunin þátt í Degi hafsins og verða ýmis eintök af fiskum til sýnis sem fengist hafa í rannsóknarleiðöngrum. „Sjálfur verð ég á vappi með fjölskyldunni hér í Reykjavík en það er hefð hjá mér,“ segir Jóhann að lokum.

tryggvi@frettabladid.is



Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, er einn af 160 starfsmönnum hennar. Þeir eru um allt land og allan sæ.



Eitt af meginhlutverkum Hafrannsóknastofnunarinnar er að ráðleggja sjávarútvegsráðherra hversu mikill kvótinn eigi að vera. Ekki er hægt að gera öllum til geðs og því alltaf einhverjir óánægðir með útkomuna.





SKF
... ekki bara legur !!
DRIFKEÐJUR
VERKFÆRI
REIMAR
ÁSTENGI
TANNHJÓL
REIMSKÍFUR
KLEMM-
FÓÐRINGAR
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is


www.svefn.is
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa
★★★★★

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

BRIM
SEAFOOD
Til hamingju með daginn sjómenn!

Sjómanna dagurinn

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra okkar bestu kveðjur
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Um borð í Sæbjörgu 4. júní 1963. Lengst til hægri er Gunnlaugur Garðarsson, nú sóknarprestur á Akureyri.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR//SVEINN ÞORMÓÐSSON

# Veiddum allt sem beit á

**Þeir herramenn sem um fermingaraldur sigldu kringum landið á skólaskipum, lærðu að beita, laga net og draga fisk úr sjó ætla að hittast í Höfða á sjómannadaginn klukkan 16 og deila minningum.**

Bernharð Hjaltalín leigubílstjóri á hugmyndina að fundi skólaskipsdrengjanna. „Ég fór til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra í haust og hann tók því vel að borgin efndi til smá athafnar á sjómannadaginn til að minnast námskeiðanna í Sæbjörgu og öðrum skólaskipum,“ segir hann brosandi. „Mér finnst svo mikið gert úr því sem miður fór í uppeldismálum fyrr á árum, til dæmis Breiðavíkurmálinu, að ég tel ástæðu til að vekja líka athygli á starfi sem leiddi til uppbyggingar unglinga og aukins þroska.“

Bernharð kveðst hafa farið tvö sumur í þriggja vikna túra með skólaskipinu Sæbjörgu. Það var á árunum 1962 og 1963 þegar hann var 13 og 14 ára og hann á góðar minningar frá veru sinni um borð. „Þetta var mjög gaman. Við vorum átján um borð í einu, sigldum hringinn kringum landið og veiddum allt sem beit á enda var þetta fyrir daga kvóta. Vorum með línu og handfæri þannig að þetta voru vistvænar veiðar. Svo var siglt inn á hafnirnar og landað. Skipstjórar á skólaskipunum voru Þröstur Sigtryggsson, Bjarni Helgason, sem dó ungur, og Helgi Hallvarðsson. Auk þess voru kennarar frá sjóvinnukennslu Lindargötuskólans með, þeir Halldór Halldórsson, Pétur Ólafsson og Hörður Þorsteinsson. Þeir kenndu okkur handtökin við veiðarnar, og hnýta hnúta og bæta net. Þetta snerist um að kenna sjómennsku frá A til Ö og við unnum á sex tíma vöktum.“

Ekki minnist Bernharð erfiðleika eða hörku í sambandi við sjóferðirnar. „Yfirmennirnir voru góðir við okkur. Ef eitthvað var að veðri þá sigldu þeir inn á hafnirnar. Við fengum að leggja okkur á bekk ef við vorum þreyttir og sváfum á landstíminu. Svo skiptumst við á að taka þátt í lönduninni.“

Það var Æskulýðsráð Reykjavíkur í samvinnu við Slysavarnarfélag Íslands, Landhelgisgæsluna og Lindargötuskólann sem stóð fyrir starfi skólaskipanna Jóns Halldórssonar, Víkings og Sæbjargar. Bernharð telur sr. Braga Friðriksson hafa verið einn af frumkvöðlum þess. „Það voru um hundrað drengir sem sóttu þessi námskeið,“ segir hann. „Ég fór í bækur til að finna nöfn allra. Úr þeim hópi urðu tveir skipherrar, Pálmi Hlöðversson og Kristján Jónsson, þannig að sumir ílengdust á sjónum og margir hafa náð langt í öðrum störfum. Ég get nefnt Friðrik Sophusson.“

Sjálfur er Bernharð lærður matreiðslumaður. Hann stundaði kokkamennsku á sjó í tíu ár og var veitingamaður í önnur tuttugu en hefur nú snúið sér að leigubílaakstri. Hann kveðst horfa upp á marga unglinga hanga og gera ekki neitt í dag. „Krakkar fá ekki að taka þátt í alvöru atvinnulífi lengur og ég finn til með þeim. Það væri gaman að endurvekja svona sjómennskunámskeið og búa til eitthvert bakland fyrir þá,“ segir hann með blik í auga.

Hann hlakkar til að hitta skólaskipsstrákana á sjómannadaginn. „Vilhjálmur borgarstjóri ætlar að taka á móti okkur klukkan fjögur í Höfða og svo ætlar sr. Hildur Bolladóttir að hafa sérstaka messu í Laugarneskirkju klukkan átta um kvöldið. Þar er frjáls mæting.“ *gun@frettabladid.is*



Bernharð er forsprakki skólaskipsdrengjanna sem Vilhjálmur borgarstjóri býður til fundar í Höfða á sjómannadaginn og halda síðan til messu í Laugarneskirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



ENNEMM / SÍA / NM27892

# > **Saman náum við árangri** – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

**Skrifstofur Samskipa:** Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

**www.samskip.is**

SAMSKIP
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI


Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður Sjómannadagsráðs Suðureyrar, ásamt móður sinni Þóru Þórðardóttur á siglingu um Súgandafjörð.


Elías Guðmundsson við smábátaflota Hvíldarkletts, en þeir ganga undir nafninu Bobby frá eitt upp í tuttugu og tvo.


Elías ásamt kampakátum veiðimanni með nýfenginn kola.

# Alþjóðlegur sjómannadagur á Suðureyri

**Súgfirðingar hafa ærna ástæðu til að fagna sjómannadegi þetta árið, enda gestkvæmt í bænum eftir að Bobby Fisherman flutti þangað.**

Á Suðureyri blómstar nú ferðamannaþjónusta sem aldrei fyrr en heiðurinn af því á Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts og „faðir“ Bobbys Fisherman.

Elías, sem er innfæddur Súgfirðingur, hóf uppbygginguna fyrir nokkrum árum og þetta vorið er uppskorið af erfiðinu. Frá fyrsta maí síðastliðnum hafa tvær flugvélar lent í viku með tæplega níutíu sjóstangveiðimenn innanborðs sem dvelja svo í um sjö daga í senn á Suðureyri, milli þess sem þeir halda á haf út.

„Þetta hefur gengið mjög vel fram til þessa. Góð veiði og flottir fiskar. Uppistaðan er þorskur en við erum líka að fá steinbít, ýsu og lúðu. Stærsta lúðan sem veiddist í síðustu viku var yfir tveir metrar,“ segir Elías ánægður í samtali við blaðamann og bætir við að allt hafi þetta gengið vonum framar. Hann segist enn fremur ekki vera hræddur við samkeppni frá öðrum sjávarþorpum þar sem af nægu sé að taka.

„Það er til nóg af sjóstangveiðimönnum í heiminum – við gætum öll haft atvinnu af þessu ef við vildum og þannig eru næg tækifæri fyrir fleiri staði,“ segir þessi snjalli Súgfirðingur, en gaman er að geta þess að hann hlaut nýverið verðlaun frá Útflutningsráði fyrir bestu markaðsáætlunina.

Lilja Rafney Magnúsdóttir er formaður sjómannadagsráðs á Suðureyri. Hún segist búast við því að þýsku veiðimennirnir vilji taka þátt í dagskránni enda nóg um að vera bæði laugardag og sunnudag. „Annars verður Elías hjá Hvíldarkletti að finna út úr því hvort hann vilji ekki útskýra fyrir þeim hvað sé í gangi,“ segir Lilja Rafney og hlær. „Okkur líst bara ágætlega á þessa ferðamenn enda setja þeir svip á bæinn. Reyndar kippum við okkur ekki upp við þetta hvorki til né frá enda erum við því alvön að hér séu útlendingar,“ segir Lilja. „Suðureyri hefur verið alþjóðlegt þorp í áraraðir og hingað eru allir velkomnir sem vilja vera með okkur. Hin síðari ár hefur það aukist að Pólverjar og Taílendingar hafi flust hingað, upp úr 1950 komu Færeyingar í hrönnum, svo Ástralir, Ný-Sjálendingar, Bretar, Grænlendingar ... bara nefndu það! Við tökum öllum opnum örmum.“

*mhg@frettabladid.is*


Lilja Rafney hefur löngum verið virkur þáttakandi í hátíðarhöldum sjómannadagsins á Suðureyri. Hér tekur hún á í reiptogi.

## DAGSKRÁ SJÓMANNADAGSINS Á SUÐUREYRI

**LAUGARDAGUR**

**13.00** Allur smábátafloti Suðureyrar siglir út Súgandafjörð í skoðunarferð.

**16.00** Kappróður á Lóni – kvenna- og karlalið.

**20.00** Sjávarréttaveisla og skemmtiatriði: Kvennakór Vestfjarða syngur nokkur lög, pólskur trúbador stígur á svið og að lokum fer fram stórdansleikur í íþróttahúsinu á Suðureyri þar sem hljómsveitin AHA leikur fyrir dansi.

**SUNNUDAGUR**

**13.45** Skrúðganga frá Bjarnaborg í sjómannadagsmessu þar sem sjómaður verður heiðraður.

**15.00** Skemmtidagskrá á hafnarsvæðinu: Karahlaup, reiptog, kappbeiting, kararóður og lokahlaup ásamt áhættuatriðinu – hjólað í sjóinn.

HYSTER
Heildarlausnir í lyfturum


Viðurkennd viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi



allir litir náttúrunnar eru okkar litir




BRYNJA er besti vinur steypunnar
...mött akrýlmálning ætluð á steinsteypu og múr utanhúss




*Brynja er mött terpentínuþynnanleg akrýlmálning, mjög opin og kemur því ekki í veg fyrir eðlilega rakaútgufun.*

*Brynja vætir mjög vel og hefur því mjög góða viðloðun við múr og steypu. Þar sem upplausnarefnið er terpentína má mála við mun lægra hitastig en með vatnsþynnanlegri málningu. Málningin hentar vel sem grunnur undir önnur málningarefni við erfiðar aðstæður, en einnig má nota hana eina sér í málningarkerfum.*

*Komið og leitið ráða hjá sérfræðingum okkar eða fáið góð ráð og lausnir á heimasíðunni, www.slippfelagid.is.*

SLIPPFÉLAGIÐ • DUGGUVOGI 4 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI 588 8000 • WWW.SLIPPFELAGID.IS



Gunnar Öxndal Stefánsson notaði góða veðrið til að mála bát félaga síns. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Fjölbreytt mannlíf við höfnina

**Smábátahöfnin á Akureyri iðar af lífi á góðviðrisdögum. Mannlífið var fjölbreytt þegar ljósmyndara og blaðamann Fréttablaðsins bar að garði annan í hvítasunnu enda glaðasólskin og logn. Sumir voru að ná sér í soðið á meðan aðrir voru að dytta að bátum sínum eða einfaldlega að njóta góða veðursins.**

*- iáh*



„Ég er búinn að eiga bát frá því ég var unglingur," sagði Hallgrímur Gíslason, sem var að renna fyrir silung. „Ég fékk ekki neitt enda skiptir það ekki öllu. Það besta við að sigla er að vera einn með sjálfum sér."




Birgir Guðmundsson háskólakennari var að koma í land á Fjölmiðlaskútunni en Birgir á bátinn með Arnari Páli Haukssyni fréttamanni. „Þetta er ekki bátur heldur skip," sagði Birgir glettinn en aflinn samanstóð af ýsu og þorski.



Stefán Austfjörð, Guðrún Ósk, Valgerður Stefánsdóttir, Ottó Eiríksson, Sævar Þorri og Sindri Steinn voru að koma í land á Emblu þegar ljósmyndara bar að garði. Sævar Þorri hafði veitt einn ufsa.



Feðgarnir Jóhann og Jónas fengu nokkra þorska og ýsur.



Þórir Agnarsson keypti hraðbátinn Gideon frá Kanada. „Ég fer reglulega með fjölskyldu og vini á sjó og veiði á sjóstöng og fer á fuglaveiðar. Þessi bátur er algjör draumur."


DYNAMO REYKJAVIK
Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

# Skötuselur seldur nánast óunninn úr landi



Markaðurinn fyrir skötusel er síkvikur og því þyrfti að vera stöðugt á tánum til að fá alltaf hæsta verðið. Að öllu óbreyttu er því best fyrir Íslendinga að selja hann óunninn.

**Ekki virðist vera grundvöllur fyrir vinnslu á skötusel á Íslandi en fiskurinn er seldur að mestu óunninn úr landi.**

Nánast allur skötuselur er seldur því sem næst óunninn úr landi. Guðmundur Óli Hilmisson sjávarútvegsfræðingur hefur kannað hvort grundvöllur sé fyrir frekari vinnslu hér heima og kveðst hafa komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki, að öllu óbreyttu. Hann gerir því ekki ráð fyrir að vinnsla aukist á honum hér á landi.

„Við veiðum fimmtíu prósent af heildaraflanum á þriggja mánaða tímabili, frá september fram í desember. Á þeim tíma er eftirspurn á markaðnum erlendis eftir skötusel þannig að við fáum mjög hátt verð fyrir skötuselinn óunninn á þessum tíma. Svo er lægra verð á öðrum tímum og þá getur borgað sig að vinna hann hérna heima en þá er bara svo lítið og óstöðugt framboð,“ segir Guðmundur Óli.



Guðmundur Óli Hilmisson sjávarútvegsfræðingur hefur kannað hvort grundvöllur sé fyrir frekari vinnslu á skötusel á Íslandi og komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki.

Markaður fyrir skötusel breytist ört og má því segja að hann sé síkvikur. „Það er ekki hægt að segja að best sé að flaka hann og selja til einhvers ákveðins lands því ef maður ætlar alltaf að fá hæsta verðið þarf maður að vera á tánum í hverri einustu viku því verðið breytist fyrirvaralaust,“ segir hann. „Það getur verið best að selja hann flakaðan til Frakklands í þessari viku og flakaðan til Belgíu í næstu viku. Þess vegna tala ég um að hann sé síkvikur.“

Skötuselur getur orðið stór skepna en stærsti skötuselur sem veiðst hefur hér við land var 155 sentimetra langur. Það var áhöfnin á Glófaxa sem veiddi hann. Skötuselur á það til að éta sjófugla og norsk saga segir að skötuselurinn hafi tekið lamb sem verið var að flytja milli lands og eyja, „þannig að þetta er töluverður vargur“, segir Guðmundur Óli.

*- ghs*


HONDEX DÝPTARMÆLIR OG PLOTTER

www.rs.is



Hondex HE-7301
Sambyggður dýptarmælir og plotter
• 10,4" TFT LCD litaskjár sem hægt er að hafa lóðréttan eða láréttan
• Tveggja tíðna (50/200 kHZ) 1,2 Kw
• Botnstækkun (x2, x4, x8) og botnlæsing
• Litaplotter sem notar C-MAP kort
• 7 mismunandi litir til að ferla
• 4 mismunandi bakgrunnslitir
• Allt að 32.000 ferilpunkta minni
• Allt að 1000 leiðapunkta minni
• Allt að 20 leiðir í minni
• Allt að 24.000 merkjapunkta minni
• Fisksjá (A-scope)
• Fjarstýring með eða án kapals fylgir

*Hondex HE-7300 og HE-7301 eru hágæða dýptarmælar sem hlotið hafa mikið lof notenda.*



Hondex HE-7300
Dýptarmælir
• 10,4" TFT LCD litaskjár sem hægt er að hafa lóðréttan eða láréttan
• Tveggja tíðna (50/200 kHZ) 1,2 Kw
• Botnstækkun (x2, x4, x8) og botnlæsing

R. SIGMUNDSSON
FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000




Bjarni Gylfason, formaður björgunarsveitinnar í Grímsey, hlakkar til sjómannadagsins.

# Hátíð fyrir alla eyjarbúa

„Sjómannadagurinn er mikil hátíð sem allir eyjarbúar taka þátt í,“ segir Bjarni Gylfason, formaður björgunarsveitarinnar Sæþórs í Grímsey, en björgunarsveitin sér um dagskrá sjómannadagsins í eynni. „Við mætum niður á bryggju um hádegisbilið og grillum pylsur og fáum okkur gos með. Á eftir skjótum við línubyssu yfir höfnina og leyfum krökkunum að fara yfir með stól en það skemmtilegasta er ef þau blotna aðeins í fæturna,“ segir Bjarni og bætir við að burtfluttir Grímseyingar geri sér gjarnan ferð út í eyju ef veðrið er gott. „Við fáum alltaf einhverja gesti og sérstaklega krakka sem hafa flutt í land. Ef veðrið er gott er um að gera fyrir sem flesta að kíkja til okkar því það verður af nógu að taka. Við förum rúnt á slysavatnsbátnum, förum í belgjaslag og keppum í fótbolta. Ef veðrið er gott förum við kannski út í Básavík þar sem er sandströnd og grillum og leikum okkur, sem er alltaf mjög skemmtilegt. Svo verður veitingastaðurinn opinn um kvöldið.“

*indiana@frettabladid.is*




Vörn gegn brunaslysum frá Danfoss
Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

• Stillanlegt hitastig neysluvatns
• Stórminnkar slysahættu af völdum heita neysluvatnsins
• Jafn þrýstingur á heitu og köldu neysluvatni, lengir líftíma blöndunartækja
• Léttari þrif, enginn kísill á flísum og hreinlætistækjum
• Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
• Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
• Auðveld í uppsetningu
• Snyrtileg hlíf fylgir

Danfoss
www.danfoss.is
STILLUM HITANN HÓFLEGA
www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



Af er það sem áður var í fiskverkun.

# Hertur, frystur og saltaður

**Sýningin „Hertur, frystur, saltaður – fiskur í lífi borgarbúa“ verður opnuð á sjóminjasafninu. Hún fjallar um Fiskvinnslu BÚR á Granda og Meistaravöllum.**

Sýningin Hertur, frystur, saltaður – fiskur í lífi borgarbúa verður opnuð í Sjóminjasafni Reykjavíkur næsta laugardag. Á sýningunni er fjallað um fiskvinnslu BÚR á Granda og Meistaravöllum.

Bæjarútgerð Reykjavíkur hóf rekstur árið 1947 með komu fyrsta nýsköpunartogarans, Ingólfs Arnarsonar RE 201. Í kjölfarið sigldi hver togarinn á fætur öðrum og innan fárra ára gerði BÚR út átta togara. Árið 1950 lét BÚR reisa stóra fiskverkunarstöð á Meistaravöllum við Kaplaskjólsveg. Þar var um árabil rekin umfangsmikil saltfisk- og skreiðarvinnsla, auk síldarvinnslu og þjónustu við togara útgerðarinnar.

Þessi vinnsla útvegaði hundruðum borgarbúa, eldri sem yngri, atvinnu. Árið 1959 keypti bæjarútgerðin hraðfrystihús Fiskiðjuvers ríkisins á Grandagarði 8 og var þar rekin fiskvinnsla og frysting fram til ársins 1985.

Sýningin í Sjóminjasafninu fjallar um þessa miklu landvinnslu á sjávarafurðum sem Bæjarútgerðin stóð fyrir í áratugi og var gríðarlega mikilvæg í atvinnulífi borgarbúa.

Á sýningunni má meðal annars sjá skreiðartrönur, saltfiskinn og innsýn í frystingu. Um fimmtíu mannlífsmyndir frá starfsemi BÚR verða á veggjum sýningarsalarins og ef til vill geta fyrrum BÚR-stelpur þekkt sig á myndum.

Þess má geta að núverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Vilhjálmsson, var í síðustu BÚR-stjórninni ásamt þeim Kristjáni Benediktssyni og Björgvini Guðmundssyni. Hann opnar sýninguna kl. 11.00.



Í Sjóminjasafninu er dregin upp mynd af starfsemi BÚR, fiskvinnslufyrirtækis í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## STAÐREYNDIR UM SJÓMANNADAGINN

● Sjómannadagurinn var fyrst haldinn í Reykjavík og Ísafirði 6. júní 1938 og breiddist síðurinn út um allt land á fáum árum.
● Sjómannadagurinn er venjulega haldinn fyrsta sunnudag í júní. Eina undantekningin á því er þegar hvítasunnu ber upp á þann dag.
● Talið er að um tvö þúsund sjómenn hafi tekið þátt í skrúðgöngu í Reykjavík árið 1938.
● Nú er sjómannadagurinn víða mesti hátíðisdagur að jólunum undanskildum.
● Á sjómannadeginum er starf sjómanna kynnt og á hann að efla samhug sjómanna.
● Einnig minnast menn drukknaðra sjómanna. Það eru samtök sjómanna sem sjá um hátíðarhöldin.
● Árið 1987 voru sett sérstök lög um sjómannadaginn þar sem tímasetning hans var lögfest og settar reglur til að tryggja sem flestum sjómönnum frí þann dag.












# Fjölbreytt störf í framsækinni atvinnugrein

Íslenskur sjávarútvegur er öflugur og framsækinn. Hann er í fremstu röð í heiminum og sóst er eftir sjávarafurðum, þekkingu og þjónustu frá Íslandi.

**Skipstjórnar- og vélstjórnarnám í Fjöltækniskólanum** er fjölbreytt nám sem veitir aðgang að vel launuðum störfum, bæði á sjó og í landi.

Kynntu þér **skipstjórnar- og vélstjórnarnám** hjá **Fjöltækniskólanum** á **www.fti.is.**
**Umsóknarfrestur rennur út 10. júní n.k.**

Við bjóðum einnig nám í flugstjórn til atvinnuflugs og nám á náttúrufræðibraut, skipstækni, véltækni, raftækni, flugtækni og Diploma nám á háskólastigi.



FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Til leigu 2-3 herb. íbúð í 105 Rvk, leiga 115 þús. 2 mán. fyrirfram + 50 þús. trygging. S. 824 6963.

Til leigu 2 herb. 60 fm íbúð í 200 Kópavogi. Langtímaleiga. Leiguverð 90 þús. á mán. með hússjóð. Bankaábyrgð + 1 mán. fyrirfram. Þvottavél getur fylgt. Leigist eingöngu reglusömu, skilvísu og reyklausu fólki. Uppl. í síma 897 1551 eftir kl. 18.

Mjög snyrtilegt, bjart, 18 fm, parketlagt, reykl. útsýnisherb. á 2.h. aðgang að þráðl. interneti, WC m/sturtu, eldhúsi og þvottaaðstöðu. Verð 52 þús. á mán. S. 863 8381.

## Húsnæði óskast

Fyrirtæki vantar 3ja herb. íbúð eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax fyrir erlenda starfsmenn. Snyrtimennsku og skilvísum greiðslum heitið. S. 820 7060 og 823 7065.

Karlmaður óskar e/ herb. til leigu, helst með aðg. að þvottavélatengi eða þvottavél. Fyrirf.gr. ef óskað er. S. 690 5109.

3-4 herbergja íbúð í 111 óskast til leigu frá byrjun júní. S. 697 0002.

## Húsnæði til sölu



Fallegt sumarhús eða einbýlishús í Bíldudal. Búin að taka allt i gegn inni og að utan. Verð 7,7m. Uppl. í s. 847 2209.

## Sumarbústaðir



Til leigu glæsilegir vel búnir 2-4 manna sumarbústaðir 55 km frá Reykjavík. Fjölbreytt afþreying í nágrenninu, m.a. sund, golf og veiði. Uppl. í síma 663 2712



**Vandað og fallegt heilsárshús til sölu í Ásgarðslandi undir hlíðum Búrfells**
**Húsið er 113 m2 og stendur á tæplega 8000 m2 eignarlóð með fögru útsýni yfir Sogið. Það er nú þegar tilbúið til afhendingar fullbúið að utan með verönd og tengdum potti. Gólfhiti tengdur og rafmagn komið inn. Að innan eru veggir full einangraðir og plastaðir.**
**Upplýsingar í síma 892 2100 & 895 5786**

## Atvinnuhúsnæði

Til sölu er 118 fm iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Þar af er innréttuð 34 fm íbúð. Verð 17,5. Skoða öll skipti. Uppl. í s. 822 4167.

Húsnæði óskast í 3mánuði í sumar undir standsetningar á hjólhýsum. 50-150fm ca. Gæti hentað með öðrum. Einhver útistæði skilyrði. Uppl. í s. 659 2452.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Til leigu mjög góð 250 fm geymsluskemma á Eyrarbakka Nýstandsett, góð lofthæð, góðar innk. dyr. Lág leiga. Uppl. í s. 661 6800.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

AVM
Alltaf gott fólk

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
**-bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Atvinna í Hafnarfirði**
**Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Vinnutími frá kl. 13-18, eða eftir samkomulagi.**
**Upplýsingar á staðnum. Nýja fatahreinsunin Reykjavíkurvegi 68 eða í síma 555 2030 & 895 0620.**

**Afgreiðslustarf**
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir.**
**Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@hn.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði**

serrano

**Serrano Hringbraut - Afgreiðsla**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í hlutastarf um helgar, og á næturvaktir, við afgreiðslu, á Serrano við Hringbraut. Við leitum að jákvæðu, duglegu og lífsglöðu fólki, 18 ára eða eldri, til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna -**
**Nánari upplýsingar veitir Lena í síma 899 8947.**

SÓLON
kaffi & bistro

**Kaffi Sólon**
**óskar eftir starfsfólki í sal og til aðstoðar í eldhúsi, vaktir og aukavinna í boði.**
**Frekari upplýsingar á staðnum frá kl 14 - 18 eða sendið upplýsingar á netfangið solon@solon.is**

kynning
...sjáumst!

**Sölu-og kynningarstarf**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur framúrskarandi sölu og kynningarfólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Um hlutastarf er að ræða. Vinnutíminn er frá 15-19 virka daga og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Helstu hæfniskröfur eru: Viðkomandi hafi ánægju af mannlegum samskiptum. Góða framkomu. Sé glaðvær, brosmildur, áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 ára og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband í s. 586 9000. Einnig má senda umsóknir á kynning@kynning.is

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki í hlutastarf & fullt starf, vaktavinna. Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Upplýsingar í síma 898 5956 eða á staðnum.**

**Móttaka - Næturvakt**
**Hótel í miðborginni óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku á næturvaktir.**
**Uppl. gefur móttökustjóri í s. 511 6200 milli kl. 8-16.**

DÝRARÍKIÐ

**Dýraríkið Starfsfólk óskast**
**Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálfsdagsstarf. Viðkomandi þarf að hafa staðgóða þekkingu á dýrum og/eða brennandi áhuga á dýrum. Við leitum að fólki til lagerstarfa, afgreiðslu í verslun og við umhirðu á dýrum.**
**Nánari upplýsingar í síma 56 87170 eða í versluninni**

**Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði**
**Óskar eftir að ráða góðan smið eða húsasmíðameistara sem verkstjór. Verður að hafa góða stjórnunarhæfileika**
**Uppl. í s. 820 7060 & 823 7065.**

*Trésmiðir óskast.*
*Óskum eftir smiðum í innivinnu. Kerfisloft og gifsveggir o.fl. Næg vinna framundan.*
*Upplýsingar í síma 699 2919 eða 899 4666.*

**Áfylling um helgar**
**Vífilfell í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingu um helgar Hægt er að sækja um á heimasíðunni vifilfell.is auk þess liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi,**
**Nánari upplýsigar gefur Gils áfyllingarstjóri í síma 5252500 eða ugg@vifilfell.is .**

**Bakaríið Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi.**
**Ekki yngri en 16 ára.**
**Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.**

**Yfirverkstjóri**
**óskast til afleysinga á dragnótabát frá Patreksfirði. Vélarstærð 447Kw.**
**Uppl. gefur Sverrir í s.869 8681**

**Okkur vantar**
**Trésmiði og múrara í vinnu. Ertu með allt á hreinu áður en þú geingur til verks ? Þá ert þú manneskjan sem við erum að leita að. Okkur vantar líka aðstoðarmenn/konur.**
**Múr og Tré ehf. S. 856 6565 Einar.**

Bílstjóri með meirapróf (trailerpróf) óskast. Akstur milli Patreksfj. og RVK. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. s: 456-1102 eða 893-4102 (Helgi eða Sigurbjörg)

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 3434.

**PLAYERS**
Erum að leita að duglegum og áreiðanlegum starfskrafti á bar og í sal. Uppl. í s. 544 5514.

**Ertu sjálfstæð/ur?**
Ný og glæsileg snyrtistofa opnar í júní. Er með herbergi til leigu fyrir nuddara og þess háttar starfsemi. Sanngjörn leiga, miðsvæðis í bænum. Uppl. í s. 821 1888.

Vantar mann vanan flísalögnum. Uppl. í s. 659 0408.

**Járnabindingar**
Óskum eftir mönnum sem geta unnið sjálfstætt, mikil vinna í boði. Uppl. í síma 897 1995 og 866 1083.

**Smiðir!**
Getum bætt við okkur smiðum, fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530 & 866 5622.

Lagermaður. Óskum eftir að ráða starfsmann á stállager okkar í Hafnarfirði. Leitum að röskum og þjónustuliprum starfsmanni í framtíðarstarf. Upplýsingar veitir Páll í s. 897 4957. Ferro Zink hf.

Óskum eftir að ráða aðstoðamann á búinu að Keldum í Grafarvogi í sumar. Einnig óskast starfskraftur til ræstinga. Áhugasamir vinsamlega sendið fyrirspurn á helgihe@hi.is.

**Ert þú snyrtifræðingur?**
Snyrtistofan Mist óskar eftir snyrtifræðingi. Fullt starf eða hlutastarf. Uppl. í s. 893 1577 & 577 1577.

Okkur Bráðvantar ísl. stúlku til þess að vinna í sal á Banthai Laugavegi 130. Vinnutíminn er 4 tímar á kvöld. Leitum bæði af framtíðar og aukavinnu. Mjög góð laun í boði og einning er hægt að semja um launin. Uppl. í s. 896 3536.

Óskum eftir einstakling í aðhlynningu og næturvaktir í júní, júlí og ágúst. Hjúkrunarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri. Herbergi til staðar fyrir einstakling. Upplýsingar í síma 483 1310.

**Dúkás óskar eftir.**
Óska eftir almennum verkamönnum á Austurlandi, lærðum sem ólærðum. Getum útvegað ódýra gistingu. Uppl. í s. 893 5880, Jón Trausti. Looking for workers in the eastern part of Iceland, rooms available. Information at tel. 893 5880, Jón Trausti.

Hótelið Tærgensen fyrir austan óskar eftir fólki í sal og eldhús, framtíðarstörf og sumarafl. Getum einnig útvegað ódýra gistingu. Uppl. í s. 893 5880 Jón Trausti í Dúkás & 660 5905 Dagbjört. Hotel Tærgensen in the eastern part of Iceland is looking for people to work in kitchen and service in resturant, future or summer job. Rooms available. Tel: 893 5880 Jón Trausti and 660 5905 Dagbjört.

Véltækni Óskar eftir að ráða meiraprófs bílstjóra, mikil vinna farmundan. Uppl. í s. 696 6980

Afgreiðslufólk óskast um helgar (dagvinna), hlutastarf. Mokka - Kaffi skólavörðustíg 3a.

Óska eftir skipstjóra, vélstjóra og styrimann á 100 rúmlesta fiskiskip. Uppl. í s. 894 9419.

## Atvinna óskast

29 ára maður óskar eftir atvinnu flest kemur til greina, er harðduglegur og fljótur að læra. Er búinn með vinnuvélanámskeið og er vanur lyfturum og beltagröfum. 694 1715.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Skólamót hjá gömlum skólafélagum úr Öskjuhlíðarskóla.**

**Nemendur fæddir frá 1960 til 1975.**
**Laugardaginn 2. júní frá kl. 13 (1) til kl. 18 (6) ætlum við gömlu skólafélagarnir að hittast upp í Öskjuhlíðarskóla og rifja upp gömlu góðu dagana. Allir gamlir nemendur eru hjartanlega velkomnir Kennararnir sem kenndu okkur á þessum árum eru einnig velkomnir. Makar og börn eru líka velkomin. Þeir sem eiga myndir frá því að við vorum í skólanum eru beðnir að merkja myndirnar og koma með sér. Síðan eru líka til gamlar myndir af okkur í skólanum. Það verður boðið uppá veitingar og kaffi og gos. Við ætlum einnig að ræða um látna nemendur og kennara sem eru farnir. Magnús P. Korntop ætlar að lesa upp minningarorð um þessa látnu nemendur og kennara.**
**Þau sem standa fyrir þessu eru þau. Ína Valsdóttir. Ágústa E Þorvaldsdóttir. Magnnús P Korntop. Lilja Pétursdóttir. Hildigunnur J Sigurðardóttir. Kristján Daníelsson og Lilja Skarphéðinsdóttir.**




**Áfylling um helgar**
Vífilfell í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingu um helgar
Hægt er að sækja um á heimasíðunni vifilfell.is auk þess liggja Umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu Vífilfells Stuðlahálsi,
Nánari upplýsingar gefur.
**Gils áfyllingarstjóri í síma 5252500 eða ugg@vifilfell.is**

**Laus störf hjá Skaftárhreppi.**

**Laust er til umsóknar starf umsjónarmanns Sorporkustöðvar á Kirkjubæjarklaustri.**

Um framtíðarstarf er að ræða.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hilmar Gunnarsson í síma 897 4641 og Jóna Sigurbjartsdóttir í síma 487 4840 eða 893 5940.

Einnig er auglýst eftir starfsmanni í upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, um sumarstarf er að ræða.

Upplýsingar um starfið veitir Jóna Sigurbjartsdóttir í síma 4874840 eða 8935940.

Umsóknir sendist á netfangið klaustur@klaustur.is

Skaftárhreppur er austast þeirra sveitarfélaga sem teljast til Suðurlands og er rómað fyrir náttúrufegurð og veðursæld. Þéttbýliskjarni sveitarfélagsins er Kirkjubæjarklaustur, fallegur og fjölfarin staður sem stendur við hringveginn, í aðeins 250 km. Fjarlægð frá Reykjavík. Alla nauðsynlega grunnþjónustu er að finna á svæðinu.

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Varmárskóli auglýsir:

# Kennarar.

Vegna fjölgunar nemenda þurfum við að ráða umsjónarkennara í 1. bekk.

Í skólanum fer fram áhugavert þróunarstarf sem m.a. felst í því að tengja betur saman 5 og 6 ára deildir sem og að móta sveigjanlegt skólastarf á yngsta stiginu.

Við viljum einnig ráða umsjónarkennara í 3. bekk.

# Námsráðgjafi.

Varmárskóli óskar að ráða námsráðgjafa í fullt starf skólaárið 2007-2008. Um er að ræða afleysingu til eins árs vegna barnsburðarleyfis. Nánari upplýsingar gefa skólastjóri, Viktor A. Guðlaugsson og aðstoðarskólastjórarnir Helga Richter og Þórhildur Elfarsdóttir í síma 5250700. Umsóknarfrestur er til 14. júní n.k. og skal umsóknum skilað á skrifstofu skólans eða þær sendar í tölvupósti á netfangið varmarsk@ismennt.is

---

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

BORGARTÚNI 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
LÖGG. FASTEIGNASALI

**Ásgarður 73 - Falleg m/miklu útsýni**
**Opið hús í dag milli kl. 18 og 19**



Frum

Rúmgóð og mjög falleg 145 fm 5-6 herb. íbúð á 2. hæð ásamt 26 fm (innif. í fm.tölu eignar) bílskúr með mjög miklu og fallegu útsýni. Mikið endurnýjuð eign. Eignin skiptist í 3 góð herb. m/skápum, borðst., stofu, stórt. endurnýjað glæsilegt eldhús, lítil geymsla, baðh. m/glugga og nýju salerni. Parket og náttúruflísar á gólfum. Dúkur og teppaflísar á herb. Góðar s-svalir frá stofu með yndislegu útsýni. Í kjallara er geymsla og aukaherb. Örstutt í skóla. Mjög falleg og rúmgóð eign á vinsælum stað.

**Nanna og Hrafn taka vel á móti gestum kl. 18-19**
**Bjalla merkt Nanna/Hrafn.**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

---

# Til leigu



Glæsilegt nýuppgert atvinnuhúsnæði á frábærum stað í Ármúla. Heildarstærð rýmis er 149 m2 og skiptist í opinn sal á tveimur pöllum, kaffistofu með innréttingu + salerni, allt innréttað afar smekklega. Vöruhurð er úr kaffistofu, nýjir kastarar eru í loftum sem og nýtt steinteppi á gólfum. Hentugt fyrir verslunarrekstur, þjónustu eða t.d. teiknistofu eða listafólk. Nánari upplýsingar gefur Reynir í síma 821-4645.

---

## Hvítárbraut 3

Vaðnes, Grímsnesi
Sumarhús

**Stærð: 38 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1988**
**Brunabótamat: 6.630.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX LIND







Bókaðu skoðun

**Verð: 14.900.000**

Remax Lind kynnir fallegt 38,3 m2 fullbúið heilsárshús við Hvítárbraut í landi Vaðness í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er mjög vel staðsett á 10.000m2 eignalóð þar sem mikið verið gróðursett af trjám í gegnum árin. Komið er inn í anddyri, gengið er úr anddyri inn á baðherbergi með sturtuklefa. Úr andyyri er gengið inn á gang og frá ganginum er gengið inn í bæði svefnherbergin og einnig í stofu og eldhús. Eldhúsið er opið inn í stofu. Stór sólrík verönd er við bústaðinn og góð bílastæði. Plastparket er á gólfum, heitt og kalt vatn

Þórarinn Jónsson
Lögg. fasteignasali
**822 7220**
thorarinn@remax.is

Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is

Sigurdór Bragason
Sölufulltrúi
**663 3300**
sb@remax.is

RE/MAX LIND - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

---

## Hvítárbraut 5

Vaðnes, Grímsnesi
Sumarhús

**Stærð: 48 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1977**
**Brunabótamat: 7.300.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX LIND







Bókaðu skoðun

**Verð: 11.900.000**

Remax Lind kynnir fallegt 47.7 m2 fullbúið heilsárshús við Hvítárbraut í landi Vaðness í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er mjög vel staðsett á 0,7 hektara lóð þar sem mikið verið gróðursett af trjám í gegnum árin. Lóðin er 7.000 m2 eignarlóð. Bústaðurinn þarfnast laghents eiganda, endurnýja þarf verönd ofl. Góð kaup.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fasteignasali
**822 7220**
thorarinn@remax.is

Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
**695 9500**
hj@remax.is

Sigurdór Bragason
Sölufulltrúi
**663 3300**
sb@remax.is

RE/MAX LIND - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

---

RE/MAX SENTER









## Marteinslaug

113 Grafarholt
Falleg íbúð með frábæru útsýni

**Verð: 26,7**
Stærð: 109,1
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 20,200,000
Bílskúr: Bílskýli

Falleg og opin 109,1 fm útsýnisíbúð á 3.hæð í góðu lyftuhúsi. Íbúðin er með vönduðum eikarinnréttingum, gólfefnum og stæði í opinni bílageymslu. Stofan er björt og rúmgóð. Tvö rúmgóð svefnherbergi með góðum eikarfataskápum. Fataherbergi er inn af hjónaherberginu. Fallegt eldhús með rúmgóðri eikarinnréttingu. Keramik helluborð og electrolux ofn ásamt viftu yfir helluborði. Uppþvottavél í innréttingu. Tvöfaldur general electric ísskápur með klakavél fylgir. Úr eldhúsi er sérlega fallegt útsýni til Esjunnar,Úlfarsfells og víðar. Stórar suðvestur svalir.

Valdimar
Jóhannesson
lögg. fasteignasali

Kitty Johansen
Sölufulltrúi
**695 4161**
kitty@remax.is

---

RE/MAX BÆR









## Asturtún 13

225 Álftanesi
Opið hús í dag frá 20:00 til 21:00

**Verð: 46.900.000**
Stærð: 220,5
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1982
Brunabótamat: 28.5
Bílskúr: 37,6

Glæsilegt 220,5 fm tveggja hæða einbílshús þar af 37,6 fm bílskúr á frábærum stað á Álftanesi, þar sem stutt er í skóla, leikskóla, íþróttir og tómstundir . Á jarðhæð er flísalögð forstofa með fataskáp, gestasalerni með flísum á gólfi, forstofuherbergi, stórt og glæsilegt eldhús með flísum á gólfi og nýlegri sérsmíðaðri kisuberjainnréttingu. Inn af eldhúsi er þvottahús/geymsla með útgengi. Stór stofa með beikiparketi og útgengi á pall með heitum potti. Stigi á milli hæða er með kókosteppi. Á efrihæð/risi eru tvö herbergi sem er búið að breyta í eitt stórt herbergi. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Baðherbergi með dúk á gólfi , baðkari, sturtuklefa og stóri innréttingu. Sjónvarpsherbergi með beiki plastparketi og útgengi á svalir. Garðurinn er í mjög góðri rægt og þar er t.d. torfkofi og kartöflugarður.

Ágústa
Friðfinnsdóttir
lögg. fasteignasali

Arnar Ingi
Sölufulltrúi
**692 8899**
arnar@remax.is

---

FRÉTTABLAÐIÐ

**AUGLÝSINGASÍMI**

# 550 5000

Viltu hjálp við að

# hætta að reykja?

Við bjóðum þér persónulega ráðgjöf og einkaviðtöl.
Komdu og kynntu þér málið hjá okkur.

nicorette



Tóbakið sigrað - Þínir sérfræðingar í Lyf&heilsu

Lyf&heilsa
*Við hlustum!*

Austurveri - Domus Medica - Firði, Hafnarfirði - Fjarðarkaup Glæsibæ - Hamraborg - JL-húsinu - Kringlunni 1.hæð - Kringlunni 3.hæð - Melhaga - Mjódd - Mosfellsbæ
Salarhverfi - Eiðstorgi - Hveragerði - Hvolsvelli - Kjarnanum, Selfossi - Vestmannaeyjum - Dalvík - Glerártorgi, Akureyri - Hrísalundi, Akureyri - Akranesi -Keflavík

# Evrópustefna nýrrar ríkisstjórnar

**UMRÆÐAN**
Evrópumál



**HJÖRTUR J. GUÐMUNDSSON**

Það er ljóst að ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar mun í meginatriðum fylgja óbreyttri stefnu í Evrópumálum. Fylgst verður sem fyrr náið með þróun mála innan Evrópusambandsins og lögð áherzla á opinskáa umræðu um málaflokkinn, en aðild að sambandinu er sem fyrr ekki á dagskrá. Það er ástæða til að fagna sérstaklega áherzlu á opna og upplýsta umræðu um Evrópumál. Slík umræða er vitanlega aðeins af hinu góða. Evrópuhluti stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er svohljóðandi undir fyrirsögninni: „Opinská umræða um Evrópumál“:

„Ríki Evrópusambandsins eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur reynst þjóðinni vel og hann er ein af grunnstoðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Skýrsla Evrópunefndar verði grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Komið verði á fót föstum samráðsvettvangi stjórnmálaflokka á Alþingi sem fylgist með þróun mála í Evrópu og leggi mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Nefndin hafi samráð við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila eftir þörfum.“ Til samanburðar var stefna síðustu ríkisstjórnar í Evrópumálum svohljóðandi: „Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Fylgst verði grannt með samrunaferlinu í Evrópu og áhrifum þess á íslenska hagsmuni.“ Orðalagið 1995 og 1999 var nánast orðrétt á sömu leið. M.ö.o. hefur í meginatriðum engin breyting orðið á stefnu stjórnvalda hér á landi. Stefnan er að fylgjast náið með en ekki að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Það er því merkilegt að sjá Eirík Bergmann Einarsson, fyrrv. stjórnarmann í Evrópusamtökunum, lýsa því yfir í Blaðinu fyrir helgi að stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar í Evrópumálum sé að hans mati skref í átt að Evrópusambandsaðild vegna þess að „opnað“ sé fyrir umræðu um málaflokkinn. Fyrir það fyrsta er ljóst að til þess að hægt sé að opna fyrir eitthvað þarf það fyrst að hafa verið lokað. Svo er þó ekki þegar umræða um Evrópumál er annars vegar. Enginn hefur lokað á hana heldur hefur hún einmitt verið í gangi um árabil.

Eiríkur gefur sér hins vegar greinilega að aukin umræða um Evrópumál leiði sjálfkrafa til vaxandi stuðnings við Evrópusambandsaðild. Vitanlega er engan veginn hægt að fullyrða neitt um slíkt fyrirfram. Hins vegar sýnir reynslan, bæði hér heima en þó einkum erlendis, að aukin umræða um Evrópumál hefur ríka tilhneigingu til að leiða frekar til aukinnar andstöðu við samrunaskref innan Evrópusambandsins en stuðnings. Þetta sást t.a.m. vel í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslanna í Svíþjóð 2003 um evruna og í Frakklandi og Hollandi um fyrirhugaða stjórnarskrá sambandsins 2005 svo fátt eitt sé nefnt. Það ber þó ávallt að hafa hugfast að reynslan sýnir að þegar Evrópusambandssinnar tala um umræðu um Evrópumál eiga þeir við umræðu þar sem niðurstaðan er að Ísland skuli ganga í Evrópusambandið. Sé niðurstaða umræðunnar önnur er einfaldlega ekki verið að ræða málin.

*Höfundur er sagnfræðinemi.*

## BLOGG.VISIR.IS

### Óvæntur liðsauki



Kvenréttindasinnum barst óvæntur liðsauki í síðasta helgarblaði DV. Þar kom út úr skápnum Hreinn nokkur Loftsson, stjórnarformaður útgáfufélags DV og Birtíngs. Í blaðinu gagnrýnir hann rýran hlut kvenna í ráðherraliði sjálfstæðismanna. [...] En í ljósi þessara óvæntu skrifa hlýtur að vera rökrétt að benda honum á að hæg séu heimatökin. Af níu blöðum og tímaritum sem hann heldur um eru … hvað margar konur ritstjórar? Jú, heilar þrjár. En vel að merkja, yfirritstjóri allra þessara blaða er karl!

**Arna Schram** blogg.visir.is/arna

### Góðar viðtökur



Hef á tilfinningunni að Jóhönnu sé tekið með „silkihönskum“ - af því að fjölmiðlarnir t.d. átta sig á að málaflokkurinn hefur verið vanræktur - meira og minna. Sýnist nokkuð ljóst að langflestir sem á annað borð hafa tjáð sig líta svo á að Jóhanna sé vel að málaflokknum komin - og treyst henni fyrir því að taka stærri hluta með því að tryggingamálin og öldrunarmálin í heild færist yfir. [...]Nú þurfa verkalýðs- og launþegahreyfingarnar að láta í sér heyra - og einkum auðvitað unga fólkið og íbúar dreifbýlisins.

**Benedikt Sigurðsson**
blogg.visir.is/bensi

### Stjörnuspáin



Stjörnuspáin mín er svohljóðandi í dag: Þú ert fær með tölur og færð snilldarhugmynd til að bæta núllum aftan við launin þín. Væntingar almennings skipta miklu í framkvæmdum þínum. Með hliðsjón af stjörnuspánni og þeirri frétt að nýr viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, vilji skoða þann möguleika að beita lagasetningu til að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja, þá langar mig hér með að bjóða mig fram í stjórn einhvers af 100 veltumestu fyrirtækjum landsins.

**Bryndís Gunnlaugsdóttir**
blogg.visir.is/bryndis

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Lilja Guðmundsdóttir**
Drekagili 14, Akureyri,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð aðfaranótt laugardagsins 26. maí. Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13:30.

**Gunnar Bergur Árnason**
**Guðmundur Örn Gunnarsson** **Helena Gunnlaugsdóttir**
**Jóhanna Arnleif Gunnarsdóttir** **Vilbergur Kristinsson**
**Erna Hildur Gunnarsóttir** **Gunnar Magnús Guðmundsson**
**og barnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hreiðar Svavarsson**
veitingamaður, Æsufelli 4, Reykjavík,

lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi 26. maí sl. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 4. júní kl. 13.00.

**Erla Bjarnadóttir**
**Arndís Hreiðarsdóttir**
**Smári Hreiðarsson** **Margrét Ásta Guðjónsdóttir**
**Sverrir Hreiðarsson** **Margrét Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Eiginmaður minn,*

**Skafti Friðfinnsson**
Keflavík, síðast til heimilis að Hörgshlíð 4, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 29. maí. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Svava Runólfsdóttir**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Björg Hraunfjörð Pétursdóttir**
Bogatúni 30, Hellu, áður Hlíðarási 1B, Mosfellsbæ,

andaðist á Líknardeildinni í Kópavogi þriðjudaginn 29. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 15.00.

**Guðmundur Hrafn Jóhannsson**
**Baugur Guðmundsson** **Larissa**
**Gnýr Guðmundsson** **Anna Lára Pálsdóttir**
**Jóhann Guðmundsson** **Katia Simonia Borges Rabelo**
**Brá Guðmundsdóttir**
**og barnabörn**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir og afi,*

**Magnús Helgi Ólafsson**
rafvirki, Stífluseli 1. Reykjavík,

lést þann 28. maí á Landspítalanum Fossvogi, f.h. aðstandenda.

**Guðbjörg Rósants Stefánsdóttir**
**Aðalheiður Dóra Magnúsdóttir**
**Hanna Dóra Magnúsdóttir** **Trausti Sigurðsson**
**Ólafur Stefán Magnússon** **Anna Rúnarsdóttir**
**Helgi Magnússon** **Geirlaug D. Oddsdóttir**
**Skúli Magnússon og barnabörn.**



†

*Okkar áskæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Agnes Guðný Haraldsdóttir**
Engihjalla 17, Kópavogi,

sem lést 22. maí sl. á Landakoti, verður jarðsungin frá Hjallakirkju föstudaginn 1. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Gigtarfélagið eða Astma og ofnæmisfélagið.

**Ólafur Bjarki Ragnarsson**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Pétur Már Pétursson**
**Ragnar Ólafsson** **Hólmfríður Jóna Guðmundsdóttir**
**Kristinn Ólafur Ólafsson** **Helga Þórisdóttir**
**Haraldur Ólafsson**
**Helgi Ólafsson** **Wanpen Srima Ólafsson**
**Björg Kristín Ragnarsdóttir** **Sigurgeir Árni Ægisson**
**Pétur Bjarki Pétursson** **Kolbrún Gísladóttir**
**Davíð Már, Agnes Ólöf, Ólafur Bjarki, Ólöf Kolbrún, Sigríður Kolbrún, Guðný, Agnes, Sigríður Pálína og Ægir**
**Frímann langömmubarn.**



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför sonar míns, bróður okkar og mágs,*

**Ásþórs Sigurðssonar**
verkstjóra, Garðarsbraut 77, Húsavík,

**Jóhanna Sigfúsdóttir**
**Ólafur Ármann Sigurðsson** **Þórunn Ástrós Sigurðardóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir**
**Óðinn Sigurðsson**
**Edda Sigurðardóttir** **Jón Pétursson**
**Margrét Sigurðardóttir** **Árni Grétar Gunnarsson**
**Klara Valgerður Sigurðardóttir** **Hafliði Jónsson**
**Þórsteinunn Rut Sigurðardóttir**



†

*Maðurinn minn, faðir okkar, sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Jón Gauti Jónsson**
landfræðingur og framhaldsskólakennari,

verður jarðsunginn frá Neskirkju í Reykjavík föstudaginn 1. júní kl. 11. Jarðsett verður í Skútustaðakirkjugarði í Mývatnssveit laugardaginn 2. júní að lokinni kveðjustund í kirkjunni kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Hjúkrunarþjónustunnar Karitas, í síma 551-5606 milli kl. 10 og 11, og á karitas@karitas.is eða að styrkja Fuglasafnssjóð Sigurgeirs Stefánssonar, minningarkort fást í Sparisjóði Suður-Þingeyinga í Reykjahlíð.

**Helga Pálína Brynjólfsdóttir**
**Eiríkur Gauti Jónsson**
**Jón Ásgeir Gautason**
**Guðmundur Karl Gautason**
**Ragnhildur Jónsdóttir**
**Geirfinnur Jónsson** **Hlíf Sigurjónsdóttir**
**Sólveig Anna Jónsdóttir** **Edward Frederiksen**
**Herdís Anna Jónsdóttir** **Steef van Oosterhout**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar





**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.




**TOM BERENGER (1949) LEIKARI ER 58 ÁRA Í DAG.**

*„Ef ég væri ekki leikari, ætli ég væri ekki sagnfræðiprófessor."*

***Tom Berenger er þekktastur fyrir hlutverk sín í Platoon og Sniper.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

ELÍN G. ÓLAFSDÓTTIR: HLÝTUR ÍSLENSKU MEN

## Vildi alltaf verða

Elín G. Ólafsdóttir tók í gær við íslensku menntaverðlaununum úr hendi forseta Íslands fyrir framúrskarandi störf sín að kennslu og skólamálum.

„Ég held ég hafi alltaf ætlað að verða kennari," segir hún brosandi þegar hún er beðin að rifja upp ferilinn í stuttu máli. „Ég byrjaði fimm ára í Ísaksskóla. Þar voru kennaranemar og mér fannst hið væntanlega starf þeirra strax spennandi. Það var líka svo gaman í Ísaksskóla hjá upphaflegum stofnendum hans, Ísak Jónssyni og Sigrúnu Sigurjónsdóttur konu hans. Þar var verið að þreifa sig áfram með nýja kennsluhætti og allt hafði þetta sín áhrif á mig."



Fundum Elínar og Ísaks bar aftur saman í Kennaraskólanum, þar sem hann var einn af afbragðs kennurum skólans, eins og hún orðar það. „Námið í Kennaraskólanum var mjög faglegt," segir hún og bendir á að fólk geti líka alltaf að sjálfsdáðum tileinkað sér allt mögulegt með aðstoð annarra, ástundun og áhuga. „Ég hef alltaf hafa haft gaman af faginu sem slíku og las mér til skemmtunar fræðibækur um kennslu. Þannig tvinnaðist saman þessi faglegi áhugi og starfið og það segir svolítið um viðhorfin."

Elín kveðst alla tíð hafa kennt í Langholtsskólanum en aldrei lengi hverjum árgangi fyrir sig. „Ég ferðaðist um í skólanum og það gerði ég til að staðna ekki. Kenndi yngri börnum og unglingum og allt þar á milli. Svo endaði ég sem skólastjórnandi. Tók við af manninum mínum Matthíasi Haraldssyni þegar hann lést skyndilega. Matthías var alger snillingur við kennsluna, sérstaklega fyrir þau börn sem þurftu meiri stuðning en önnur."

Auk kennslu sinnti Elín störfum fyrir Kennarasamtökin og sat í samninganefnd fyrir þau en nokkru áður en hún komst á eftirlaunaaldur ákvað hún að hætta kennslu og nema sagnfræði við háskólann. Námið segir hún þó hafa orðið frekar enda-



**100 ára afmæli feðganna**

**Friðþjófs Daníels Friðþjófssonar fd. 29. maí '47 og**

**Friðþjófs Arnars Friðþjófssonar fd. 10. apríl '67**

verður haldið í Kríunesi þann 1. júní milli kl. 20.00 og 24.00.
Ættingjar og vinir hjartanlega velkomnir.



**90 ára afmæli**

Á morgun, föstudaginn 1. júní, verður

**Páll Sölvason**

frá Bíldudal níræður.
Í tilefni dagsins tekur Páll á móti gestum á Grand Hótel Rvk milli kl. 16 og 19.

## MERKISATBURÐIR

1911 R.M.S. Titanic er sjósett. Skipið var á sínum tíma stærsta skip veraldar.

1916 Þjóðverjar og Bandamenn eigast við í einu sjóorrustu fyrri heimsstyrjaldarinnar. 250 skip tóku þátt í baráttunni, sem var ekki til lykta leidd. Orrustan er kölluð Jótlandsorrustan.

1927 Síðasti Ford T-módel bílinn er framleiddur. Alls voru framleidd 15.007.003 eintök af bílnum.

1961 Suður-Afríka verður sjálfstætt ríki þennan dag.

1970 John Lennon og Yoko Ono taka upp lagið „Give Peace a Chance". Þetta var fyrsta sólóverkefni bítilsins.

NNTAVERÐLAUNIN

# kennari



KENNARI AF LÍFI OG SÁL „Mér finnst frábært að forsetinn skuli beina svona jákvæðu ljósi að grunnmenntun á Íslandi," segir Elín G. Ólafsdóttir, sem hlaut íslensku menntaverðlaunin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

sleppt. „Mér bauðst starf hjá fræðslustjóranum í Reykjavík, Gerði G. Óskarsdóttur og þar var ég í nokkur ár sem ráðgjafi hennar. Ég hef alltaf haft nóg fyrir stafni og þess vegna hefur tíminn liðið svo fljótt og verið skemmtilegur."

Þegar Elínu er óskað til hamingju með verðlaunin þakkar hún og segir: „Auðvitað er þetta heiður fyrir mig en líka gott fordæmi fyrir stéttina. Mér finnst frábært að forsetinn skuli beina svona jákvæðu ljósi að grunnmenntun á Íslandi."

gun@frettabladid.is

## AFMÆLI

**HALLDÓRA J. RAFNAR** sagnfræðingur er 60 ára er í dag. Hún mun eyða afmælisdeginum erlendis í sól og sumaryl.



**Benedikt Erlingsson** leikari er 38 ára.



**Vigdís Másdóttir** fyrrv. fegurðardrottning er 29 ára.



**Róbert Marshall** blaðamaður er 36 ára.



**Kristján Þórðarson** (Stjáni Stuð) er 38 ára.


VERKFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS



VETTVANGUR RANNSÓKNA Í VERKFRÆÐI VIÐ HÍ

# MEISTARADAGUR VERKFRÆÐINNAR

## FIMMTUDAGINN 31. MAÍ, KL. 13–18 Í VR-II, HJARÐARHAGA 2–6

### DAGSKRÁ:

**Sameiginlegur fundur í stofu V-158**

13:00–13:10 Setning: Sigurður Brynjólfsson, forseti Verkfræðideildar
13:10–13:25 Stefán Sigurðsson, fulltrúi 30 ára verkfræðinga
13:25–13:40 Rannveig Rist, fulltrúi 20 ára verkfræðinga

**14:00–17:00** Meistaravarnir og kynningar á doktors- og meistaraverkefnum

| | Aðgerðarrannsóknir (V-158) | Jarðtækni og greining burðarvirkja (V-157) | Orku- og umhverfisrannsóknir (V-156) | Tölvusjón, gagna- og áhættugreining (V-155) | Doktorsverkefni (V-138) |
|---|---|---|---|---|---|
| 14:00 | Meistaravörn: **Jens Þórðarson** Spálíkön og bestun fyrir lager endurnýtanlegra flugvélavarahluta. Leiðb.: Páll Jensson. | Meistaravörn: **Davíð Rósenkrans Hauksson** Stíflugarðar með þéttidúk – Hönnun og greining með tilliti til jarðskjálftaáraunar. Leiðb.: Sigurður Erlingsson og Atli Gunnar Arnórsson. Meistaravörn: **Inga Rut Hjaltadóttir** Lárétt stífni staura. Leib.: Bjarni Bessason og Jón Skúlason. | Meistaravörn: **Ríkey Huld Magnúsdóttir** Forhitun bílvéla fyrir ræsingu. Leiðb.: Halldór Pálsson. | Meistaravörn: **Eiríkur Gíslason** Assessing avalanche hazard in ski areas with the SAMOS 2D snow avalanche model. Leiðb.: Sigurður Magnús Garðarsson, HÍ, Tómas Jóhannesson og Harpa Grímsdóttir, Veðurstofu. | Doktorsverkefni: **Georges Guigay** Fire Safety Engineering: Experimental and numerical study of under-ventilated fires. **Gísli Herjólfsson,** Hagnýt stýrikerfi byggð á tímasvörunum kerfa á lokuðu formi. |
| 14:45 | Kaffi | | | | |
| 15:00 | Meistaraverkefni: **Hildur Sævarsdóttir** Grákassalíkön og rekstrarbestun orkunotkunar í flutningaskipi. **Hulda Hallgrímsdóttir,** Leiðarbestun skipa – lágmörkun kostnaðar. **Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir** Áætlanagerð fyrir hámarkshagnað í íslenska þorskiðnaðinum. | Meistaravörn: **Leifur Skúlason Kaldal** Yfirborðsbylgjumælingar og ysjunarhætta. Leiðb.: Sigurður Erlingsson og Bjarni Bessason Meistaraverkefni: **Björk Hauksdóttir** Burðarþolsgreining á steinsteyptum vegg. Leiðb.: Bjarni Bessason og Per Golterman. | Meistaravörn: **Jónas Ketilsson** Afkastageta háhitasvæða: Reiknilíkan af Svartsengi. Leiðb.: Magnús Þór Jónsson og Halldór Pálsson. | Meistaravörn: **Sveinbjörn Jónsson** Flóðrakning með takmörkuðum gögnum. Leiðbeinendur: Sigurður Magnús Garðarsson og Hrund Ólöf Andradóttir. | Doktorsverkefni: **Fjóla Jóhannesdóttir** Hverjar eru líkurnar á að þú mjaðmarbrotnir? **Ketill Heiðar Guðmundsson** Hönnun, greining og bestun á rafsegulvökva bremsu. |
| 15:45 | Kaffi | | | | |
| 16:00 | Meistaravörn: **Arnaldur Gylfason** BioSequenceTools – A string algorithm library for applications in molecular biology. Leiðb.: Guðmundur R. Jónsson og Daníel Fannar Guðbjartsson. | Meistaraverkefni: **Joseph Oyeniyi Ajayi** Grouting in Karahnjukar headrace tunnel with emphasis on post grouting. Leiðb.: Birgir Jónsson, og Björn A. Harðarson, Geotek. | Meistaravörn: **Snjólaug Ólafsdóttir** Hydrogen Sulfide Concentration in Reykjavik City due to Emissions from Geothermal Power Plants. Leiðb.: Sigurður Magnús Garðarsson og Lúðvík Gústafsson, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar. | Meistaravörn: **Erlingur Brynjúlfsson** Þrívíð endurbygging á hreyfingu útlima út frá tvívíðri myndarunu. Leiðb.: Jón Atli Benediktsson. | |

**17:00–18:00** Léttar veitingar og spjall

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37819 05/07

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000






## STUÐ MILLI STRÍÐA Afmælisdagurinn sem breytti öllu

ROALD VIÐAR EYVINDSSON KÝS „EARLY THIRTIES“ FRAM YFIR FERTUGSALDURINN



Um daginn fagnaði ég þeim áfanga að verða þrítugur og átti frábæran dag í faðmi vina og vandamanna. Það eina sem skyggði á alla gleðina var hin síendurtekna og fremur þreytandi spurning: „Hvernig er nú að vera kominn á fertugsaldurinn?“

„Mér hefur bara sjaldan liðið eins vel,“ var iðulega svarið, enda fann ég engan sérstakan líkamlegan mun á mér, þótt mér þætti óneitanlega skrítin tilhugsunin að vera nefndur í sömu andrá og „the big four- o.“

Það er nefnilega eitthvað bogið við að vera ungur maður á þrítugsaldri einn daginn og virðulegur karl á fertugsaldri þann næsta, og engu líkara en maður hafi hlaupið einhvern maraþonáratug á einum sólarhring til að ná því marki.

Þessi hamagangur er svo sem alveg dæmigerður fyrir Íslendinga, sem eru alltaf að flýta sér svo mikið að þeir mega ekki vera að því að staldra við og njóta örlítið líðandi stundar. Íslenska þjóðin hefur engan tíma til að lifa lífinu til fullnustu og er að mínu mati á harðaspretti beinustu leið í gröfina.

Fljótræðið endurspeglast einmitt í því hvernig við teljum tugi. Við tölum um árin frá 1980-89 sem níunda áratuginn, ólíkt til dæmis Bretum og Bandaríkjamönnum sem staldra við og tala um „the eighties“. Svo ræða þeir ekki um þrítugs- eða fertugsaldur, heldur „twenties“ og „thirtes.“ Meira að segja „early“ og „late twenties“ og „thirtes“, eftir því hvoru megin við fimmuna maður stendur.

Þótt ég sé sannur Íslendingur verð ég að viðurkenna að mér finnst að við ættum að taka útlendingana okkur til fyrirmyndar í þessum efnum. Kunningi minn hjá Íslenskri málstöð benti mér góðfúslega á að það mætti kannski taka upp þá málvenju að ræða um snemm- eða síðfertugsaldur um þá sem eru skriðnir yfir þrítugt. Persónulega finnst mér það ágætis byrjun, enda ekki verra að endurheimta æskuna sem glataðist á einum degi. Svo er bara alltaf hægt að miða við aftari töluna.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




EKKERT BRUÐL
www.bonus.is
Tæmum Tindaselið!
Allar vörur í Tindaselinu
30% afsláttur
við kassann
Bónus býður betur!
Bónusverslunin að Tindaseli lokar um helgina. Allar vörur í versluninni verða seldar með 30% afslætti í dag, fimmtudag og á morgun föstudag eða á meðan birgðir endast!
bonus.is

**!** **Kl. 20.00**
*Kammerkór Suðurlands fagnar tíu ára afmæli sínu með tónleikum í Versölum, ráðhúsi Ölfuss. Einsöng syngur Sigrún Hjálmtýsdóttir, undirleik annast Kári Þormar en stjórnandi er Hilmar Örn Agnarsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Verk Svavars á uppboðum

Bæði stóru uppboðshúsin, Sothebys og Christies, auglýstu snemma í vor uppboð sem helguð væru myndlist og listmunum frá Skandinavíu. Á uppboði Christies hinn 26. júní er til kaups stórt olíumálverk eftir Svavar Guðnason frá 1949. Myndin er ótitluð og merkt að aftan en hún er 75x88 sentimetrar að stærð. Verkið er metið á 1.850-2.500 þúsund króna.

Fyrr í þessum mánuði var tilkynnt hjá Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn að hinn 6. júní væru til kaups á annan tug smámynda eftir Svavar úr eigu Roberts Dahlman-Jensen, arkitekts og fyrrum útgáfustjóra Helhesten í Danmörku.

Verð á verkum Svavars er að hækka á ný en óhug sló á kaupendur eftir að efasemdir komu upp um fjölda verka sem boðin voru á markaði hér og í Danmörku sem mörg eru sögð fölsuð.

Í undirbúningi er stórbók um feril Svavars í ritröð sem þegar geymir stórt og mikilvægt rit um Kjarval og Mikines. Sýning Listasafns Íslands í samvinnu við norræn söfn á verkum CoBrA-málaranna sýnir að mikilvægt er að hafin verði vinna við ítarlega skráningu á verkum Svavars Guðnasonar eins og tíðkast um stærri málara.

Uppboðið hjá Christies er sem fyrr segir hinn 26. júní og er aðgengilegt á vef fyrir þá sem áhuga hafa á málverkinu frá 1949 sem mun vera gjöf listamannsins til foreldra fyrrum eigenda en það eru afkomendur hans sem vilja selja. **- pbb**



**MYNDLIST**
Olíumynd eftir Svavar Guðnason frá 1949.
F57300507 SVAVAR GUÐ

## NÝ TÓNLIST



**Tríó Björns Thoroddsen** hefur hljóðritað annað safn laga í sama anda og Vorvinda sem út komu fyrir rúmu ári. Þar syngur Andrea Gylfadóttir með tríóinu safn þekktra laga í léttum djassútsetningum eins og í fyrra sinnið. Leita þau fjórmenningar víða í söngvaheimum eftir glaðlegum lögum um vorkomu og vor í sinni og eru þau flest við ljóð öndvegisskálda: Pál Ólafsson, Grím Thomsen, Jónas, séra Matthías Gröndal og Hannes Hafstein. Eru þetta flest allt gamalkunnug lög í nýjum og léttum búningi. Hljóðritun fór fram á þorranum í hljóðveri hljómsveitarstjórans. Auk þeirra Björns og Andreu leika þeir Jón Rafnsson bassaleikari og Jóhann Hjörleifsson á disknum sem Sena gefur út.

Smekkleysa dreifir hljómplötunni Fnyk með **Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar**. Tónlistin á plötunni er öll eftir Samúel en hann hlaut árið 2005 starfslaun listamanna til að semja tónlistardagskrá fyrir stórsveit. Tónlistin var frumflutt af Stórsveit Reykjavíkur á tónleikum 1. febrúar 2006. Titill plötunnar vísar til þess íslenska orðs sem kemst næst enska orðinu „funk“. Platan var hljóðrituð í hljóðverinu Heita pottinum í mars og apríl af Gunnari Erni Tynes en átján blásarar og aðrir hljóðfæraleikarar koma fram á plötunni. Samúel hefur starfað með Stórsveit Reykjavíkur sem básúnuleikari, útsetjari og Stjórnandi. Haustið 2006 kom kom út hljómplatan „Majones Jól“ með Stórsveit Reykjavíkur og Bogomil Font en Samúel útsetti meirihlutan plötunar ásamt því að stjórna sveitinni. Þá stjórnaði Samúel Stórsveit Reykjavíkur við afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í janúar 2007 ásamt því að útsetja fyrir Stórsveitina.




## Í nafni málarans Matisse

Myndlistartvíæringa er ekki eingöngu að finna í Feneyjum. Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir myndlistarmaður, sem leggur stund á meistaranám við listaháskólann Villa Arson í Frakklandi, tekur nú þátt í tvíæringnum Nouvelle Biennale í Nice í Frakklandi.

Tvíæringnum var komið á laggirnar árið 1967 af listamönnunum Henri Matisse og Pierre Bonnard. Guðlaug Dröfn komst í úrslit í keppni sem kennd er við málarann Matisse en þátttakendur voru rúmlega fimmtíu málarar sem koma frá eða vinna í suðausturhluta Frakklands. Tvíæringurinn stendur til 10. júní. **- khh**



**MYNDLIST GUÐLAUGAR DRAFNAR**

## Konungskomu 1907 minnst

**Í sumar verða hundrað ár liðin frá því að Friðrik áttundi konungur sótti Íslendinga heim en af því tilefni verður opnuð sýning í Þjóðarbókhlöðunni í dag.**



**KONUNGSKOMAN** Konungur umkringdur þegnum sínum á tali við Hannes Hafstein að morgni 30. júlí.

Þar er á veggspjöldum rakin drögin að heimsókninni, ferðalag konungs um landið og margvíslegur viðbúnaður sem þjóðin hafði uppi vegna heimsóknarinnar, þar eru til sýnis ýmsir gripir frá þessum tíma sem mönnum okkar tíðar kann að þykja lítt minnisverðir en voru með skýrum hætti, ef betur er að gáð, mikilsverðir fyrir íslenska samfélagsþróun, sjálfstæði í orði og borði.

Benedikta prinsessa, barnabarn Friðriks Kristjánssonar, kom hingað fyrir fáum dögum og leit til með undirbúningi sýningarinnar. Heimsóknir einstaklinga úr dönsku konungsfjölskyldunni voru á fyrri helmingi síðustu aldar miklu tíðari en síðar varð. Bæði hafði Friðrik níundi, faðir Margrétar Þórhildar, á yngri árum hér oft viðdvöl sem liðsmaður á eftirlitsskipum konungs og eins sóttu foreldrar hans hingað í veiði. Sókn þessa fólks hingað norður byggði ekki síst á þeim viðtökum sem Friðrik áttundi og Kristján níundi fengu hér 1874 og 1907 sem voru konunglegar.

**Veg fyrir kóng**

Erfitt er nútímamönnum að gera sér í hugarlund hvernig hingaðkoma konungs 1907 var. Gríðarlegt tilstand var: stór hluti af fjárlögum þessa árs var lagður í vegagerð um Suðurland en til stóð að konungur færi þar um í vagnalest. Var vögnum safnað af öllu landinu til að flytja föruneyti konungs. Þegar til kom vildi Friðrik sitja hest og fór því föruneyti hans ríðandi að mestu. Hingað kom í sveit konungs mikill fjöldi danskra blaðamanna og fyrirmenna úr dönsku opinberu lífi. Alþingi bauð hingað 30 dönskum þingmönnum og endurgalt þar með heimboð íslenskra þingmanna frá árinu áður en þá fóru 35 af 40 alþingismönnum til Hafnar í heimsókn.

**Frítt föruneyti**

Hingað til lands kom konungur með föruneyti á þremur skipum.

Var lagt upp frá Tollbúðinni hinn 21. júlí og var mikill mannfjöldi við strandlengjuna til að kveðja konung, þúsundir manna segja samtímaheimildir. Var sægur skipa sem fylgdi skipunum þremur, Birma, Atlanta og Geysi, á leið. Fyrri skipin voru fengin að láni frá Austur-Asíufélaginu, því aldna félagi sem hafði um aldaskeið einokun á viðskiptum Dana við Asíulönd. Birma var þeirra stærst, 5.000 smálestir að stærð. Tvö hundruð manns voru um borð, tuttugu þjónar, hljómsveitarmenn, kokkar auk gestanna og áhafnar.

**Færeyjastopp**

Fyrsti áfangi ferðarinnar voru Færeyjar og þangað kom konungsflotinn 24. júní. Reru heimamenn tugum báta undir flöggum til móts við flotann. Dvaldi konungur með fylgdarliði sínu í Færeyjum í þrjá sólarhringa, fór víða um eyjarnar, skoðaði atvinnulíf og híbýli manna. Lagt var upp til Íslands að morgni 27. júlí. Sóttist ferðin það vel að skip konungs máttu liggja heilan dag undan Akranesi til að ná réttum komudegi til Reykjavíkur.

**Íslenskir og danskir fánar**

Íbúar Reykjavíkur voru um tíu þúsund sumarið 1907. Þar var uppi fótur og fit hinn 29. júlí: menn voru þegar teknir að flagga og mátti víða sjá hvítbláinn við hún innan um Dannebrog. Konungur skyldi gista í húsi Lærða skólans, en gestum var víða komið niður: á Hótel Reykjavík og Hótel Íslandi. Móttökunefnd hafði aðsetur í Iðnaðarmannahúsinu. Skipað hafði verið við lægi undan landi en svo stór skip sem voru í fylgd konungs voru fátíð hér og engin höfn enn í bænum. Skyldi konungur stíga á land að morgni 30. júlí kl. 10 og skyldi bátur hans leggja að gömlu steinbryggjunni.

**„… ríki yðar.“**

Þann dag voru allir í bænum í sparifötunum og komnir niður í Pósthússtræti þar sem nú er Tryggvagata að hylla konung. Erlend fyrirmenni og innlend í einkennisbúningum, karlar í jakkafötum og sumir á fornklæðum, konur á skautbúningum, upphlut og dönskum búningum, börnin í þvegin og snyrt og stóðu hvítklæddar ungmeyjar í röð sitthvorum megin við gönguleið konungs: pláss var tekið frá fyrir fimmtíu innlenda og erlenda ljósmyndara.

Er skipafloti konungs seig inn sundin var skotið úr fallbyssum af frönsku herskipi er hér lág við festar. Hannes Hafstein hélt þegar til skips konungs og stundvíslega kl. 10 lagðist konungsbáturinn að steinbryggjunni, þeir konungur og Hannes stigu á land og Hannes bauð kóng sinn velkominn með handabandi: „Velkominn til þessa hluta ríkis yðar, herra konungur!“

**Almenn hrifning**

Hér á landi dvaldi konungur ásamt fylgdarliði til 15. ágúst. Hann fór um Suðurland ríðandi, sigldi síðan flota sínum vestur fyrir land, tók land á Ísafirði, fór síðan norður fyrir og kom við á Akureyri og loks austur um með lokaáfanga á Seyðisfirði. Hvarvetna sem Friðrik áttundi fór kom hann fram við háa og lága sem jafningja sína, gaf sig að múgamönnum rétt sem embættismönnum. Hann var forvitinn um hagi fólks, alúðlegur og alþýðlegur. Víst er að móttökur þær sem hann fékk hér á landi hafa hlýjað honum um hjartarætur. Samtímaheimildir danskar eru fullar af hrifningu, geðshræringum, yfir viðtökum. Enda fór svo að konungur hreyfði í för sinni sjálfstæðismálum þjóðarinnar, nánast í blóra við ráðherra sína.

**Trú á sjálfa sig**

En hann gaf íslenskum almenningi annað sjálfstæði ekki minna að virði: hann veitti þeim tækifæri í samtakamætti að skarta öllu sínu með þeim árangri að þeir fengu hrós fyrir og gátu verið stoltir af: bara konungsvegurinn austur var gríðarstórt afrek og synd að hann skuli ekki betur varðveittur og nýttur.

Margt af viðbúnaði hér var með séríslenskum hætti: til fundar við konung riðu bændur í Eyjafirði hópreið til Akureyrar og sátu einungis hvíta hesta. Er margt í lýsingum gestanna með sérstökum sakleysisbrag. Því heimsókn konungs var ekki síður landkynning sem beindist einkum gagnvart Dönum sjálfum og hefur vafalítið átt sinn þátt í hinni djúpstæðu lotningu sem hefur um langan aldur ríkt í Danmörku fyrir Íslandi, sögu og náttúru. Því er konungsheimsóknin björt minning þeim sem vilja rifja hana upp nú hundrað árum síðar.

Sýningin í Þjóðarbókhlöðu verður opnuð í dag af forseta Íslands og verður opin til 1. september. Landsbókasafn nýtur góðs af því en Þjóðminjasafn Íslands, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðskjalasafn Íslands, Seðlabanki Íslands og Vegagerðin hafa lánað ljósmyndir og muni. Einnig eru munir á sýningunni sem eru í einkaeign. Þau sem hafa komið að undirbúningi sýningarinnar eru Auður Styrkársdóttir, Helgi Braga, Jökull Sævarsson og Mark Cohagen. Hönnuður sýningarspjalda er Ólafur J. Engilbertsson, en sýningarstjóri er Emilía Sigmarsdóttir. Sýningin er styrkt af forsætisráðuneytinu og Dansk-íslenska viðskiptaráðinu.

**pbb@frettabladid.is**






## Við fögnum sumri með MARBERT dögum í verslunum Hagkaupa dagana 31. maí - 6. júní

Kynnum kærkomnar nýjungar í sólarlínunni, vatnshelda sólarvörn með úða!
**Flott sólartaska fylgir með ef keyptir eru tveir hlutir úr sólarlínunni frá MARBERT*.**

**Sólarlínan frá MARBERT er án rotvarnarefna (paraben free) og ofnæmisprófuð. Hún hentar því vel fyrir alla, einnig þá allra viðkvæmustu og yngstu.**

Öll húð á það til að verða viðkvæm í sól og hita. Sumir brenna og margir fá ofnæmi. Eitt það algengasta sem við fáum ofnæmi fyrir í sólinni eru rotvarnarefni (parabenar) í snyrtivörum. Þetta veit Marbert og hefur því þróað fullkomna línu af sólarvörum sem innihalda enga parabena og er sérstaklega ofnæmisprófuð fyrir viðkvæma húð. Það eiga því allir að vera öruggir í sólinni með Marbert, líka yngsta kynslóðin.

Línan inniheldur varnarkrem með stuðli frá SPF 2-30, kælandi og nærandi eftirsólarkrem, sjálfbrúnkandi krem og sólarfarða.

*Gildir til 6. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON
höf. og leikari Benedikt Erlingsson
1. júní kl. 20 uppselt, 2. júní kl. 20 uppselt
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20

MÝRAMAÐURINN
höf. og leikari Gísli Einarsson
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


## NÝJAR BÆKUR

Nýjasta bók verðlaunahöfundarins **Áslaugar Jónsdóttur** ber heitið **Ég vil fisk!** Í bókinni segir frá litilli stelpu sem veit hvað hún vill. Hún vill fisk! En það er sama hvað hún segir foreldrum sínum það oft, aldrei skilja þeir hvað hún á við. Mamman og pabbinn eru öll af vilja gerð og færa stelpunni sinni ýmislegt tengt fiskum – fiskabangsa, fiskabúning og púsluspil með fiski – en alltaf eitthvað allt annað að borða um kvöldið. Þangað til Unnur byrstir sig… Ég vil fisk er skondin og skemmtileg bók til að lesa upphátt fyrir yngstu fiskæturnar. Hún kemur út skömmu fyrir sjómannadaginn og hægt verður að fá barmmerki með henni í bókaverslunum meðan birgðir endast. Áslaug hlaut viðurkenningu Barnabókaráðsins, Íslandsdeildar IBBY árið 1993, Vestnorrænu barnabókaverðlaunin, ásamt Andra Snæ Magnasyni fyrir Söguna af bláa hnettinum, og var tilnefnd á heiðurslista IBBY-samtakanna fyrir bók sína Eggið. Hún hlaut einnig íslensku myndskreytiverðlaunin, Dimmalimm, tvö ár í röð fyrir bækurnar Nei! sagði litla skrímslið og Gott kvöld. Fyrir þá síðastnefndu hlaut hún tilnefningu til Norrænu barnabókaverðlaunanna og Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur og hlotnaðist henni sú vegtylla annað árið í röð fyrir bókina Stór skrímsli gráta ekki.




# Leikið öfganna á milli

**Sinfóníuhljómsveit Íslands slær botninn í Sjostakovitsjmaraþon sitt á tónleikum í kvöld og frumflytur nýtt verk eftir Þórð Magnússon.**



**SÆKIR Í FORTÍÐINA** Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytur í kvöld nýtt verk eftir Þórð Magnússon tónskáld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fyrir fimm árum ýtti aðalhljómsveitarstjórinn Rumon Gamba því metnaðarfulla verkefni úr vör að sveitin flytti allar sinfóníur rússneska tónskáldsins Dímítríj Sjostakovitsj. Sjostakovitsj var einn mesti meistari sinfóníska formsins á 20. öld og fimmtán sinfóníur hans eru magnaður vitnisburður um hina viðsjárverðu tíma sem hann lifði. Þær eru verk mikilla öfga og innihalda ólgandi ástríður, hugrekki, trega og sorg.

Vert er að benda á fyrir þá sem vilja endurnýja kynnin af verkunum að Sjostakovitsj-röðin verður á dagskrá Rásar 1 á þriðjudagskvöldum í sumar og mun Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur kynna sinfóníurnar í tali og tónum.

Á tónleikunum verður einnig flutt nýtt verk eftir Þórð Magnússon sem ber heitið „Það mótlæti þankinn ber“ og er þriðja verk Þórðar sem flutt er af Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Þetta er svokölluð lagboðavísa en þegar rímnamenn voru að leggja á minni laglínur sem þeir notuðu settu þeir inn einn einfaldan texta sem var auðvelt að muna til að auðvelda sér að muna hvaða laglína átti við hvaða ljóð,“ útskýrir Þórður. Þessi lagstúfur sem upphaflega var aðeins tvær nótur er nú orðinn að liðlega tuttugu mínútna tónverki. Þórður segir verkið í rökréttu framhaldi af síðasta verki sem hann samdi en hugmyndina sótti hann í gnægtarbrunn þess sem á tyllidögum er oft kennt við menningararf. „Ég fékk það áhugaverða verkefni að skrifa niður rímnalög eftir upptökum í tengslum við bók sem heitir Silfurplötur Iðunnar. Þar í rauninni kviknaði áhugi minn á þessum gömlu íslensku kvæðum,“ segir Þórður og segir að síðan hafi öll sín verk verið töluvert lituð af þessum arfi. „Ég sæki heilmikið í þetta, maður fær svona tengingu – að vera klassískt tónskáld á Íslandi er í raun pínulítið fáránlegt, hér er engin hefð en þarna er maður kominn með tengingu við land og þjóð.“

Tónleikarnir verða að sönnu fjölbreyttir því rúsínan í pylsuenda kvöldsins er flutningur breska bass-barítónsöngvarans Sir Donald McIntyre á „Kveðju Óðins“, aríu úr Valkyrjunum eftir Richard Wagner. Sir Donald McIntyre verður að teljast einn helsti bass-barítónsöngvari sinnar kynslóðar. Rumon Gamba stjórnar en tónleikarnir hefjast sem fyrr kl. 19.30

Klukkustund fyrir tónleikana verður aðalfundur Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands haldinn á Hótel Sögu. Strax að fundinum loknum mun Karólína Eiríksdóttir tónskáld kynna efnisskrá kvöldsins fyrir gestum. Allir eru velkomnir á fundinn.




ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
3. júní kl. 20
7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Kassinn Lindargötu 7 kl. 20:00
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fös.1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!
Kúlan, Lindargötu 7
LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6. Aðeins þessar tvær sýningar!
Þjóðleikhúskjallarinn
ÞETTA MÁNAÐARLEGA - HUGLEIKUR - TÓNLISTARDAGSKRÁ
Fös. 1/6 kl.22:30
ARIAL GIRLS - finnskur sönghópur
Lau. 2/6 kl. 20.00
Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR
Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Mið 13/6 kl. 20 AUKAS.
Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar sýningar

DAGUR VONAR
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin
Síðustu sýningar í vor

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Í kvöld kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september

LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Innréttingarnar lifna við

Formleg opnun á starfsemi í nýendurbyggðu Húsi Innréttinganna og viðbyggingu í Aðalstræti 10 verður kl. 17 í dag en í gamla húsinu á neðri hæðinni verður Reykjavíkurborg með sýningu í Fógetastofum.

Þar verður í sumar sýning á vegum Minjasafns Reykjavíkur um upphaf byggðar við Aðalstræti og í Grjótaþorpi. Til sýnis eru líkön og ljósmyndir frá Reykjavík þar sem sjá má hvernig byggð í Reykjavík þróaðist fyrstu hundrað árin eftir stofnun kaupstaðarins árið 1786. Upphaf þéttbýlis í Reykjavík má rekja til Innréttinganna og húsið Aðalstræti 10 stendur eitt eftir af þeim húsum sem reist voru fyrir verksmiðjurnar.

Á efri hæðinni er starfsemi Handverks og hönnunar en markmið þess félagsskapar er að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði. Einnig að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi. Á efri hæðinni er einnig lítill sýningarsalur sem kallaður er „Á skörinni“.



**VERK SIGRÍÐAR ÁGÚSTSDÓTTUR** Sýningaraðstaða og verslun verður opnuð í Aðalstræti 10 í dag.

Þar mun Sigríður Ágústsdóttir leirlistakona opna sýningu á handmótuðum og reykbrenndum vösum. Sigríður býr á Akureyri en lærði bæði í Englandi og Frakklandi. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í mörgum samsýningum. Sýningin „Á skörinni“ er opin á skrifstofutíma til 28. júní.

Í glæsilegu bakhúsi sem er á tveimur hæðum er rekin verslunin Kraum – icelandic design. Hópur hönnuða og fjárfesta tók höndum saman og stofnaði þetta fyrirtæki. Í versluninni verður seldur fatnaður, skartgripir og margs konar nytjavörur frá yfir sjötíu íslenskum hönnuðum.

Á efri hæð bakhússins verða í framtíðinni fjölbreyttar innlendar og erlendar hönnunarsýningar.

- khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

28 29 30 **31** 1 2 3

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Kór Félags eldri borgara** heldur í söngferðalag norður í land og heimsækir þar systurkóra sína. Í dag verða sameiginlegir tónleikar í **Blöndóskirkju** í **Húnaþingi**. Stjórnandi er **Katrín Pjetursdóttir** en meðleikari er **Arnhildur Valgarðsdóttir**.

### DANSLIST

☐ 21.00 **Tangóveisla á Nasa**. Hljómsveit **Fernandez Fierro** leikur fyrir dansi en þar eru á ferðinni þrettán eitursnjallir **listamenn** sem hafa hlotið lof og prís um allar jarðir fyrir frábæra spilamennsku. Sjá nánar á **www.tango.is.**

### SÝNINGAR

☐ 12.00 Nú fer hver að verða síðastur að sjá sýningu á verkum **Freyju Önundardóttur** í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber heitið **Eiginleikar** og þar tekst listamaðurinn á við vatnið í sínum umbreytingum og óvæntu myndum. Ferlið er því nokkurs konar Eiginleika-leikur. Sýningingunni lýkur á laugardag.

☐ 12.00 **Hádegisstefnumót** við hönnuð á sýningunni **Magma / Kvika**. **Hrafnkell Birgisson** hönnuður og formaður Samtaka hönnuða – Form Ísland er einn þeirra rúmlega áttatíu hönnuða sem eiga verk á sýningunni.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 17.00 **Stikað upp Skólavörðustíginn**. **Ágúst Bjarnason** sýnir dúkristur, blekmyndir á striga og skissur í **Art-Iceland** Skólavörðustíg 1a. Sýningunni lýkur í dag. Galleríið býður gestum og gangandi að líta við á Skólavörðustígnum frá kl.17-19.

### BÆKUR

☐ 21.00 Í tilefni gildistöku nýju reykingalaganna stendur **Stéttarfélag ungskálda** (SUS) fyrir síðasta reykmettaða ljóðakvöldi Íslandssögunnar í **Stúdentakjallaranum**. Fram koma skáldin **Arngrímur Vídalín, Hildur Lilliendahl, Jón Örn Loðmfjörð, Kári Páll Óskarsson, Kristin Svava Tómasdóttir**, **Steinar Bragi** og **Urður Snædal.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# TÖLVUVERSLUN *með þjónustuna í lagi*

JBL
ASUS
PHILIPS
SanDisk
JVC
Sarotech
CREATIVE
RAZER
SPEED LINK
OCZ

# SUMAR**ÚTSALA**

***- á meðan birgðir endast***





FUJITSU COMPUTERS SIEMENS



## Fujitsu Scaleo P turn

- Intel Celeron 3.06 örgjörvi
- 512MB DDR minni
- 200GB SATA diskur
- DVD-RW lesari/skrifari
- ATI X600 256MB
- Innbyggður kortalesari
- 2.0 hátalarakerfi
- Þráðlaust lyklaborð og mús
- Windows XP home

**Verð kr. 49.900**

acer

**14.1" TFT XGA skjár**



## Acer fartölva

- Acer Travelmate 2480
- Intel Celeron M420
- 1GB DDR2
- 80GB combodrif
- Intel GMA940 skjástýring
- Þráðlaust netkort
- Windows Vista home basic

**Verð kr. 59.900**



Sarotech



## AMD 3200 turn

AMD

- AMD 3200 Sempron örgjörvi
- 1GB DDR2 minni
- 200GB SATA diskur
- DVD drif
- Gforce 6100
- Windows Vista Home basic

**Verð kr. 34.900**

## Sarotech Abigs 3.5" sjónvarpsflakkari

Með 250GB hörðum disk Spilar alla helstu staðla á video, ljósmyndum og tónlist - fjarstýring og kaplar fylgja.

**kr. 22.990**



## 250 GB HARDBOX flakkari

USB2 flakkari með 250GB hörðum disk - ál hýsing með afritunar hugbúnaði og vandaðri tösku

**kr. 9.990**



## USB talnaborð

USB talnaborð fyrir fartölvur

**kr. 990**



## Sweex Skype sími

Skype USB sími

**kr. 1.990**

symantec.

## Norton Antivirus

Norton Antivirus - 1 árs leyfi fyrir 2 tölvur

**kr. 1.990**

## RAM - vinnsluminni - 1GB DDR 2

1GB DDR 2 vinnsluminni í flestar gerðir borðvéla

**kr. 4.990**

WD Western Digital

**ÖRFÁ STYKKI**

## Harðir diskar - SATA

160GB Western Digital SATA

**Verð kr. 2.990**

250GB Western Digital SATA

**ÖRFÁ STYKKI**

**Verð kr. 3.990**

320GB Western Digital SATA

**ÖRFÁ STYKKI**

**Verð kr. 4.990**

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

# T A K K A R

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS





## > GOTT GLÁP

**Blades of Glory:** Jon Heder og Will Ferrell kitla hláturtaugarnar. Annað en blessaðir sjóræningjarnir.
**Das Leben der Anderen:** Frábær þýsk kvikmynd þegar hleranir voru daglegt brauð fólks fyrir austan Berlínarmúr.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN SIF GUNNARSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI

# *Marilyn Monroe verður alltaf mesta stjarnan*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Ég sá sænska mynd sem heitir Farvel Falkenberg. Myndin var frábær; fyndin, tregafull, óvenjuleg og sönn.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Dirty Dancing. Ég og unglingsdóttir mín lágum yfir henni í gær og andvörpuðum. Þvílík snilld!
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Þær eru svo margar myndirnar sem hafa haft áhrif á mig – á mismunandi hátt. Þráðbein áhrif voru þó ef til vill mest af kvikmyndinni The Insider, en ég varð svo reið út í tóbaksframleiðendur eftir að hafa séð hana að ég hætti að reykja.
**Hefur þú grátið í bíó?** Já, svo sannarlega. Eftirminnilegasta grátstund mín í bíó var þegar ég sá Cinema Paradiso nokkrum dögum eftir að ég kom heim af fæðingardeildinni.
**Uppáhalds íslenska persónan:** Óli Bítill sem Baltasar Kormákur lék í Englum alheimsins.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Marilyn Monroe, að eilífu.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Það er freistandi að nefna Bond en svo eru aðrar, hvunndagslegri og lágvaxnari hetjur eins og Frodo Baggins sem bjargar líka heiminum og persónur sem hetjulega fórna öllu fyrir ástina, eins og Bess í Breaking the Waves.
**Mesti skúrkurinn:** Biskupinn í Fanny og Alexander var hræðilega vondur maður og þá var hann Frank Booth í Blue Velvet ekkert huggulegur heldur.



**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Ég passa mig á að gleyma vondum kvikmyndum eins fljótt og hægt er, en sú versta sem ég hef nýlega séð (og hef ekki enn náð að gleyma) var Vacation – oj bara.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Ég myndi að sjálfsögðu velja rómantíska gamanmynd af bestu sort. Nora Ephron skrifar handrit, Richard Curtis leikstýrir og á móti mér léki Colin Firth og kannski Emma Thompson líka – sem systir mín.

# Sannur sigurvegari

Heimildarkvikmynd Þorsteins Jónssonar um Ástþór Skúlason verður sýnd í Háskólabíói á morgun klukkan sex. Myndin hefur vakið mikla athygli og var meðal annars sýnd á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg sem fram fór um helgina.

Myndin lýsir lífsbaráttu Ástþórs sem hefur alltaf dreymt um að verða bóndi. Á málinu er þó einn hængur því Ástþór er lamaður fyrir neðan mitti og fer ferða sinna í hjólastól. Skynsemin segði flestum að flytjast á mölina, fá sér íbúð í blokk og vinnu fyrir framan tölvuskjá. Sveitin heldur hins vegar sterkt í hann og Ástþór leggur ekki árar í bát. Þótt valið þýði óyfirstíganlegar hindranir ætlar hann að gera það sem nauðsynlegt er til að geta búið á sinni jörð og rækja þau störf sem þar er að sinna.



**ÁSTÞÓR** Gefst ekki upp og hyggst ekki leggja árar í bát þrátt fyrir að vera lamaður fyrir neðan mitti.

# Heimsendir í nánd

Kvikmyndin 28 weeks later var frumsýnd í Háskólabíói, Regnboganum og Borgarbíói Akureyri í gær en hún er sjálfstætt framhald hryllingsmyndarinnar 28 Days Later. Með aðalhlutverkið fara þau Robert Carlyle og Catherine McCormack en leikstjóri er hinn spænski Juan Carlos Fresnadillo.

28 Weeks Later tekur upp þráðinn sex mánuðum eftir að vírusinn skæði hafði nánast lagt England í rúst. Íbúarnir taka gleði sína á ný en vísindamenn virðast hafa vanmetið styrk vírussins og hann fer að láta á sér kræla á ný í London en með enn öflugri hætti. Íbúarnir þurfa því aftur að kljást við uppvakninga.



**Á FLÓTTA** Robert Carlyle þarf að kljást við uppvakninga og hermenn í 28 Weeks Later.




# Heiðursmaður kveður

**Paul Newman tilkynnti fyrr í þessum mánuði að hann væri hættur að leika. Þar með er einum merkasta kafla í sögu Hollywood lokið.**

Newman hafði gefið það út fyrir um ári síðan að hann hygðist hætta afskiptum af kvikmyndaleik þegar hann næði 82 ára aldri. Hinn 25. maí rann sú stund upp. Newman hafði tekið sína ákvörðun. Sagðist ekki lengur geta sinnt sínu starfi eftir bestu getu. „Ég er orðinn gleyminn og það er ekki gott í þessu starfi,“ sagði leikarinn.

### Einstakur ferill

Þegar ungir leikarar í Hollywood eru beðnir um að segja hver sé þeirra helsti áhrifavaldur nefna flestir Paul Newman. Og það eitt og sér kemur fáum á óvart. Fáir leikarar hafa notið jafn mikillar velgengni á ferli sínum. Níu Óskarsverðlaunatilnefningar segja sína sögu þótt Newman hafi aðeins einu sinni farið heim með styttuna góðu, fyrir The Color Of Money.

Paul Newman fæddist í Cleveland árið 1925. Foreldrar hans ráku íþróttavöruverslun í smábænum Shaker Heights og Newman stóð á bak við búðarborðið á sínum yngri árum. „Ég fór ekki að leika vegna einhverrar innri ástríðu. Ég fór að leika til að sleppa við íþróttavöruverslunina,“ sagði Newman eitt sinn. Hann gekk síðan í herinn og þjónaði landi sínu í seinni heimsstyrjöldinni og reyndi að brjótast til frama sem orrustuflugmaður en var hafnað sökum litblindu sinnar.

Eftir að ferillinn innan hersins brotlenti sótti Newman um í leiklistardeild Yale-háskólans og lærði fræði sín hjá Lee Strasberg í New York. Þegar námi lauk vildi Newman ekki dveljast of lengi í Stóra eplinu og eftir nokkrar sýningar á Broadway lá leið hans til Hollywood. „Hérna er enginn friður til að læra,“ lét Newman hafa eftir sér um New York.

Leikarinn vakti strax mikla athygli fyrir þokkafullt útlit og hefði eflaust getað rakað inn háum upphæðum fyrir hlutverk hjartaknúsara sem voru á hverju strái á sjötta áratugnum. En Newman neitaði öllum slíkum handritum og reyndi frekar að komast í góðar kvikmyndir sem þó skiluðu ekki jafn miklu í kassann. Þegar á hólminn var komið reyndist Newman enda einn örfárra leikara sem lifðu af miklar kynslóðabreytingar í byrjun sjöunda áratugsins.

### Kappaksturshetja og pólitíkus

Þótt Newman hafi verið mörgum kvikmyndaleikurum fyrirmynd hvað leikinn varðar er það ekki síst líf leikarans utan sviðsljóssins sem hefur aflað honum virðingar meðal samstarfsfélaga sinna. Newman hefur verið kvæntur leikkonunni Joanne Woodward í hartnær hálfa öld, sem þykir einstakur líftími hjónabands í Hollywood. Þau kynntust í gegnum sameiginlegan kunningja og unnu náið á Broadway um miðjan sjötta áratuginn. Newman var þá reyndar kvæntur Jackie Witte en fór fram á skilnað eftir að hann kynntist Woodward. Þau giftu sig síðan árið 1958 í Las Vegas. Þegar Newman var spurður af hverju hann hefði aldrei látið heillast af glamúrlífinu og stóðlífi kvikmyndaborgarinnar svaraði leikarinn: „Af hverju að fá sér hamborgara þegar þú átt nautasteik heima hjá þér?“

Newman og Woodward búa fjarri skarkala Hollywood á sveitabýli sínu í Connecticut og hafa að mestu leyti einbeitt sér að góðgerðarmálum hin síðari ár. Newman stofnaði meðal annars matvælafyrirtækið Newman‘s Own sem flestir Íslendingar ættu að þekkja en allur ágóði af sölu þeirrar vöru rennur til styrktar langveikum börnum. Hafði fyrirtækið gefið yfir tvö hundruð milljónir dollara í maí árið 2007. Auk þess reka Newman og Woodward sumarbúðir fyrir langveik börn og meðferðarheimili fyrir eiturlyfjasjúklinga en sonur Newmans af fyrra hjónabandi, Scott, lést sökum ofneyslu árið 1978.

Þrátt fyrir að Newman hafi að mestu leyti einbeitt sér að leik í kvikmyndum liggur ástríða hans annars staðar. Newman er forfallinn fíkill í hvers kyns akstursíþróttir og hefur keppt með ágætis árangri í kappakstri. Þegar aðrir leikarar vilja fá kokka, líkamsræktarþjálfara eða hárgreiðslufólk á tökustað hefur Newman krafist þess að geta stigið á bensíngjöfina á milli taka.

Newman hefur verið mjög pólitískt virkur, unnið mikið með Demókrataflokknum og barðist hatrammlega gegn stefnu Nixons forseta. Enda fór það svo að nafn Newmans var á óvinalista Nixons þegar hann var gerður upptækur eftir að Watergate-hneykslið komst í hámæli.

Þegar kvikmyndatímaritið Empire bað lesendur sína fyrir nokkrum árum um að velja fjóra guði í kvikmyndageiranum sem enn væru meðal okkar voru Jack Nicholson, Al Pacino, Marlon Brando og Paul Newman valdir. Brando er farinn yfir móðuna miklu og nú hefur annar guð ákveðið að leggja leiklistina á hilluna.

freyrgigja@frettabladid.is



**CASSIDY** Eitt frægasta hlutverk Pauls Newman og þá ekki síst reiðhjólaatriðið góðkunna.



**NEWMAN OG WOODWARD** Hafa verið gift í fimmtíu ár, sem þykir einstakt í Hollywood. Þau hafa sinnt góðgerðarmálum af miklum krafti og reka meðal annars matvælafyrirtækið Newman‘s Own. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES





# Brauð ársins!

**Bakaríið við Brúna á Akureyri sigraði Brauðakeppni Kornax árið 2007 með brauði sínu "Spes að norðan".**

Brauð ársins er til sölu í flestum handverksbakaríum landsins!





Hönnun og ljósmyndir: N4

Gleráreyrum 2 // 600 Akureyri // s. 461 2700

Opið virka daga 07–18 // um helgar 07–16

BAKARÍIÐ VIÐ BRÚNA



### Í sumarsól ...

*... er einhvern veginn miklu skemmtilegra að borða ávexti en á niðdimmum vetri. Fersk ber hrúgast nú inn í búðirnar og það er um að gera að nýta sér það. Prófið líka brómber og hindber auk jarðarberja og bláberja.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON LEIKARI

# *Íslenskt lambakjöt hreinn viðbjóður*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það myndi vera kjúklingur í hinum ýmsu gerðum. Grillaður kjúklingur eða austurlenskir kjúklingaréttir, eða hvað sem er.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það er auðvelt. Það var þegar ég fór út að borða á Friðrik V í fyrra. Það var ógleymanleg máltíð og frábær í alla staði, frá forrétti til eftirréttar. Ég fékk meðal annars hreindýr með villisveppum og norðlenska osta í eftirrétt, þetta var bara æðislegt.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Íslenskt lambakjöt finnst mér hreinn viðbjóður. Ég set það ekki inn fyrir varirnar á mér. Það er alltaf eitthvert ullarbragð af þessu kjöti, sama í hvaða kjötlegi það er búið að liggja. Það er bara viðbjóður.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Hvítlaukur og nóg af honum. Hann bjargar öllu.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þá er það pitsa. Ég borða hana yfirleitt til þess að láta mér líða betur, en líður yfirleitt verr eftir á, það er meinið.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég reyni alltaf að eiga egg og ost og rauðlauk. Þetta þrennt fer nú samt kannski ekki vel saman.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ætli ég myndi ekki taka með mér hænur. Og hana. Þá gæti ég bæði haft egg og slátrað eins og einum og einum kjúklingi.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef nú ekki borðað mikið skrýtið. Ég hef borðað kengúrulundir, það er nú ekki exótískara en svo. Þær fékk ég hjá Jóa Fel, þegar ég var í þættinum hans í góðum félagsskap. Mér fannst þær svakalega góðar en mjög skrýtnar líka.

# Smakkveisla Svía

Fyrir þá sem eru á leið til Skandinavíu eða eru búsettir á þeim slóðum er ekki úr vegi að sækja Stokkhólm heim á næstu dögum. Frá 1. til 6. júní stendur þar yfir viðamikil matarveisla sem um hálf milljón gesta sækir heim á ári hverju. Matarveislan kallast Smaka på Stockholm, eða Bragðaðu á Stokkhólmi, og fer fram í almenningsgarðinum Kungsträdgården.

Um þrjátíu krár og veitingastaðir í borginni bjóða þar upp á yfir tvö hundruð mismunandi rétti, kokkar etja kappi og vín og bjór flæðir um garðinn. Viðburðurinn hefur átt sér stað á hverju ári síðastliðin fimmtán ár og er sá stærsti sinnar tegundar í Svíþjóð og þótt víðar væri leitað.



**BRAGÐAÐU Á STOKKHÓLMI** Viðamikil matarveisla hefst í höfuðborg Svíþjóðar á morgun. Um hálf milljón manna sækir hana á ári hverju.

# Hátíðarveisla fyrir fiskunnendur

Hátíð hafsins gengur í garð um helgina og við Reykjavíkurhöfn verður mikið um að vera. Í tilefni af hátíðinni verða tíu veitingastaðir í miðborginni með sérstaka matseðla helgaða fiskiveislu. Þeir eru Við Tjörnina, Hornið, Apótekið, Einar Ben, Salt, Þrír frakkar, Fjalakötturinn, Tveir fiskar, Vín og skel og DOMO. Allir matseðlar eru undir 5.000 krónum.

Fiskiveislan mæltist vel fyrir í fyrra, þegar hún var haldin í fyrsta sinn. Á matseðlum veitingahúsanna má finna rétti á borð við hunangsgljáðan íslenskan demantssmokkfisk, engifermarineraðan hlýra og pestóhjúpaðan steinbít með humarsósu, svo örfáir réttir séu nefndir.

Utan fiskiveislunnar munu veitingastaðir við höfnina bjóða gestum og gangandi sérstök tilboð. Þar á meðal eru Icelandic fish and chips, Sushismiðjan, Sjávarbarinn og Sægreifinn, sem býður rómaða humarsúpu sína á hátíðartilboði.



**HÁTÍÐ Í BÆ** Í tilefni af Hátíð hafsins bjóða tíu veitingastaðir í miðborginni upp á sérstaka matseðla helgaða fiskiveislu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þjóðarrétturinn eldist vel

**Anna Bergljót Thorarensen hefur lítinn tíma til eldamennsku þessa dagana. Þegar tími gefst til er þjóðarréttur fjölskyldunnar þó í uppáhaldi.**

„Þetta er þjóðarréttur okkar í Bakkahjalla 10, fjölskyldumaturinn,“ sagði Anna Bergljót, sem iðulega er kölluð Anna Begga, um uppskriftina sem hún deilir með lesendum Fréttablaðsins í dag. „Ég man eftir mér mjög lítilli að borða þennan mat. Við erum öll jafnhrifin af þessu, fjölskyldan,“ sagði hún.

Anna Begga hefur gaman af að elda, en tími til að stunda það áhugamál er þó af skornum skammti þessa dagana. „Taco-kjúklingasúpa er til dæmis í uppáhaldi hjá mér, og mér finnst fiskréttir mjög skemmtilegir líka,“ sagði Anna Begga. „Flest allt sem mér finnst gott þarf að malla lengi,“ bætti hún við. Þjóðarrétturinn er sömu tegundar. „Maður þarf að gefa honum eins langan tíma og maður getur, hann verður alltaf betri og betri,“ sagði Anna Begga, „og svo er hann eiginlega enn betri upphitaður.“

**Uppskrift: Þjóðarrétturinn**

400 g spagettí
400 g nautahakk
3-5 gulrætur, skornar í bita
2 laukar, saxaðir
5 hvítlauksrif, söxuð
1 stór dós niðursoðnir tómatar
1 lítil dós tómatpúrra
1 stór teningur kjötkraftur kryddað með óreganó, timjan, salti og pipar.



**HÆGELDAÐ Í UPPÁHALDI** Anna Bergljót Thorarensen er hrifin af réttum sem fá að malla lengi á eldavélinni. Þjóðarréttur fjölskyldunnar er einn þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hún er einn liðsmaður leikhópsins Lottu, sem sýnir Dýrin í Hálsaskógi í Elliðaárdalnum á miðvikudögum í sumar. Hún fer meðal annars með hlutverk Hérastubbs bakara í verkinu góðkunna og fannst því ekki annað hægt en að láta piparkökuuppskriftina fljóta með. Sjálf bakar Anna Begga ekki mikið frá degi til dags. „En ég hef prófað Hálsaskógaruppskriftina. Hún bragðast ekki vel. Þetta er eiginlega ekkert eins og kökur á bragðið, en það var samt gaman að prófa,“ sagði hún og hló við. Upplýsingar um sýningartíma og fleira má nálgast á 123.is/dyrinihalsaskogi.

Spagettíið er látið bullsjóða í opnum potti. Það er bannað að brjóta það, því það er svo skemmtilegt að borða það heilt. Hakkið er brúnað á pönnu og gulrótum, lauk og hvítlauk bætt í. Látið steikjast aðeins. Niðursoðnum tómötum, tómatpúrru og kjötkrafti bætt í. Að lokum er rétturinn kryddaður.

Látið malla eins lengi og kostur er. Það má bæta vatni á pönnuna ef sósan verður of þykk.

**Piparkökur Hérastubbs:**
Bræðið 1 kíló af smjörlíki í potti. Hrærið saman við kílói af sykri. Látið átta eggjarauður og kíló af hveiti hrærast með í pottinum. Í þetta á að setja eina litla teskeið pipar. Fletjið deigið út, búið til karla og kerlingar og bakið í ofni við 180 gráður í 30 mínútur.

sunna@frettabladid.is




# Bollur Bubba í Mat og lífsstíl

Þáttaröðin Matur og lífsstíll, í umsjón Valgerðar Matthíasdóttur, hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Þar sækir Vala þekkta Íslendinga heim og fær þá til að elda uppáhaldsréttina sína fyrir áhorfendur. Þættirnir verða á dagskrá á fimmtudagskvöldum í sumar klukkan 20.05 og munu uppskriftir úr þeim birtast á síðum Fréttablaðsins. Það er tónlistarmaðurinn ástsæli Bubbi Morthens sem ríður á vaðið.

„Það sem Bubbi sýnir okkur í fyrsta þættinum er annars vegar kartöfluréttur, ofboðslega góður, fljótlegur og hollur, og svo speltbrauð sem tekur bara nokkrar mínútur að búa til og er alveg ótrúlega gott,“ sagði Vala, sem segir Bubba sýna á sér nýja hlið. „Mér sýnist hann ansi liðtækur í eldhúsinu. Svo hefur hann náttúrlega miklar skoðanir á þessu eins og öðru, það er það sem er svo skemmtilegt við hann,“ sagði hún og hló við.

**Uppskrift: Speltbrauð**

5 dl lífrænt grófmalað spelt
1 dl sólblómafræ, sesamfræ eða kókosmjöl
3 tsk. vínsteinslyftiduft
½-1 tsk. sjávarsalt
1½ dl AB-mjólk eða sojamjólk
1½ dl sjóðandi heitt vatn

Þurrefnum blandað saman í skál. AB-mjólk og heitu vatni blandað varlega saman við. Sólblómafræjum og smá salti, ef vill, bætt í og öllu blandað varlega saman. Hrærið sem minnst í deiginu svo brauðið verði létt í sér.

Setjið deigið í smurt brauðform og bakið í 25-30 mínútur við 200 gráður. Það má einnig baka í bolluformi. Bubbi notar aðrar kryddtegundir í brauðið til að breyta til. Hann mælir svo með íslensku smjöri og sjávarsalti á heitar bollurnar.



**SPELTBOLLUR BUBBA** Speltbrauðið má annaðhvort baka í brauðformi eða sem bollur.




## 25% afsláttur af Pataks vörum




**1.125** kr/kg. áður 1.875 kr/kg.
Borgarnes lambaframpartssneiðar þurrkryddaðar




**298** kr/kg. áður 609 kr/kg.
Matfugl kjúklingaleggir




**675** kr/kg. áður 1.125 kr/kg.
Matfugl Sole Mio kjúklingalæri




**791** kr/kg. áður 1.181 kr/kg.
SS BBQ partýrif




**69** kr/stk.
Pepsi 2 ltr.




**99** kr/stk. áður 159 kr/stk.
Grand appelsínusafi 2 ltr.




**227** kr/pk. áður 311 kr/pk.
Gevalia kaffi 500 gr.




**59** kr/stk.
Náttúru jurtarjómi

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 31. maí til 3. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Latibær á ferð og flugi

**Latibær er á miklu flugi og ekki sér fyrir endann á velgengni þessa fyrirtækis. Heilbrigðismálayfirvöld í þremur löndum eru áhugasöm um að taka þátt í að fá krakka heimsins til að hreyfa sig.**

„Við erum að vinna mjög náið með Caroline Flint, heilbrigðisráðherra Bretlands, og vonandi byrjum við með þetta átak sem allra fyrst," segir Magnús Scheving, forstjóri Lazy Town. Nú styttist í að glæsilegu orkuátaki verði hleypt af stokkunum í Bretlandi. Svipað átak sló í gegn á Íslandi fyrir þremur árum og fékk meðal annars norrænu heilsuverðlaunin 2004. „Ég reikna síðan með að eiga fundi með bæði heilbrigðisráðherrum Þýskalands og Kanada," bætir Magnús við.

Mikið hefur verið spáð og spekúlerað um hvort sjálfur Jamie Oliver myndi ganga til liðs við Latabæ en Magnús svaraði þeim vangaveltum eins og sannur pólitíkus: „Því er ekki að leyna að við höfum verið í viðræðum við þann hóp en þetta eru svona meira þreifingar. Oliver er meira í eldri hópnum en við í þeim yngri. En við höfum verið að athuga hvernig við gætum sameinað þá," segir Magnús og ljóst er að ef af yrði myndi það vekja enn meiri athygli á Latabæ í Bretlandi.

Latibær hefur hins vegar náð verulegri fótfestu á Bretlandsmarkaði og Magnús upplýsir að velta fyrirtækisins í smásölu sé í kringum hundrað milljónir dollara eða sex milljarða íslenskra króna. Þá hyggur þátturinn á mikla innrás til Ástralíu en þættirnir verða sýndir á ABC-sjónvarpsstöðinni sem er ein sú virtasta í heimi.

freyrgigja@frettabladid.is



**ÁHUGASÖM** Caroline Flint, heilbrigðisráðherra Breta, er áhugasöm um verkefni Latabæjar í Bretlandi.



**ÞREIFINGAR** Viðræður milli Jamie Oliver og Latabæjar standa yfir og er hugsanlegt að kokkurinn án klæða gangi til liðs við Orkuátakið.



**MAGNÚS SCHEVING** Latibær er á miklu flugi um þessar mundir og verða þættirnir meðal annars teknir til sýninga hjá ABC-sjónvarpsstöðinni í Ástralíu.

FATÓ
ÚTSÖLUMARKAÐUR
LÚXUS MERKJAVARA
LAUGAVEGI 91 - 2. hæð



6 DAGA ÚTSÖLUMARKAÐUR
LÚXUS MERKJAVARA ÚR:
eva COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur menn
Á ÓTRÚLEGUM...
80%
AFSLÆTTI
Opið:
virka daga
11-18
laugardag (2.júní)
10-18
sunnudag (3.júní)
13-17
Opið aðeins í 6 daga*
FATNAÐUR: DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE - NOUGAT
SKÓR OG STÍGVÉL: SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO
FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð
*Opið - 31. maí - 6. júní
FATÓ
MERKJAVARA Á ÓTRÚLEGU VERÐI

# Britney Spears rænulaus á karlaklósetti

Britney Spears sletti vel úr klaufunum síðastliðið sunnudagskvöld. Eftir eingöngu klukkutíma dvöl á Sky Bar Mondrian hótelsins í Los Angeles fannst poppstjarnan nánast rænulaus inni á karlaklósettinu, þar sem hún kastaði viðstöðulaust upp. Britney hafði bókað herbergi á hótelinu, en leið of illa til þess að nýta sér það. Halda þurfti á söngkonunni út af hótelinu. Dvöl Spears á meðferðarheimilinu Promises fyrr á árinu virðist því ekki hafa borið mikinn árangur.

Á þriðjudag skrifaði söngkonan bréf til aðdáenda sinna á opinberri heimasíðu sinni. Þar segist hún vilja reyna að útskýra hvað hún hafi þurft að takast á við upp á síðkastið. Britney segist hafa náð botninum þegar hún lagðist inn á Promises, en að hún haldi ekki að áfengi eða þunglyndi hafi verið um hugarástand hennar að kenna, heldur hafi hún týnt áttum eftir skilnaðinn. „Ég viðurkenni það, ég var svo týnd," skrifar Britney til aðdáenda sinna. „Ég vil bara fá það sama út úr lífinu og þið… að vera hamingjusöm," skrifar hún.



**ÞRÁIR HAMINGJU** Eftir að hafa kastað upp yfir karlaklósettið á Sky Bar skrifaði Britney bréf til aðdáenda sinna þar sem hún kennir skilnaðinum um undarlega hegðun sína upp á síðkastið.

# Pamela segir börnunum frá kynlífsmyndbandinu

Pamela Anderson hefur neyðst til að segja börnum sínum frá kynlífsmyndbandinu fræga sem hún gerði á sínum tíma með þáverandi eiginmanni sínum, rokkaranum Tommy Lee.

Pamela segir að hún hafi náð að halda myndbandinu leyndu frá börnum sínum allt frá því að það var gert árið 1998, en þar sem börnin vildu ólm fá að sjá kvikmyndina Borat, þar sem myndbandið með Pamelu kemur nokkuð við sögu, hafi hún ekki átt annarra kosta völ en að gera hreint fyrir sínum dyrum. Pamela á tvo stráka, hinn tíu ára gamla Brandon og níu ára gamla Dylan.

„Allir vinir þeirra höfðu séð Borat og ég gat ekki bannað þeim að sjá hana. Ég sagði við þá að þeir þyrftu að vita ýmislegt áður en þeir sæju hana," segir Pamela. „Ég sagði þeim að á myndbandinu væru allir naktir og að faðmast og kyssast. Síðan hefði einhver stolið myndbandinu," sagði Pamela og bætti því við að viðbrögð stráka sinna hefðu komið sér á óvart.



**STORMASAMT HJÓNABAND** Það fór ekki lítið fyrir Pamelu Anderson og Tommy Lee á meðan þau voru gift.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Þeir settu upp smá svip þegar við vorum að horfa á Borat en annars kipptu þeir sér lítið upp við það sem fyrir augum bar."


Tilboð þetta gildir til 15. júní nk.
Tilboðslán
...fyrir hverju sem er
• Lægri greiðslubyrði
• Lægra lántökugjald
• Óverðtryggð lán
20%
10%
0%
16,55%
21,15%
S24
Algengir vextir á skammtímalánum banka og sparisjóða
TILBOÐS VEXTIR
16,55%
Við hjálpum þér...
...að láta drauminn rætast!
S24
...og þú hagnast
*Miðað við vaxtatöflu S24 01.05.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 15.06.2007.
Sæktu um... www.s24.is

íslenskir tómatar



• Plómutómatar

• Kirsuberjatómatar

• Konfekttómatar

• Tómatar

Tómatar eru hollir og ljúffengir,
litfagrir og ómissandi á matborðið.
Íslenskir grænmetisbændur bjóða
neytendum upp á margar tegundir
sem auka fjölbreytnina og möguleikana.
Nú er rétti tíminn til að prófa þær allar.

www.islenskt.is
ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

# Íslenskur ferskleiki í Loftkastalanum í kvöld

**Tískuviðburðurinn Made in Iceland fer fram í Loftkastalanum í kvöld en þar munu alls sex ungir og upprennandi fatahönnuðir sýna hönnun sína. Það eru fyrirtækin Eskimo og Basecamp sem standa fyrir kvöldinu.**



**OSTWALD-HELGASON** Hálfíslenskt hönnunartvíeyki sem sýnir nýjustu vetrarlínu sína í kvöld.

Tískugúrúar hvaðanæva að úr heiminum munu flykkjast á sýninguna í kvöld og þarna verða til dæmis tískuhönnuðurinn Marjan Pejoski sem er sennilega þekktastur hérlendis fyrir svanakjólinn sem Björk klæddist á Óskarnum en hönnun hans er seld í Kron-Kron. Einnig hafa boðað komu sína blaðafulltrúar frá Dazed and Confused og V-Magazine auk innkaupastjóra búðarinnar KokonToZai í London.

Markmiðið með þessum herlegheitum er að kynna til leiks ferska og hæfileikaríka íslenska hönnuði en í kvöld fáum við að sjá hönnun frá Aftur, Eygló, Raxel, Starkiller, Forynju og hönnunartvíeykinu Ostwald-Helgason. Það síðastnefnda skipa Ingvar Helgason og Susanne Ostwald. „Við kynntumst þegar við unnum bæði hjá hönnuðinum Marjan Pejoski og enduðum á því að stofna fyrirtæki saman,“ segir Ingvar sem fæddur er í Reykjavík en fluttist til Kaupmannahafnar þar sem hann lærði saum og sníðagerð. „Merkið okkar gengur mjög vel en fötin eru meðal annars seld í London, París, New York, Hong Kong, Tókýó og Vín. Íslandsmarkaður hefur hins vegar orðið eitthvað útundan og vonandi bætir sýningin úr því,“ segir hann og bætir við að hann sé mjög spenntur fyrir kvöldinu. „Þetta er í fyrsta sinn sem við erum með „catwalk“ sýningu og það er auðvitað mjög spennandi og gaman að gera það á Íslandi. Það verður líka mjög skemmtilegt að sjá hvað hinir íslensku hönnuðirnir hafa upp á að bjóða,“



**OSTWALD-HELGASON** Hönnun þeirra er seld í tískuverslunum víðsvegar um heiminn.

Auk hönnuðanna verða kynntar sextán nýjar íslenskar fyrirsætur sem munu sýna fötin. „Við tókum á móti hátt í tvö hundruð stelpum alls staðar að af landinu og þær sextán sem við völdum hafa verið að æfa sig síðustu tíu daga og eru orðnar mjög góðar,“ segir Ásta Kristjánsdóttir hjá Eskimo og bætir því við að fyrirtækið sé hætt með Ford fyrirsætukeppnina. „Við ákváðum að velja frekar sextán manna hóp á hverju ári og þjálfa þær upp í staðinn fyrir að ein vinni. Þetta er bæði uppbyggilegri og skemmtilegri leið. Veggina í salnum prýða tveggja metra háar myndir af stúlkunum og myndar það skemmtilega stemningu. Í kvöld mæta svo útsendarar frá skrifstofum í París, London og New York til að kíkja á stelpurnar og þær gætu þá landað samning.“

Húsið opnar klukkan átta í kvöld og aðgangseyrir er einungis 950 krónur. Tónlistarflutningur verður í höndum hljómsveitanna Steed Lord og Sometime.

hilda@frettabladid.is

# Kærasti Lindsay í kókaíni

Kvennabósinn Calum Best er háður kókaíni og stundar hópkynlíf með vændiskonum. Þetta kom fram í breska dagblaðinu The Sun í gær en blaðið birti myndir af Best í félagsskap vændiskvenna þar sem hann neytti kókaíns. Best, sem er sonur knattspyrnuhetjunnar George Best heitins, komst nýverið í fréttirnar fyrir að slá sér upp með leikkonunni Lindsay Lohan.

„Pabbi hans var vissulega fyllibytta og kvennabósi en Calum er verri, hann er kominn alveg á botninn,“ sagði vinur hans í samtali við blaðið. Þrátt fyrir að kærastan Lindsay Lohan sé ekki barnanna best þegar kemur að skemmtanalífinu hafði Calum haldið líferni sínu leyndu fyrir henni. Lindsay var sem kunnugt er handtekin með kókaín í fórum sínum um liðna helgi. Hún mun nú hafa innritað sig í meðferð í annað skipti á skömmum tíma.



**VISSI EKKI NEITT** Kærastan Lindsay Lohan var stödd í Bandaríkjunum og vissi ekki um háttalag Calum Best.

„Ég hef hegðað mér heimskulega og sé eftir öllu,“ sagði Calum í viðtali við The Sun. Það hafði hann ekki enn sagt Lindsay frá leyndarmálum sínum. Breska dagblaðið hefur undir höndum myndbandsupptöku af Calum þar sem hann er með tveimur vændiskonum á hótelherbergi. Á myndbandinu sést hann í ástarleikjum með vændiskonunum á milli þess sem hann tekur kókaín í nefið.



**DÓPISTI** Calum Best var myndaður í félagsskap vændiskvenna þar sem hann neytti kókaíns. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Calum lýsti því yfir eftir að hann kynntist Lindsay Lohan að hann væri tilbúinn að láta af villtum lífsstíl sínum og helga sig sambandi þeirra. Ólíklegt verður að teljast að af því verði nú.

# Cowell öskrar eigið nafn í rúminu

Idol-dómarinn Paula Abdul gerir kollega sínum Simon Cowell stóran grikk í heimildarþætti um þann síðarnefnda sem sýndur verður í Bretlandi um helgina. Brot úr þættinum hafa lekið út til fjölmiðla og talar Abdul þar meðal annars um hið margfræga sjálfsálit Cowell og hvernig það endurspeglast í kynlífi kappans.

„Hann er eini maðurinn sem ég veit um sem æpir eigið nafn á meðan bólförum stendur. Hans hugmynd að forleik er að horfa á sjálfan sig í spegli," segir Abdul. Talið er að þessi ummæli muni koma Cowell afar illa og þykir ekki útilokað að lögfræðingar hans muni fara fram á að ummælin verði fjarlægð úr endanlegri útgáfu þáttarins.

Í myndinni er einnig haft eftir eldri bróður Simon, Tony Cowell, að hann hafi málað sig með hvítgráum húðlit á sínum yngri árum til að sleppa við að fara í skólann. „Þannig leit hann út fyrir að vera fölur og slappur og þá leyfðu mamma og pabbi honum að sleppa við skólann," segir Tony.



**GÓÐ SAMAN** Simon Cowell hefur lengi gert hosur sínar grænar fyrir Paulu Abdul og er ekki loku fyrir það skotið að hún tali af eigin reynslu þegar hún segir frá bólförum Cowell í umræddum sjónvarpsþætti. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Innlent efni aukið

Heimasíðan kvikmynd.is, sem nýtur sívaxandi vinsælda, hefur aukið til muna áherslu sína á íslenska þætti. „Við sendum út bréf á dögunum og auglýstum eftir þáttum og þáttagerðarfólki og fengum fín viðbrögð. Þetta er allt í raun hluti af þeim viðbrögðum," segir Þóroddur Bjarnason, annar eigenda kvikmynd.is. Á meðal þátta á síðunni eru 3. hæð til vinstri, Sleepless in Reykjavík, eftir Gunnar Guðbjörnsson þar sem íslenskar þungarokksveitir eru í brennidepli, og grínatriði eftir Þórhall Þórhallsson, fyndnasta mann Íslands. Auk þess er hægt að sjá þætti á borð við Game TV og Sigtið á síðunni.



**ÞÓRHALLUR ÞÓRHALLSSON** Fyndnasti maður Íslands sýnir grínatriði á heimasíðunni kvikmynd.is.



**JUSTIN TIMBERLAKE** Söngvarinn góðkunni hefur nú ákveðið að beita sér í viðskiptalífinu og sett á stofn nýja plötuútgáfu.

# Justin með plötuútgáfu

Justin Timberlake virðist hafa ágætt viðskiptavit en hann hefur nú ákveðið að setja á fót sitt eigið útgáfufyrirtæki. Tennman Records heitir fyrirtækið en höfuðstöðvar þess verða í Los Angeles og mun Timberlake gegna hlutverki stjórnarformanns og framkvæmdastjóra þess. „Við erum öll mjög spennt fyrir því hæfileikafólki sem við munum bjóða upp á og ég get ekki beðið eftir að kynna þetta fólk fyrir heiminum," sagði Timberlake.



**FLAMING LIPS** Spilaði fyrst á Hróarskeldu fyrir tuttugu árum.

# Flaming Lips á Hróarskeldu

Hin bandaríska Flaming Lips bættist í gær í hóp þeirra hljómsveita sem ætla að troða upp á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar en tuttugu ár eru síðan hljómsveitin spilaði fyrst á hátíðinni. Listinn yfir þær hljómsveitir sem koma munu fram á Hróarskeldu í ár er nú nær fullmótaður en af öðrum stórum nöfnum má nefna Beastie Boys, Muse, Queens of the Stone Age, Red Hot Chili Peppers, Mika, The Who og fleiri, auk þess sem okkar ástkæra Björk mun ekki láta sig vanta.

Miðasala á hátíðina í ár hefur aldrei gengið betur og hefur meirihluti miða selst upp í forsölu. Tæplega 200 tónlistaratriði verða á dagskrá hátíðarinnar.



SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA

www.SAMbio.is 575 8900 midi.is







ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4:30 - 6 - 8 - 10 | 10 | SPIDER MAN 3 | kl. 5 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 4:30 - 8 | | BLADES OF GLORY | kl. 5:50 - 8 | 12 |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 | ROBINSON FJ... ÍSL TAL | kl. 3:50 | L |
| THE REAPING | kl. 8 - 10:10 | 16 | | | |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBEAN 3 kl. 6:15 - 8 - 10 - 10:20 | DIGITAL | 10 |
| GOAL 2 | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| ROBINSON F.. M/- ÍSL TAL | kl. 5:50 DIGITAL-3D | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl 6 - 9 | 10 |
| MR. BEAN | kl 6 | L |
| ZODIAC | kl. 8 | 16 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

Nánari upplýsingar á www.SAMbio.is

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Nýtt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 3.15, 6.30 og 10-POWER | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| SEVERANCE | kl. 8 | 16 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 og 6 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10.45 | 10 | 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS | kl. 5 - 9 | | UNKNOWN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 | THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 - 5.50 | | IT´S A BOY GIRL THING | kl. 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 10.50 | 10 | SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — SÍMI 462 3500

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 | 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ANNAÐ LÍF ÁSTÞÓRS | kl. 6 | | PATHFINDER | kl. 6 - 8 | 16 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 | THE HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | | | | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.40 - 8.20 | 10 | | | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS


# Stemning á 90s-kvöldi

90s-kvöld verður haldið á Nasa næstkomandi föstudagskvöld á vegum Curvers og Kiki-Ow. Mikil stemning hefur verið á 90s-kvöldunum til þessa og er ólíklegt að nokkur breyting verði þar á.

Á meðal laga sem fá líkast til að hljóma verða No Limits með 2Unlimited, It´s My Life með Dr. Alban, Out Of Space með The Prodigy og I´m the Scatman með Scatman John. Gestaplötusnúður verður hinn breski DJ Wayne Paul og mun hann spila rave-tónlist í um klukkustund í lok kvöldsins. Partíið byrjar á miðnætti og er miðaverð 2.000 krónur. Forsala fer fram á nasa.is og í Spútnik. Aldurstakmark er 20 ár.



**CURVER OG KIKI-OW** Þau Curver og Kiki-Ow standa fyrir 90s-kvöldinu á Nasa.



**NOEL GALLAGHER** Gallagher á sviði einn með gítarinn í mars síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Hæfileikaríkur hrokagikkur

**Noel Gallagher, aðallagahöfundur bresku sveitarinnar Oasis, varð fertugur síðastliðinn þriðjudag. Fréttablaðið skoðaði litríkan feril kappans.**

Noel Gallagher fæddist í Manchester á Englandi árið 1967. Hann átti fremur erfiða æsku og var oft laminn af drykkfelldum föður sínum. Þrettán ára byrjaði hann að læra sjálfur á gítar með því að herma eftir gítarfrösum í uppáhaldslögunum sínum.

### Á atvinnuleysisbótum

Gallagher fékk starf í byggingafyrirtæki en varð fyrir því óláni að fótbrotna eftir að hafa fengið þungan stálbita ofan á hægri fót sinn. Í framhaldinu fékk hann rólegri vinnu í vöruhúsi og hafði um leið aukinn tíma til að æfa sig á gítarinn og semja lög. Síðari hluta níunda áratugarins var hann meira og minna á atvinnuleysisbótum og eyddi öllum sínum tíma í tónlistina og fikt með fíkniefni. Hlustaði hann á sveitir á borð við Bítlana, sem áttu áttu eftir að hafa mikil áhrif á lagasmíðar hans, T. Rex, The Rolling Stones, Slade, The Kinks, The Smiths og The Stone Roses.

### Hafnað af Inspiral Carpets

Árið 1988 sótti Gallagher um sem söngvari hljómsveitarinnar Inspiral Carpets. Honum var hafnað en fékk í staðinn starf sem rótari. Eftir að hafa farið í nokkur tónleikaferðalög með Inspiral Carpets gekk hann til liðs við hljómsveit yngri bróður síns Liam í byrjun tíunda áratugarins. Oasis átti stóran þátt í Brit-bylgjunni sem reið yfir heiminn um miðjan tíunda áratuginn með lögum á borð við Wonderwall og Live Forever. Einnig var sveitinni þakkað að hafa fært gamla og góða rokkið aftur í sviðsljósið.

### Hrokafullur Noel

Gallagher hefur oft þótt ansi hrokafullur í viðtölum við fjölmiðla og er jafnan duglegur að hrósa eigin lagasmíðum. Hefur hann látið aðrar hljómsveitir á borð við Blur fá það óþvegið og sagt þær handónýtar. Einnig hefur hann lengi átt í deilum við Robbie Williams, sem honum þykir lítið til koma.

Að undanförnu hefur Gallagher verið duglegur við að koma fram einn með kassagítarinn en segist þó ekki hafa áhuga á því að hefja sólóferil. Vill hann frekar einbeita sér að því að spila með „bestu hljómsveit í heimi“, Oasis.

**ÞEKKT UMMÆLI**

„Ef ég væri í Bítlunum gæti ég vel verið George Harrison.“

„Það ætti að skjóta þá.“ [Um The Backstreet Boys]

„Við erum ekki hrokafullir. Við trúum því bara að við séum besta hljómsveit í heimi.“

„Kylie Minogue er ekkert annað en djöfullegt lítið fífl.“

„Vonandi fá þeir alnæmi og deyja.“ [Um Damon Albarn og Alex James úr Blur]

„Feiti dansarinn úr Take That.“ [Um Robbie Williams]

# Reykingar kvaddar með stæl

Forráðamenn veitinga- og skemmtistaða landsins munu margir hverjir eyða deginum í að syrgja reykingar, en sem kunnugt er verða þær bannaðar á slíkum vettvangi frá og með morgundeginum. Margir staðir keppast því við að tæma sígarettulagerinn og hafa sumir þeirra tekið upp á því að vera með eins konar reykingaþema í dag.

Þannig verður til dæmis sérlegt vindlakvöld á Argentínu steikhúsi í kvöld þar sem vindlar verða seldir á heildsöluverði. „Smokey and the Bandit“ verður yfirskrift dagsins á Prikinu en þar verður sígaretta í boði á gjafvirði eftir hverja máltíð. Forráðamenn staðarins hyggjast einnig spila lagið „Smoke on the Water“ af miklum móð.

Þá stendur útvarpsþátturinn Capone fyrir „Reykingakveðjupoolmóti“, eins og það er orðað í tilkynningu, á Áttunni í Hafnarfirði. Þeir sem taka þátt fá ókeypis sígarettur og sigurvegarinn hlýtur sígarettukarton í tugatali.



**CAPONE-BRÆÐUR** Ætla að kveðja reykingarnar með stæl.



**EKKI MEIRI REYKUR** Margir gleðjast yfir fyrirhuguðu reykleysi veitingahúsa en aðrir bölvast yfir því.

# Dúopp-lag í loftið

Grallararnir í Baggalúti hafa gefið út lagið Sof þú mér hjá. Lagið er tileinkað íslenskum táningum og er ætlað sem innlegg í þá fábreytnu unglingamenningu sem þrífst hérlendis.

„Við sátum og vorum að hlusta á gamlar Frank Zappa-plötur. Hann var svolítið í því að taka dúopp-lög svokölluð. Þetta er svona fiftís lummurokk, þótt þetta sé ekki alveg eins súrrealískt og hjá honum. Við ákváðum að prófa eitt svona lag,“ segir Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason sem er höfundur lags og texta.

Heimasíðan baggalutur.is fer í sumarfrí á föstudag og stendur það líklega yfir þangað til í byrjun september. Bragi segir að ýmislegt hafi verið í gangi á síðunni að undanförnu, svona rétt fyrir fríið. „Þarna er heimsendaspá og undarlegir atburðir í gangi, hvort sem það er reykingabann eða yfirvofandi árás geimvera í loftinu,“ segir hann.



**BAGGALÚTUR** Grallararnir í Baggalúti hafa gefið út lagið Sof þú mér hjá.

# Stórar tilfinningar hjá Myst

Dúettinn Myst hefur gefið út sína fyrstu plötu, Take Me With You, með aðstoð Smekkleysu. Myst, sem er skipuð hjónunum Kolbrúnu Evu Viktorsdóttur og Haraldi G. Ásmundssyni, hefur verið starfandi í um það bil fjögur ár og hefur platan verið í vinnslu nánast frá þeim tíma. Spilar sveitin rólegheita popp undir ýmiss konar áhrifum, meðal annars frá Bítlunum, Emilíönu Torrini og Evu Cassidy.

Myst hefur átt fjögur lög sem hafa fengið mikla spilun í útvarpinu, þar á meðal Here For You, sem var mest spilaða lagið á Bylgjunni árið 2005. Vissu þá fáir að þar væri á ferðinni íslensk hljómsveit.

„Þetta er mjög tilfinningaþrungin plata og hvert lag á sér sögu,“ segir söngkonan Kolbrún Eva. „Þegar við spilum á tónleikum gætum við örugglega talað í tvær mínútur á undan hverju einasta lagi.“ Eitt laganna, Angel Like You, er til að mynda samið til minningar um bróður Kolbrúnar Evu sem lést ungur að aldri árið 1988.

Jón Ólafsson og Arnar Guðjónsson úr Leaves sáu um upptökustjórn plötunnar og eru þau Kolbrún Eva og Haraldur hæstánægð með framlag þeirra. Bróðir Kolbrúnar, Sigurvin Sindri, kemur einnig við sögu á plötunni sem gítarleikari, ásamt þeim Hermanni Alberti Jónssyni, bassaleikara, Arnari Guðjónssyni, Jóhanni Hjörleifssyni, Guðmundi Péturssyni, Jóni Ólafssyni og Friðriki Sturlusyni. - fb



**MYST** Hjónin Kolbrún Eva Viktorsdóttir og Haraldur G. Ásmundsson skipa hljómsveitina Myst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Hayden Christensen** á sér fleiri áhugamál en leiklistina og nú hefur hann snúið sér í allt aðra og mun drullugri átt. „Nýlega keypti ég bóndabýli norður af Toronto og fjárfesti líka í tækjum og tólum, vörubíl, traktor og þess háttar,“ sagði Hayden sæll og glaður. „Ég hyggst ráðast í framkvæmdir sem fyrst. Ég get ekki beðið eftir því að fara þangað að vinna og skíta mig út.“



**Matt Damon** er ekki alls kostar sáttur við alla athyglina sem mótleikarar hans í Ocean's Thirteen fá. Það hlýtur að taka á að vinna með gæjum eins og **Brad Pitt** og **George Clooney** sem hafa verið valdir kynþokkafyllstu mennirnir í ótal mörgum könnunum. Hann hyggst nú bjóða sig fram fyrir slíkar kannanir. „Ég þarf bara að safna meiri pening fyrir framboðið. George sagði að ég hefði verið mjög nálægt því að vinna í ár en ég kláraði peningana og þess vegna vann hann.“



**Gwen Stefani** virðist ekki ætla að taka sér langt frí þó svo að hún hafi nokkuð nýlega eignast nýjan fjölskyldumeðlim. Nú hefur hljómsveit hennar, No Doubt, ýjað að því að ekki sé langt í nýja plötu. Hljómsveitin segist hafa tekið upp að minnsta kosti tólf lög fyrir plötuna og ætti það að kæta aðdáendur sveitarinnar.

**Heather Locklear** er komin með nýjan gæja og það er enginn annar en leikarinn **Jack Wagner** úr Melrose Place. Sambandið virðist ganga vel en Locklear og Wagner léku elskendur í þáttunum vinsælu. Parið sást leiðast hönd í hönd á göngu í Malibu á mánudaginn og héldu þau svo á heimili Locklear þar sem þau áttu vafalaust rómantískar stundir. Heather ætti að vera sátt núna því ekki gengur svona vel hjá fyrrverandi eiginmanni hennar **Richie Sambora** sem yfirgaf hana fyrir eina bestu vinkonu hennar, **Denise Richards** en sambandi þeirra lauk fyrir stuttu.







## > Besti dómarinn

Jóhannes Valgeirsson og Kristinn Jakobsson sýndu báðir afburðaframmistöðu um helgina og fengu 8 í einkunn.

## > Bestu ummælin

„Ég lít þannig á málið að við höfum unnið eitt stig hér í dag,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, jákvæður eftir jafntefli gegn Blikum í hrútleiðinlegum leik. Spurning hvort hann líti eins á málið í dag kominn fjórum stigum á eftir FH? Ekki góð staða fyrir lið og þjálfara sem hafði lýst því yfir að hann ætlaði sér Íslandsmeistaratitilinn með Val í sumar og ekkert annað.



**sport**

sport@frettabladid.is

**4. UMFERÐ LANDSBANKADEILDARINNAR:** FH SIGURVEGARI HRAÐMÓTSINS

# *Getur eitthvert lið veitt FH keppni?*

Hinu árlega hraðmóti Landsbankadeildarinnar er lokið og línur aðeins teknar að skýrast. FH-ingar hafa staðið undir öllum þeim væntingum sem til liðsins voru gerðar og rúmlega það.

Hafnfirðingar hafa farið hreint á kostum og lagt alla andstæðinga sína. Þeir hafa verið gífurlega öflugir uppi við markið og gefið fá færi á sér í vörninni.

Stóra spurningin núna er sú hvort FH-ingar stingi af eins og venjulega eða hvort eitthvert lið geti veitt þeim keppni. Keflavík og Valur virðast líklegustu kandidatarnir í það en þau mega ekki misstíga sig mikið meira ætli þau sér ekki að missa endanlega af Hafnfirðingum.

KR-ingar sitja að sama skapi einir á botninum og það er krísa í Vesturbænum. Fram undan er leikur á Skaganum og má búast við slagsmálum á milli þessara fornu fjenda sem mega muna sinn fífill fegri. Hvort KR mæti til leiks með sama þjálfarann á eftir að koma í ljós en KR er að fara yfir sín mál í rólegheitum.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 16, Keflavík
**Flest skot á mark:** 10, Keflavík
**Fæst skot:** 9, Fram, Breiðablik
**Besta skotnýting:** ÍA, 20 %
**Hæsta meðaleinkunn:** Keflavík, 6,83
**Lægsta meðaleink.:** HK, 4,54
**Grófasta liðið:** Víkingur, 17 brot
**Prúðasta liðið:** FH og Keflavík, 9 brot

**Fjöldi áhorfenda:** Óvitað
Áhorfendatölur skiluðu sér á öllum völlum nema á KR-velli. Það er af sem áður var þar sem KR hefur oftar en ekki staðið sig best á þeim vettvangi. Bendir samt flest til þess að þetta sé langbest sótta umferð Íslandsmótsins til þessa.



**SAMAN HJÁ HAUKUM** Yngvi Gunnlaugsson og Telma Björk Fjalarsdóttir verða hjá Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Kvennalið Hauka í körfunni:

# Yngvi þjálfar og Telma spilar

**KÖRFUBOLTI** Yngvi Gunnlaugsson er tekinn við af Ágústi Björgvinssyni sem þjálfari Íslands- og bikarmeistara Hauka í Iceland Express deild kvenna. Yngvi skrifaði undir tveggja ára samning í gær og þá gekk líka Telma Björk Fjalarsdóttir til liðs við Haukanna frá Breiðabliki.

Yngvi hefur unnið fjölmarga titla með yngri flokkum Hauka undanfarin sex ár. Hann þjálfaði lið Breiðabliks síðasta vetur en var aðstoðarþjálfari Haukaliðsins frá 2003 til 2006. Yngvi gerði 9. og 10. flokk kvenna hjá Haukum að tvöföldum Íslandsmeisturum í vetur og hefur sem skilað fimm Íslandsmeistaratitlum til félagsins undanfarna þrjá vetur.

Telma Björk, sem er 23 ára miðherji, var með 11, stig og 10,9 fráköst að meðaltali með Breiðabliki í vetur. **- óój**

# Svipað veður í Keflavík og Færeyjum

**Færeyingurinn Simun Eiler Samuelsen er leikmaður 4. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Simun fór á kostum gegn HK suður með sjó og er búinn að skora þrjú mörk í deildinni.**

**FÓTBOLTI** Færeyingurinn Simun Eiler Samuelsen er ein af stjörnum Íslandsmótsins það sem af er. Þessi skemmtilegi knattspyrnumaður hefur gert varnarmönnum andstæðinganna lífið leitt í upphafi sumars og sýnt snilldartilþrif á köflum. Hann hefur þegar skorað þrjú mörk í deildinni, jafn mörg og á síðasta tímabili.

„Ég var ánægður með leikinn og mína frammistöðu. Ég get ekki neitað því og það gleður mig að fá þessa útnefningu,“ sagði Færeyingurinn lítillátur en hann var nýkominn til móts við félaga sína í færeyska landsliðinu sem tekur á móti heimsmeisturum Ítala á laugardag. „Það þýðir ekkert að dvelja við þetta heldur halda áfram að spila vel. Það er frábært að spila með Keflavíkurliðinu því við viljum halda boltanum á jörðinni og spila góðan fótbolta. Okkur tekst það líka ágætlega þannig að við skemmtum okkur á vellinum.“

Simun neitar því ekki að hugurinn stefni út fyrir Ísland rétt eins og hjá öðrum leikmönnum. Draumaáfangastaðurinn hans er sá sami og hjá flestum íslenskum leikmönnum – England.

„Ég get ekki gert annað en haldið áfram að gera mitt besta og ef ég spila vel er aldrei að vita nema einhverjar dyr opnist. Maður fer ekkert bara til Englands og velur sér lið,“ sagði Simun og hló dátt. „Ég gæti alveg hugsað mér að spila í neðri deildunum í Englandi enda spilaður flottur fótbolti þar líka. Þetta snýst líka um heppni.“



**FRÁBÆR FÆREYINGUR** Færeyski landsliðsmaðurinn Simun Eiler Samuelsen hefur glatt knattspyrnuunnendur með leik sínum í sumar. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Simun býr ásamt færeyskri unnustu í Keflavík en hún flutti til hans fyrir skömmu. Móðir hans er einnig flutt í Bítlabæinn og ætlar að prófa að búa þar í eitt ár. Foreldrar hennar búa nefnilega í Njarðvík og stórfjölskyldan er því sameinuð í Reykjanesbænum. Ætli hluti af góðri spilamennsku Simuns sé sá að honum líður betur þar sem hans nánustu eru komnir til Íslands?

„Ég veit það ekki en að sjálfsögðu líður manni betur með ættingjana hjá sér. Það hefur eflaust einhver áhrif. Mér líður annars mjög vel í Keflavík. Ég bjó í 1.400 manna bæ í Færeyjum þannig að þetta er stór munur fyrir mig. Veðrið er svipað en aðeins meiri þoka í Færeyjum,“ sagði Simun léttur enda bjartsýnn á sumarið.

„Við ætluðum að ná níu stigum í hraðmótinu en það náðist ekki alveg. Við erum súrir að hafa ekki fengið neitt stig gegn FH. Við getum betur og ætlum að gera betur. Keflavík hefur fulla burði til þess að blanda sér í toppbaráttuna af alvöru,“ sagði Simun Samuelsen.

**henry@frettabladid.is**






Sex þjálfarar KR í tíu liða efstu deild hafa ekki klárað tímabil í Vesturbænum:

# Enginn þjálfari hjá KR hefur verið rekinn eftir fjóra leiki

**FÓTBOLTI** Teitur Þórðarson situr örugglega í heitasta þjálfarastólnum í Landsbankadeild karla því lið hans KR er eitt á botni deildarinnar með aðeins eitt stig eftir fjórar fyrstu umferðirnar.

KR-liðið hefur auk þess verið gagnrýnt fyrir marklausan og leiðinlegan bolta og ekki einu sinn endurkoma Rúnars Kristinssonar hefur náð að lífga við máttalausa sóknartilburði liðsins.

KR-liðið hefur því aðeins náð í 8,3% stiga í boði í þessum fyrstu fjórum umferðum og ef sagan er skoðuð eru miklar líkur á því að Teitur Þórðarson klári ekki tímabilið því þetta er versta byrjun vesturbæjarliðsins í 30 ár.

Í þremur af fjórum verstu byrjunum KR í tíu liða deild hefur þjálfarinn fokið á tímabilinu og í þeirri fjórðu féll liðið niður í B-deild. Sex þjálfarar hafa ekki klárað tímabil með KR í tíu liða deild og allir voru með mun betri árangur á þeim tímapunkti þegar þeir voru látnir fara eða sögðu upp.

Enginn þjálfari KR í tíu liða efstu deild hefur verið látinn fara eftir aðeins fjóra leiki en næst því komst Lúkas Kostic sem var rekinn eftir fimm leiki fyrir tíu árum. KR-liðið var þá í 6. sæti deildarinnar með sex stig en hafði gert jafntefli við þrjú af neðstu liðunum. Ákvörðun KR-stjórnarinnar kallaði fram verkfallsaðgerðir hjá KR-ingum, sem voru mjög óánægðir með að Lúkas hefði verið látinn fara.

Pétur Pétursson sagði síðan upp störfum eftir sjö leiki árið 2001 en þessir tveir eru þeir einu sem hafa hætt með KR-liðið í fyrri umferð. Hinir fjórir hafa allir fengið að klára fyrri umferðina.

**- óój**

### REKNIR KR-ÞJÁLFARAR Í 10 LIÐA EFSTU DEILD:

**(Leikir innan sviga)**

| | |
|---|---|
| 50% | Magnús Jónatanss., 1980 (10) |
| 41% | Ivan Sochor, 1993 (13) |
| 40% | Lúkas Kostic, 1997 (5) |
| 36% | Magnús Gylfason, 2005 (12) |
| 33% | Pétur Pétursson*, 2001 (7) |
| 27% | Manfred Steves, 1981 (13) |

*** Sagði sjálfur upp störfum**



**EITT STIG** Teitur Þórðarson þarf að taka til í KR-liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Sjóðheit
SUMAR ÚTSALA
dagana 30. maí til 2. júní
hjá Bílalandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.
Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.
Enginn útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.
Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:
Útsöluverð kr. 1.290 þús.
Verð áður kr. 1.650 þús.
Afsláttur kr.360.000
Ford Mondeo, 2003 - Ek. 81 þús.
Útsöluverð kr. 1.340 þús.
Verð áður kr. 1.680 þús.
Afsláttur kr.340.000
RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 29 þús.
Útsöluverð kr. 990 þús.
Verð áður kr. 1.260 þús.
Afsláttur kr.270.000
Peugeot 307, 2004 - Ek. 57 þús.
Útsöluverð kr. 290 þús.
Verð áður kr. 560 þús.
Afsláttur kr.270.000
HYUNDAI ELANTRA, 2000 - Ek. 92 þús.
Útsöluverð kr. 1.780 þús.
Verð áður kr. 2.260 þús.
Afsláttur kr.480.000
HYUNDAI SONATA, 2005 - Ek. 32 þús.
Útsöluverð kr. 1.170 þús.
Verð áður kr. 1.510 þús.
Afsláttur kr.340.000
RENAULT SCENIC II, 2003 - Ek. 79 þús.
Útsöluverð kr. 780 þús.
Verð áður kr. 1.060 þús.
Afsláttur kr.280.000
RENAULT MEGANE, 2003 - Ek. 76 þús.
Útsöluverð kr. 1.660 þús.
Verð áður kr. 2.080 þús.
Afsláttur kr.420.000
Hyundai Santa Fe, 2004 - Ek. 106 þús.
Útsöluverð kr. 1.320 þús.
Verð áður kr. 1.760 þús.
Afsláttur kr.440.000
RENAULT LAGUNA, 2003 - Ek. 44 þús.
Útsöluverð kr. 950 þús.
Verð áður kr. 1.350 þús.
Afsláttur kr.400.000
Opel Zafira, 2003 - Ek. 84 þús.
bíla land B&L
notaðir bílar
bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200
Útsöluverð kr. 1.750 þús.
Verð áður kr. 2.190 þús.
Afsláttur kr.440.000
Toyota Avensis, 2005 - Ek. 115 þús.
Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.
bílaland.is



**RYAN GIGGS** Kveður velska landsliðið um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ryan Giggs:

# Hættur með landsliðinu

**FÓTBOLTI** Reynsluboltinn Ryan Giggs hefur ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna eftir leikinn gegn Tékkum á laugardag í undankeppni EM. Þetta er mikið áfall fyrir Wales enda Giggs einhver besti leikmaður þjóðarinnar frá upphafi.

Giggs hefur leikið 64 landsleiki á þessum 16 árum. - da

Thierry Henry:

# Orðinn pirraður

**FÓTBOLTI** Thierry Henry þótti ekki sannfærandi þegar hann ræddi um framtíð sína á blaðamannafundi í Kína í gær. Barcelona hefur áhuga á því að fá hann til sín og jós Henry olíu á eld þess efnis að hann færi til Spánarmeistaranna í sumar.

„Ég er leikmaður Arsenal í augnablikinu,“ sagði Henry, sem er ekki sáttur við uppskeru Arsenal á tímabilinu, fjórða sætið í ensku úrvalsdeildinni. „Þetta var erfitt tímabil og enn einu sinni endum við langt á eftir toppliðunum. Ég er orðinn pirraður á því að enda alltaf í síðasta sæti af toppliðunum fjórum,“ sagði Frakkinn. - hþh

Knattspyrnulandslið Liechtenstein á sér stutta en litríka sögu:

# Liechtenstein er eina liðið sem hefur tapað fyrir San Marínó

**FÓTBOLTI** Knattspyrnulandslið Liechtenstein er ekki nema rétt rúmlega 25 ára gamalt en liðið lék sinn fyrsta leik við Möltu árið 1981. Þá náði liðið jafntefli en það er ef til vill lýsandi að það er það eina sem hefur nokkru sinni tapað fyrir San Marínó, öðru smáríki í Evrópu.

Sá leikur var vináttulandsleikur sem fór fram hinn 28. apríl árið 2004. Versta tap liðsins kom árið 1996 en þá fór lið Makedóníu illa með Liechtenstein og vann 11-1.

Liðið hefur þó unnið sína sigra líka og nýjasta dæmið er 1-0 sigur á Lettlandi í undankeppninni sem nú er í gangi. Þar með hefur liðið unnið jafn marga leiki og það íslenska í riðlinum. Ísland er þó með betri markatölu.

Stærsti sigur Liechtenstein til þessa kom gegn Lúxemborg sem þó hefur fjórtán sinnum fleiri íbúa og talsvert fleiri en Ísland. Sá leikur vannst 4-0 en hann var leikinn í október árið 2004, í undankeppni HM 2006.



**FRÆGT MARK** Benjamin Fischer kemur sínum mönnum í Liechtenstein 1-0 yfir gegn Portúgal á útivelli árið 2005. Portúgal rétt marði sigur í leiknum, 2-1. NORDIC PHOTOS/AFP

Fjórum dögum áður vakti lið Liechtenstein jafnvel enn meiri athygli á sér þegar það náði 2-2 jafntefli gegn stórliði Portúgals á heimavelli. Í síðari leiknum, í Portúgal, komst Liechtenstein yfir en tapaði á endanum, 2-1.

Fyrir jafnteflisleikinn við Portúgal hafði liðið tapað öllum sínum tuttugu leikjum í undankeppni HM, þar af tveimur gegn Íslandi en þeir leikir fóru fram árið 1997. - esá

Liechtenstein stóð sig þokkalega í undankeppni HM 2006:

# Fékk tvöfalt fleiri stig en Ísland

**FÓTBOLTI** Sé árangur Íslands og Liechtenstein í síðustu undankeppni borinn saman kemur í ljós að síðarnefnda liðið kom mun betur út.

Fyrir það fyrsta fékk Liechtenstein átta stig í sínum riðli. Liðið vann báða leiki sína gegn Lúxemborg og náði jafntefli gegn Portúgal og Slóvakíu á heimavelli.

Ísland fékk fjögur stig. Liðið náði jafntefli gegn Möltu á útivelli og vann Maltverja svo á Laugardalsvelli. Allir aðrir leikir töpuðust.

Það sem meira er að Liechtenstein fékk færri mörk á sig í keppninni en Ísland í sínum riðli þrátt fyrir að hafa spilað tveimur leikjum meira en Ísland. Ísland fékk 27 mörk á sig, Liechtenstein 23.

Samanburður á markatölu liðanna á heimavelli sýnir þennan mun greinilega.

Liechtenstein skoraði átta en fékk níu á sig. Ísland skoraði níu en fékk fjórtán á sig. - esá



**MARKI FAGNAÐ** Leikmenn Liechtenstein fagna marki sínu gegn Lettlandi. NORDIC PHOTOS/AFP

Liechtenstein með þrjú stig:

# Frækinn sigur gegn Lettum

**FÓTBOLTI** Ísland og Liechtenstein leika nú saman í annað skipti í sögunni í undankeppni stórmóts. Fyrir tíu árum vann Ísland báða leikina en liðin mætast á Laugardalsvelli um helgina.

Ísland vann sinn fyrsta leik í riðlinum, gegn Norður-Írlandi. Síðan þá hafa allir leikir Íslands tapast. Liechtenstein tapaði öllum sínum leikjum framan af en vann í síðustu umferð lið Lettlands afar óvænt, 1-0.

Þetta er ef til vill besti sigur Liechtenstein í sögu liðsins en þetta var sá fyrsti á liði sem hefur spilað á stórmóti í knattspyrnu. Þjálfari Letta sagði af sér eftir leikinn. Lettland vann Ísland á heimavelli í haust, 4-0.

Ísland er þó með talsvert betri markatölu, fimm mörk í mínus, en Liechtenstein er með tólf í mínus. - esá

RENAULT

B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Hagkvæmari rekstareining

Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu.
Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.

Ný sending komin!



Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með álfelgum, þokuljósum og hliðarglugga.

Kr. 21.194 á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.670.000
Verð frá kr. 1.341.365 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.
Kr.1.341.365 kr. án VSK.
Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



**ÞJÁLFARINN** Stefnir á þrjú stig gegn Grikkjum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrsti leikur landsliðsins í undankeppni EM er í dag:

# Stelpurnar ætla að gefa tóninn í Aþenu

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu spilar í dag sinn fyrsta leik í undankeppni Evrópumótsins árið 2009 í Finnlandi. Stelpurnar eru komnar til Grikklands þar sem heimamenn eru taldir minni spámenn fyrir leikinn en árangur þeirra á knattspyrnuvellinum undanfarin ár hefur ekki verið upp á marga fiska. Ísland og Grikkland hafa mæst í tvígang, árið 1994 vann Ísland 6-1 þar sem Ásthildur Helgadóttir skoraði fjögur mörk. Ári síðar vannst svo 3-0 sigur.

Eldingu laust niður í flugvél liðsins á leiðinni út. „Smá sjokk“, viðurkenndi landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson, en að öðru leyti komst liðið klakklaust til Grikklands þar sem nokkur vandræði hafa verið til staðar. Grikkir ætluðu að láta landsliðið æfa á gervigrasi í gær en skiljanlega þvertók hópurinn fyrir það. Á endanum, eftir langa töf, fékk liðið að æfa á keppnisvellinum sjálfum.

Ásthildur, Katrín Jónsdóttir og Guðný Óðinsdóttir eru allar smávægilega meiddar en Sigurður vonaðist til að þær gætu tekið þátt í leiknum. Það kemur þó ekki í ljós fyrr en rétt fyrir leikinn, sem hefst klukkan 15 að íslenskum tíma.

„Að mínu mati erum við með sterkara lið en við þurfum að sanna okkur. Það hefur verið sveifla hjá okkur á milli heima- og útileikja og því ætlum við að breyta. Stelpurnar eru staðráðnar í að byrja mótið vel og gefa tóninn fyrir mótið. Það gefur líka góð fyrirheit fyrir stórleikinn gegn Frökkum í júní og því er stór gulrót að sækja þrjú stig hér,“ sagði Sigurður, sem hugsar um þrjú stig og ekkert annað.

„Við leiðum ekkert hugann að því hvað gerist ef við töpum. Við hugsum bara jákvætt enda höfum við sett markið hátt. Það er ákveðin pressa á okkur og við þurfum að standast hana til að ná markmiðinu,“ sagði Sigurður, sem stefnir með liðið til Finnlands á EM. Liðið yrði þá fyrst allra íslenskra A-landsliða til að keppa í lokakeppni stórmóts. - hþh




# Nicorette Fruitmint
# Bragð sem kemur á óvart

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

nicorette

**Þín ákvörðun**
**Þín leið**
**Þitt Nicorette**

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**




**FÉKK GÓÐA DÓMA** Garðar Jóhannsson fékk sex í meðaleinkunn hjá stóru fjölmiðlunum í Noregi fyrir frammistöðu sína um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Einkunnagjöfin í Noregi:

## Ellefu Íslendingar spiluðu

**FÓTBOLTI** Ellefu íslenskir knattspyrnumenn komu við sögu í áttundu umferð norsku úrvalsdeildarinnar sem lauk um liðna helgi. Það er mesta þátttaka Íslendinga á tímabilinu og er vafalaust með því mesta sem hefur gerst hingað til.

Tólfti maðurinn, Birkir Bjarnason hjá Viking, sat á bekknum hjá sínu liði en alls leika fjórtán Íslendingar í norsku úrvalsdeildinni. Hinir tveir, Viktor Bjarki Arnarsson hjá Lilleström og Höskuldur Eiríksson, Viking, eru meiddir.

Kristján Örn Sigurðsson fékk hæstu meðaleinkunn fjögurra stóru fjölmiðlanna í Noregi og Garðar Jóhannsson kom næstur. Báðir skoruðu þeir í sínum leikjum en Garðar var að þreyta frumraun sína í deildinni. - esá

### EINKUNNIRNAR

| Nafn | VG | N. | Aft. | Db. | m.e. |
|---|---|---|---|---|---|
| Kristján Örn | 6 | 5 | 7 | 7 | 6,3 |
| Garðar Jó. | 6 | 5 | 7 | 6 | 6,0 |
| Indriði | 5 | 6 | 6 | 6 | 5,8 |
| Stefán | 6 | 5 | 6 | 6 | 5,8 |
| Veigar Páll | 6 | 6 | 5 | 5 | 5,5 |
| Árni Gautur | 4 | 5 | 5 | 5 | 4,8 |
| Ólafur Örn | 5 | 4 | 5 | 5 | 4,8 |
| Haraldur Fr. | 4 | 4 | 5 | 5 | 4,5 |
| Hannes Þ. | 4 | 4 | 5 | 4 | 4,3 |
| Jóhannes Þ. | 4 | 3 | 3 | 3 | 3,3 |



**MAGNÚS** Vonast til að bæta við framherja í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Samningar erlendra leikmanna:

## Hægt að semja með smugu

**FÓTBOLTI Á heimasíðu KSÍ má sjá frétt um að síðasti dagur félagaskipta fyrir samningsleikmenn erlendis sé í dag. Þetta á þó aðeins við leikmenn sem skráðir eru sem atvinnumenn en með því að haka við áhugamaður í stað atvinnumanns á félagaskiptaeyðublaðinu má áfram fá félagaskipti fyrir erlenda leikmenn til Íslands.**

**Magnús Gylfason, þjálfari Víkings, er einn þeirra sem vonast til að bæta við sig erlendum leikmanni en stór og sterkur framherji frá Serbíu mun hugsanlega ganga í raðir félagsins. Magnús sagði við Fréttablaðið í gær að enn væri verið að taka ákvörðun um það hvort samið yrði við leikmanninn sem æfði með Víkingum í vikutíma. „Mér leist vel á hann,“ sagði Magnús.** - hþh

# Íslandsmeistarar FH með fullt hús stiga þriðja árið í röð

**FH-ingar hafa fengið öll tólf stigin í boði í hraðmótinu undanfarin þrjú tímabil og eru komnir með gott forskot á toppi Landsbankadeildar karla alveg eins og í fyrra. Tryggvi Guðmundsson og Freyr Bjarnason hafa verið efstir á blaði öll þessi þrjú ár og nýju mennirnir koma alltaf mjög sterkir til leiks.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru á góðri leið með því að leggja grunninn að Íslandsmeistaratitlinum í fyrri umferð alveg eins og undanfarin tvö ár. Eftir 2-0 sigur á Fram í Laugardalnum á þriðjudagskvöldið er ljóst að Hafnarfjarðarliðið er búið að ná sögulegum árangri. FH hefur nefnilega fullt hús eftir hraðmótið og er komið með fjögurra stiga forskot á næsta lið sem er Valur.

Þetta er aðeins í áttunda sinn í 31 árs sögu tíu liða efstu deildar sem að lið vinnur fjóra fyrstu leiki sína og eru FH-ingar bæði fyrsta liðið til þess að gera það tvö ár og nú þrjú ár í röð. Af fyrri sjö liðum sem hafa ná slíkri draumabyrjun hafa fjögur unnið Íslandsmeistaratitilinn um haustið og tvö lent í 2. sæti. Eina liðið til að missa fótana eftir slíka byrjun var lið Keflavíkur sem vann sex fyrstu leiki sína sumarið 1997 en endaði síðan mótið í 6. sæti.

Árangur FH-liðsins er ekki síst athyglisverður fyrir þær sakir að liðið hefur aðeins spilað 3 af þessum 12 leikjum á heimavelli sínum í Kaplakrika. Öll árin hefur liðið þurft að byrja mótið á tveimur útileikjum.

Það var ekki alveg sama staða í upphafi sumarsins 2004 þegar FH-ingar unnu sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil. FH vann þá KR 1-0 í fyrsta leik en lék síðan næstu þrjá leiki án þess að ná að vinna, tapaði 0-1 fyrir Fylki og gerði jafntefli við Keflavík og Víking.




**NÝR LYKILMAÐUR** Matthías Guðmundsson hefur byrjað frábærlega með FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Daði Lárusson og Freyr Bjarnason eru einu leikmenn FH sem hafa spilað allar 1080 mínúturnar í hraðmótinu þessi þrjú tímabil. Freyr er enn fremur eini leikmaðurinn sem hefur verið meðal efstu manna í einkunnagjöf Fréttablaðsins öll þrjú árin.

Nýju mennirnir eru öll árin að falla mjög vel inn í leik liðsins sem sést á því að í öll skiptin er nýr leikmaður liðsins efstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins.

Sumarið 2005 voru það félagarnir Tryggvi Guðmundsson og Auðun Helgason sem báðir voru að koma heim úr atvinnumennsku, í fyrra var Sigurvin Ólafsson meðal þeirra fjögurra bestu eftir að hafa komið frá KR og í ár er það Matthías Guðmundsson sem hefur spilað best að mati íþróttafréttamanna Fréttablaðsins en hann kom til FH frá Val fyrir þetta tímabil.

Tryggvi Guðmundsson hefur byrjað öll tímabilin vel og er alls með 12 mörk í þessum 12 leikjum. Hann var einn markahæstur sumrin 2005 og 2006 en situr nú í efsta sætinu með Matthíasi Guðmundssyni sem hefur skorað í fjórum fyrstu deildarleikjum sínum í FH-búningnum.

Þegar tölfræði FH-liðsins er borin saman í fyrstu fjórum umferðunum þessi þrjú tímabil virðist sem sóknarþungi liðsins sé meiri í ár en undanfarin sumur. FH-liðið hefur þannig náð mun fleiri skotum á mark í ár, er að fá fleiri horn og ganga oftar í rangstöðugildrur andstæðinganna.

Andstæðingar FH hafa líka verið að ná færri skotum á mark með hverju árinu og hafa sem dæmi aðeins náð 13 skotum á FH-markið í fyrstu fjórum leikjum þessa tímabils. Í töflum með greininni má sjá samanburð á byrjunum FH-inga þessi þrjú tímabil.

ooj@frettabladid.is

### LIÐ MEÐ FULLT HÚS EFTIR 4 UMFERÐIR*:

| | |
|---|---|
| FH 2007 (Markat.: 11-3) | **Lokastaða** |
| FH 2006 (9-2) | Íslandsmeistari |
| FH 2005 (12-1) | Íslandsmeistari |
| Valur 2005 (10-2) | 2. sæti |
| Keflavík 1997 (7-1) | 6. sæti |
| ÍA 1995 (8-1) | Íslandsmeistari |
| Fram 1980 (5-0) | 2. sæti |
| Valur 1978 (12-4) | Íslandsmeistari |

*** Í tíu liða efstu deild 1977-2007**

### BYRJUN FH-INGA 2005

| | |
|---|---|
| Stig (Marktala) | 12 (12-1) |
| Forskot | 0 stig á Val (+ 3 mörk) |
| Skot í leik (Skotnýting) | 11,5 (26%) |
| Skot móth. í leik (Nýting) | 8,0 (3%) |
| Meðaleinkunn liðs | 6,19 |
| Meðaleinkunn mótherja | 5,04 |
| **Markahæstir** | |
| Tryggvi Guðmundsson | 5 |
| Allan Borgvardt | 2 |
| **360 mínútna mennirnir** | |
| Daði Lárusson | |
| Auðun Helgason | |
| Tommy Nielsen | |
| Freyr Bjarnason | |
| Tryggvi Guðmundsson | |
| **Besta frammistaðan** | |
| Tryggvi Guðmundsson | 7,00 |
| Auðun Helgason | 7,00 |
| Allan Borgvardt | 6,50 |
| Freyr Bjarnason | 6,50 |

### BYRJUN FH-INGA 2006

| | |
|---|---|
| Stig (Markatala) | 12 (9-2) |
| Forskot | 5 stig á Keflav. og Grindav. |
| Skot í leik (Skotnýting) | 10,5 (21%) |
| Skot móth. í leik (Nýting) | 8,8 (6%) |
| Meðaleinkunn liðs | 6,33 |
| Meðaleinkunn mótherja | 5,31 |
| **Markahæstir** | |
| Tryggvi Guðmundsson | 3 |
| Ármann Smári Björnsson | 2 |
| **360 mínútna mennirnir** | |
| Daði Lárusson | |
| Freyr Bjarnason | |
| Davíð Þór Viðarsson | |
| Guðmundur Sævarsson | |
| Ármann Smári Björnsson | |
| **Besta frammistaðan** | |
| Freyr Bjarnason | 7,00 |
| Tommy Nielsen | 7,00 |
| Ármann Smári Björnsson | 7,00 |
| Sigurvin Ólafsson | 7,00 |

### BYRJUN FH-INGA 2007

| | |
|---|---|
| Stig (Markatala) | 12 (11-3) |
| Forskot | 4 stig á Val |
| Skot í leik (Skotnýting) | 13,3 (21%) |
| Skot móth. í leik (Nýting) | 9,8 (8%) |
| Meðaleinkunn liðs | 6,29 |
| Meðaleinkunn mótherja | 5,55 |
| **Markahæstir** | |
| Matthías Guðmundsson | 4 |
| Tryggvi Guðmundsson | 4 |
| Arnar Gunnlaugsson | 3 |
| **360 mínútna mennirnir** | |
| Daði Lárusson | |
| Freyr Bjarnason | |
| Tommy Nielsen | |
| Guðmundur Sævarsson | |
| Sverrir Garðarsson | |
| **Besta frammistaðan** | |
| Matthías Guðmundsson | 7,25 |
| Freyr Bjarnason | 6,75 |
| Daði Lárusson | 6,75 |
| Tryggvi Guðmundsson | 6,75 |

Stefán Gíslason gæti skipt um lið í norsku úrvalsdeildinni:

# Rosenborg hefur áhuga á Stefáni

**FÓTBOLTI** Norsku meistararnir í Rosenborg hafa áhuga að fá Stefán Gíslason, leikmann Lyn, í sínar raðir. Félagið hefur þegar haft samband við Lyn og fengið leyfi til að ræða við Stefán og umboðsmann hans, Arnór Guðjohnsen. „Það er rétt, Rosenborg hefur áhuga sem og fleiri lið víða úr Evrópu,“ sagði Arnór. „Stefán hefur staðið sig gríðarlega vel og munum við meta stöðuna vel og vandlega í framhaldinu.“

„Þetta er allt enn á frumstigi,“ sagði Stefán við Fréttablaðið í gær. „Rosenborg er stórt félag og það eitt og sér er viðurkenning að það sýni mér áhuga.“

Stefán segir að það kæmi sér ekki á óvart ef félagið reyndi að fá sig áður en tímabilinu lyki. Samningur Stefáns við Lyn rennur út í haust og vilji félagið fá eitthvað fyrir hann þarf það að selja Stefán fyrir þann tíma. Félagaskiptaglugginn í Noregi opnar í júlí. Sjálfur hefur Stefán þó áður sagt að hann vilji prófa sig í öðru landi eftir að tímabilinu ljúki í Noregi.

Það gæti þrátt fyrir það ekki reynst slæmur leikur að fara til Rosenborg. „Liðið tekur þátt í undankeppni Meistaradeildarinnar í haust sem yrði stór plús fyrir mig. Það yrði vissulega góð auglýsing fyrir mig að spila með Rosenborg.“

Lyn er sem stendur í áttunda sæti deildarinnar og hefur fengið flest mörk allra liða í deildinni á sig, fimmtán talsins. Um síðustu helgi vann liðið 4-3 sigur á Tromsö.

„Við getum ekki alltaf unnið þegar við fáum þrjú mörk á okkur í einum leik. Þetta hefur verið okkar stærsta vandamál til þessa,“ sagði Stefán. - esá




**Í BARÁTTUNNI** Stefán er meðal hæstu leikmanna deildarinnar í einkunnagjöf Verdens Gang og Nettavisen. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX



**MEISTARAR 2006** Aðeins eitt ár er liðið frá Íslandsmeistaratitli ÍBV sem þær fagna á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

DHL-deild kvenna í handbolta:

## Ekkert kvennalið frá ÍBV

**HANDBOLTI Ekkert handknattleikslið verður sent frá ÍBV í meistaraflokki kvenna á næsta tímabili.**

**Eftirfarandi yfirlýsing frá ÍBV birtist á heimasíðu félagsins í gær. „Handknattleiksráð ÍBV hefur tekið þá ákvörðun að senda ekki lið til keppni á Íslandsmótinu 2007-2008 í meistaraflokki kvenna. Ákvörðunin er tekin eftir að allir möguleikar á þátttöku höfðu verið kannaðir. Staðreyndin er því miður sú að enginn leikmaður á meistaraflokksaldri verður í Vestmannaeyjum næsta vetur.“** - hþh



TOPPSKÓR
Á
BOTNVERÐI
Rugldagar
Rugl verð á
Skóm
í Toppskónum
TROÐFULL BÚÐ
AF
SKÓM
SKÓR
Á
BOTNVERÐI
SPR30543301
Stærðir 36-46
Verð áður:
~~3.995 kr.-~~
Verð nú:
2.495 kr.-
Ekta leður
NEURJACK50051-1
Stærðir 36-41
Verð áður:
~~5.995 kr.-~~
Verð nú:
2.997 kr.-
NEUR2102260
Stærðir 36-41
Verð áður:
~~3.995 kr.-~~
Verð nú:
1.997 kr.-
Ekta leður
SPR29999100
Stærðir 42-46
Verð áður:
~~6.995 kr.-~~
Verð nú:
2.995 kr.-
NEUR951-G1035
Stærðir 36-40
Verð áður:
~~3.995 kr.-~~
Verð nú:
995 kr.-
NEUR31536705660
Stærðir 41-46
Verð áður:
~~3.995 kr.-~~
Verð nú:
1.997 kr.-
SPR17761
Stærðir 41-46
Verð áður:
~~2.995 kr.-~~
Verð nú:
1.497 kr.-
ecco
E-1816400107
Stærðir 40-47
Verð áður:
~~14.995 kr.-~~
Verð nú:
7.995 kr.-
NIK310060011
Stærðir 32-38,5
Verð áður:
~~3.995 kr.-~~
Verð nú:
1.997 kr.-
NEUR21536803268
Stærðir 36-41
Verð áður:
~~3.995 kr.-~~
Verð nú:
1.997 kr.-
NEUR17514105
Stærðir 19-32
Verð áður:
~~2.995 kr.-~~
Verð nú:
1.797 kr.-
NEUR17513606
Stærðir 19-32
Verð áður:
~~2.995 kr.-~~
Verð nú:
1.797 kr.-
SPR558
Stærðir 35-42
Verð áður:
~~1.795 kr.-~~
Verð nú:
897 kr.-
Ekta leður
NEUR16502/609
Stærðir 36-41
Verð áður:
~~5.995 kr.-~~
Verð nú:
2.995 kr.-
EUR8411-31ROSA
Stærðir 36-41
Verð áður:
~~4.995 kr.-~~
Verð nú:
2.995 kr.-
Sendum í póstkröfu!
Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
PETER KAISER
ecco
ara
LLOYD
ZINDA
GREND EHF - Ts2007053O

## > Felicity Huffman

Langþekktust fyrir hlutverk sitt í þáttunum um aðþrengdu eiginkonurnar þar sem hún leikur hina traustu Lynettu Scavo. Desperate Housewives eru samt langt frá því einu frægu sjónvarpsþættirnir þar sem Huffman hefur komið fram og má þar nefna Law & Order, Frasier, Chicago Hope og The West Wing. Hin 45 ára gamla Huffman hefur einnig verið tilnefnd til Óskarsverðlaunanna en það var fyrir myndina Transamerica. Hún er á sínum stað í Aðþrengdum eiginkonum í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR ER MJÖG HRIFIN AF NÝGRÆÐINGUM

## *Skemmtilegustu þættirnar í sjónvarpinu*

Nördalegir vitleysingar hafa alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér og því gladdist ég mikið þegar ég uppgötvaði snilldarsjónvarpsþættina Scrubs eða Nýgræðinga. Læknirinn ungi J.D. Dorian, sem Zach Braff leikur snilldarlega, er þar í aðalhlutverki og er fremstur í flokki misgáfulegra lækna sem eiga í alls kyns vandræðum með líf sitt og sjúklingana sömuleiðis.



Þessir þættir hafa verið sýndir í Ríkissjónvarpinu í nokkur ár með hléum mér til mikillar ánægju. Það bregst nefnilega ekki að ég skelli upp úr í hvert sinn sem ég horfi á þátt af Nýgræðingum. Ég hef samt aldrei talið mig staðfastan aðdáanda því ég hef eiginlega bara fylgst með þáttunum þegar ég hef hnotið um þá á fjarstýringarflakki. Spítaladramað sem ég hef fylgst staðfastlega með undanfarið er auðvitað Grey's Anatomy, ég hef helst ekki misst úr þátt þar. En nú ber svo við að ég er alveg að fá nóg af liðinu í þeim þáttum. Þau eru sívælandi og geta aldrei leyst úr nokkrum vandamálum í lífi sínu. Og svo er verið að bjóða manni upp á vitleysisbræðing eins og hjásofelsi Izzie og George, mjög óspennandi samkrull þar á ferð. Í síðasta þætti var svo tækifærið (mis)notað af höfundum þáttanna að kynna nýja þáttaröð sem á að eiga sér stað í einhvers konar heilsubæli í L.A.
Rauðhærða skutlan hún Addison Shepherd á greinilega að flytja sig um set frá Seattle á suðlægari slóðir þar sem myndarlegt einhleypt og menntað starfsfólk heilsugæslunnar mun væntanlega allt sofa saman áður en fyrstu þáttaröð lýkur.

En aftur að Nýgræðingum. Sem betur fer er ekki verið að reyna að troða í mann kynningarefni um aðra þætti í þeirri góðu seríu, persónurnar eru hrikalega fyndnar og skrautlegar og hver þáttur er fyndinn. Held svei mér þá að ég útvegi mér gömlu þáttaraðirnar og gerist afturvirkur aðdáandi.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.30 Bestu Strákarnir** SIRKUS



▶ **22.00 House** SKJÁREINN



▶ **17.53 Nágrannar** STÖÐ 2



▶ **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ



▶ **17.30 Kaupþings mótaröðin** SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Mótorsport**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (4:32)
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (12:13)
**18.40 Að breyta Barry**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Fjölbrautaskólinn** (6:8)

▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicollette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**
**22.25 14-2**

**22.55 Dagrenning** (2:13) (Day Break) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.40 Lífsháski** Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

**23.55 Kastljós**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Marci X**
**08.00 De-Lovely**
**10.00 The Legend of Johnny Lingo**
**12.00 About Schmidt**
**14.00 De-Lovely**
**16.00 The Legend of Johnny Lingo**

**18.00 About Schmidt** Úrvalsmynd sem var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna. Aðalhlutverk: Jack Nicholson, Kathy Bates.

**20.00 Marci X**
**22.00 Carandiru**
**00.20 Call Me: The Rise and Fall of Heidi Fleiss**
**02.00 The Juror** (e)
**04.00 Carandiru**

## STÖÐ 2

**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.35 Tasmanía**
**08.00 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Wife Swap** (5:7)
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (59:114)
**10.15 Numbers** (21:24)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (7:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (8:114)
**14.45 Two and a Half Men** (7:24)
**15.10 Búbbarnir** (3:21)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.15 Batman**
**16.40 Töfravagninn**
**17.05 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.15 Fífí**
**17.28 Bold and the Beautiful**
▶**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (7:22) (e)

**20.05 Matur og lífstíl**l Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinnu einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkta einstaklinga, eldar með þeim girnilega rétti og skoðar falleg heimili og listaverk. (1:10) Bubbi býður Völu í heimsókn og eldar fyrir hana gómsæta rétti. Við fáum að sjá alveg nýja hlið á hörkulega Idol-dómaranum.

**20.40 Standoff** (12:18)
**21.25 Bones** (5:22) Bönnuð börnum.
**22.10 Hotel Babylon**

**23.05 American Idol** (40:41) Úrslitaþáttur American Idol. Hver verður næsta söngstjarna Bandaríkjanna? Það kemur í ljós í kvöld og því um að gera að fylgjast vel með.

**23.50 American Idol** (41:41)
**01.20 Medium** (16:22)
**02.05 The Riches** (1:13)
**02.50 Family Sins**
**04.20 Bones** (16:22)
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**20.10 Beach Girls** (5:6) Sumarið 1985 eru þrjár táningsstelpur samankomnar á strönd þar sem þær sverja þess eið um að verða vinkonur að eilífu. En tímarnir eru breyttir. Rúmum tveimur áratugum síðar er líf einnar í molum, önnur á við drykkjuvandamál að stríða og sú þriðja er nýlátin í hörmulegu slysi.

**21.00 My Name Is Earl** (15:23) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!

▶**21.30 Bestu Strákarnir** (5:50) Á meðan á leitinni að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.

**22.00 The Riches** (1:13) Glæný bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni með sígaunahópi í ferðalög og svikastarfsemi en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópinn.

**22.45 Medium** (16:22) Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum.

**23.30 Young Blades** (4:13) (e)
**00.20 Supernatural** (16:22) (e)
**01.10 Entertainment Tonight** (e)
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 On the Lot - úrslit vikunnar** (e)
**17.30 Beverly Hills 90210**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 Game tíví - Lokaþáttur** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Everybody Hates Chris** (13:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Allt er á kafi í snjó og Chris er eini nemandinn sem mætir í skólann. Hann þarf að bíða með skólastjóranum þar til foreldrarnir finnast.

**20.30 Malcolm in the Middle** (18:22) Bandarísk gamansería um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans. Malcolm fer í dansskóla til að ganga í augun á stúlku og kemst að því að lífið er ekki bara dans á rósum.

**21.00 Will & Grace** (14:23)

**21.30 Still Standing - Lokaþáttur** Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú.

▶**22.00 House** (21:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.

**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 C.S.I.** (e)
**00.55 Stargate SG-1** (e)
**01.45 Beverly Hills 90210** (e)
**02.30 Vörutorg**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Mörk tímabilsins 2004 - 2005**(e)
**19.00 Tímabilið 2004 - 2005** (e)
**20.00 Mörk tímabilsins 2005 -2006** (e)
**21.00 Tímabilið 2005 - 2006** (e) Tímabilið 2005 til 2006 í ensku úrvalsdeildinni gert upp í skemmtilegum þætti.
**22.00 Mörk tímabilsins 2006 - 2007** (e)
**23.00 Tímabilið 2006 - 2007** (e)
**00.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Matur og lífsstíll

Í kvöld hefur Stöð 2 sýningar á glænýjum og hressandi lífsstílsþætti með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkta Íslendinga og fylgist með þeim töfra fram uppáhaldsréttina sína. Við fáum að sjá sælkerahliðina á þjóðþekktum einstaklingum og um leið sjáum við hvernig maturinn hefur áhrif á lífsstíl þeirra. Einnig sjáum við uppáhalds eldhústólin, könnum hvaða vín eru góð með réttunum, skoðum sælkerabækur og margt fleira. Í fyrsta þættinum bjóða Bubbi og Hrafnhildur í heimsókn en Bubbi er mikill listakokkur og hikar ekki við að hrista fram girnilega rétti fyrir kærustuna.



### ▶ Við mælum með

### LOKAÞÁTTUR GEIM TÍVÍ

### Skjáreinn kl. 19.30

Óhætt er að fullyrða að fáir þættir í íslenskri sjónvarpssögu hafi búið yfir jafn einlægum nördisma og Geim Tíví þættirnir með þeim Óla og Sverri. Þeir leiða okkur í gegnum allt það helsta sem er að gerast í heimi tækja, tóla og auðvitað tölvuleikja á hressilegan máta enda lætur enginn áhugamaður um þessi svið þættina framhjá sér fara. Í kvöld er lokaþáttur vetrarins og við tekur sumarfrí hjá piltunum og því verður þátturinn í kvöld enn fjörugri.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**13.30** Setning Alþingis
**14.30** Laumuspil
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Grímuverðlaunin
**23.10** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 NBA - Úrslitakeppnin** (NBA 2006/2007 - Playoff games) Leikur í úrslitakeppninni í NBA-körfuboltanum.
**17.30 Kaupþings mótaröðin 2007**
**18.35 PGA Tour 2007 - Highlights** (The Colonial) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.
**19.30 Það helsta í PGA mótaröðinni** (Inside the PGA Tour 2007) Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni. Fylgst er með gangi mála í mótaröðinni, birt viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.
**21.00 Heimsmeistaramótið í póker** Heimsmeistaramótið 2006 í póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.
**22.00 NBA - Úrslitakeppnin** (NBA 2006/2007 - Playoff games) Leikur í úrslitakeppninni í NBA-körfuboltanum.
**00.00 NBA - Úrslitakeppnin**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Hvad er det værd **7.00** Afslutningsdebat fra Christiansborg **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Ud i naturen **11.00** Afslutningsdebat fra Christiansborg **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Hotel Fjot **14.35** Frikvarter **15.00** Barda **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Tæt på Dyrene **18.30** Hjerterum **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Byliv og landlig idyl **20.45** Minder dør aldrig **22.10** Musikprogrammet **4.30** Den hvide sten **5.00** Rasmus Klump **5.10** Morten **5.30** Fredagsbio **5.40** Boblins **5.50** Nasse **6.00** Elmers verden

### NRK 1

**6.30** Sport Jukeboks **7.40** Mat med Niklas **8.10** Forbrukerinspektørene **8.35** Gjensyn med skolen **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Giro d'Italia **14.00** Siste nytt **14.03** Giro d'Italia **15.00** Siste nytt **15.03** Giro d'Italia **15.25** Oddasat - Nyheter på samisk **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Teddy og Oskar **16.05** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sykkelkveld fra Italia **19.40** Skygger **20.30** Smith og Jones **21.00** Kveldsnytt **21.20** Urix **21.50** Den skjønne linje **22.50** MAD TV **5.30** Jukeboks: Country

### SVT 1

**7.30** Lilla löpsedeln **7.45** The New Tomorrow **8.10** Kompissatelliten **8.20** En dag med **8.30** Mellan raderna **8.35** Mellan raderna **10.00** Rapport **10.05** Argument **11.05** Krigets barn **13.30** Vädrets makter **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Anslagstavlan **15.15** Karamelli **15.45** Sagoträdet **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.30** Mimmi **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Saras kök **18.30** Små grytor har också öron **19.00** Planet Earth **19.50** Spolad baklänges **20.00** Det heliga kriget **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


# Ný upplifun

**Við bjóðum ykkur velkomin í eina gæsilegustu sælkeraverslun landsins að Dalvegi 4. í Kópavogi.**

Þar hefur nú verið opnaður veitingastaðurinn **Eldhúsið** sem býður uppá ljúffenga kjöt- og fiskrétti að hætti Gallerí kjöts og Fiskisögu.



**Á grillið**
Sverðfiskur Calcutta með kóriander



Gómsætir sjávarréttagrillpinnar

*Við leggjum mikinn metnað í að bjóða þér aðeins uppá fyrsta flokks hráefni og tilbúna rétti. Einnig bjóðum við uppá úrval af sósum og öðru gæða meðlæti.*

Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið. Láttu fagmenn okkar aðstoða þig við valið á helgarsteikinni.



Ljúffengir nautagrillpinnar





Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

Eldhúsið

GALLERÍ KJÖT
Í kjöti erum við bestir

verslanir Fiskisögu
Dalvegur 4
Tjarnarvellir 15
Búðakór 1
Hamraborg 14a
Skipholti 70
Höfðabakka 1
Nesvegi 100
Sundlaugavegi 12
Háaleitisbraut 58–60
Ægisbraut 29, Akranesi

Veitingahús
Dalvegur 4

verslanir Gallerí Kjöts
Dalvegur 4
Tjarnarvellir 15
Búðakór 1
Grensásvegi 48

## MORGUNMATURINN



*„Ég borða alltaf skál af Cheerios með einni Cornflakes-flögu út í. Þegar ég fæ leið á því, þá fæ ég mér bara Cornflakes og einn Cheerios-hring út í það.“*

Bergur Ebbi Benediktsson, söngvari Sprengjuhallarinnar.



**LÁRÉTT**
**2.** hleypa, 6. 950, 8. tímabils, 9. hylur, 11. samtök, 12. kjötstykki, 14. langar þig, 16. býli, 17. sægur, 18. hætta, 20. tveir eins, 21. málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samtals, 3. dreifa, 4. landbúnaðartæki, 5. flana, 7. andvægi, 10. neitun, 13. angan, 15. murra, 16. bati, 19. ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. ysta, 6. lm, 8. árs, 9. lón, 11. aa, 12. steik, 14. viltu, 16. bæ, 17. mor, 18. ógn, 20. rr, 21. tína. **LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. sá, 4. traktor, 5. asa, 7. mótvægi, 10. nei, 13. ilm, 15. urra, 16. bót, 19. nn.







# Ráðherra sló ritarann fyrir álfi

„Þetta telst eitt af mínum allra fyrstu embættisverkum. Og það geri ég með mjög glöðu geði,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

Í gær keypti Guðlaugur fyrsta álfinn í hinni árlegu álfasölu SÁÁ sem nú fer fram í 18. sinn.

Þegar Fréttablaðið náði tali af ráðherra var nokkurt óðagot niðri í ráðuneyti því ráðherra hugðist snarast út í næsta hraðbanka til að ná í reiðufé til að greiða fyrir álfinn góða. En hann átti þá von á sölufólki álfsins innan tíðar.

„Nei, ég hef þá nefnilega grunaða um að vera ekki með posa,“ segir Guðlaugur Þór aðspurður hvort hann teldi SÁÁ-fólk ekki vera með posa líkt og ljóðskáld sem liggja orðið á því lúalagi, þegar menn breiða yfir áhugaleysi sitt á ljóðabókum til sölu með því að segjast ekki eiga fé handbært heldur bara kort, að veifa framan í þá posa.



**RÁÐHERRA KAUPIR FYRSTA ÁLFINN** Guðlaugur Þór keypti í gær fyrsta álfinn í hinni árlegu álfasölu SÁÁ. Á myndinni er einnig Birta Aradóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Nei, bíddu, þetta reddaðist. Ég sló ritarann. Fyrir álfi,“ segir ráðherra léttur í bragði. Og gat nú rólegur sinnt blaðamanni.

„Þetta er afskaplega gott framtak. SÁÁ er eitt þessara öflugu félagasamtaka sem eru að vinna gott starf í þágu heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Nei, þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég kaupi álfinn. Ég held ég hafi alltaf gert það og meira að segja hef ég skrifað greinar í þeim tilgangi að hvetja fólk til að kaupa álfinn. Það er mér sérstök ánægja að fá að kaupa þann fyrsta núna og vil hvetja alla til að kaupa hann einnig. Enda er þeim fjármunum vel varið.“ **- jbg**



**BUBBI** Bubbi Morthens fer af stað með nýjan sjónvarpsþátt eftir áramót.

BANDIÐ HANS BUBBA: NÝR SJÓNVARPSÞÁTTUR KÓNGSINS

# Leitar að íslenskum sálum

Bubbi Morthens fer af stað með nýjan sjónvarpsþátt eftir áramót sem gengur undir vinnuheitinu Bandið hans Bubba. Ætlar hann að ferðast vítt og breitt um landið í leit að tónlistarmönnum sem syngja á íslensku. Sigurvegarinn fær í sinn hlut þrjár milljónir króna, plötusamning og umboðsmann.

„Ég er búinn að vera í mörg ár dálítið hissa á því hvað það er lítið sungið á íslensku,“ segir Bubbi. „Í Idolinu sá ég að þegar krakkarnir sungu á íslensku fannst mér sálin í þeim koma fram. Það er bara þannig hvort sem menn vilja viðurkenna það eða ekki að þegar þú syngur á eigin tungumáli þá ert þú rótfastur. Þá fékk ég þessa hugmynd hvers vegna engum hafi dottið í hug að reyna að rífa upp tungumálið í dægurtónlistinni og um leið að búa til skemmtiþátt sem byggir á ekki ósvipaðri hugmynd og Idolinu,“ segir hann.

Þrír dómarar verða í þættinum en Bubbi verður ekki einn af þeim. Sjálfur er hann búinn að velja hljómsveitina sem spilar í þættinum og er hún skipuð hans uppáhaldstónlistarmönnum. Ætlar Bubbi að ferðast um landið og leita uppi hæfileikaríkt fólk sem fær tækifæri til að syngja með hljómsveitinni á íslensku, annað hvort frumsamin lög eða lög eftir aðra.

Bubbi telur að þörf sé á hugarfarsbreytingum í íslensku tónlistarlífi og vonast til að þátturinn leggi sitt af mörkum. „Sú tónlist sem lifir hvað lengst er sú tónlist sem er sungin á íslensku. Það er tónlistin sem selur og er lifandi,“ segir hann. „Ástandið er jafnvel verra nú en fyrir tíma pönksins. Íslenskt tungumál virðist ekki vera gjaldgengt lengur hjá ungu fólki. Ég hef sungið alla mína hunds- og kattartíð á íslensku og mér hefur vegnað betur en nokkrum öðrum íslenskum tónlistarmanni. Ég er ekki að setja mig í hásæti sem einhver sem er bestur eða mestur heldur hef ég einfaldlega selt flestar plötur og hef kannski orðið sæmilega fjáður. Þetta segir það að það er hægt að lifa af tónlistinni og maður þarf ekki að syngja á ensku til að ná langt.“

Upptökur á sjónvarpsþættinum hefjast í haust og verður hann sýndur á Stöð 2. **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Magnús Ragnarsson** er að láta af störfum sem sjónvarpsstjóri Skjás eins eins og fram hefur komið í fréttum. Eftir því sem næst verður komist hefur ekki enn tekist að finna arftaka hans. Sá sem oftast hefur verið nefndur sem næsti sjónvarpsstjóri Skjásins, sem reyndar má muna sinn fífil fegurri þegar litið er til íslenskrar dagskrárgerðar, er **Orri Hauksson** sem nýverið lét af störfum sem framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans – aðaleiganda Skjásins, en ekkert mun hæft í þeim bollaleggingum. Leitin stendur því enn meðal þeirra sem hafa á því áhuga á arftakanum og líklega enn hjá þeim sem stjórna mannaráðningum á þeim bænum.



**Dóra Takefusa** flaug á þriðjudag út til Kaupmannahafnar þar sem hún ætlar að setjast að. Sögur herma að Dóra ætli sér að fylgja fordæmi athafnamannsins **Friðriks Weisshappels** og opna bar eða kaffihús þar í borg en þau áform munu enn vera á frumstigi. Með í för er kærasti Dóru, rapparinn **Örn Tönsberg**, en ekki fylgir sögunni hvað hann tekur sér fyrir hendur.



**Magnúsi Scheving** og félögum hans í Latabæ hefur borist góður liðsauki. Grínistinn **Örn Árnason** er einn leikara í næstu þáttaröðinni um íþróttaálfinn og leikur hann anda. Upptökur á seríunni eru þegar hafnar en þættirnir fara brátt í sýningar í sjónvarpi vestanhafs. **-jbg/hdm**

# Íslenska áralaginu teflt gegn því færeyska

„Við á Finsen landshöfðingja förum með hinu hefðbundna íslenska lagi,“ segir siglingameistarinn Ísleifur Friðriksson.

Mikill hiti og kapp er nú að færast í fyrirhugaða róðrakeppni sem að venju er haldin á sjómannadaginn, að þessu sinni þann 3. júní, og má búast við meiri keppni en oftast áður. Fréttablaðið hefur þegar greint frá því að hin sigursæla sveit færeyska saumaklúbbsins Stokkarnir ætlar ekki að gefa hlut sinn. Og JPV útgáfan ætlar að mæta til leiks með vaska róðrasveit. Og nú hefur Siglunes, Siglingaklúbburinn í Nauthólsvík, ákveðið að mynda lið og er ætlunin að veita Stokkunum maklega keppni.

„Já, við ákváðum að taka til ára okkar,“ segir Ísleifur en þess bera að geta að Ísleifur hefur einmitt þjálfað þau lið, ef undanskildum Stokkunum, enda þaulvanur siglingamaður. Hann neitar því þó alfarið að hafa kennt þeim skakkt áralag til að auka möguleika sína. Ísleifur segir mikla vakningu í kringum þessa fínu íþrótt og nú verði róðurinn hugsanlega vitrænni því Sjómannadagsráð hafi ákveðið að hafa einn keppnisbát á sjó yfir sumarið til að lið geti æft á slíkum.

„Þær eru nokkrar tegundir af áralagi. Færeyingar hafa allt annað áralag en Íslendingar. Hafnleysurnar hérna þýddu að menn þurftu að leggjast meira á árarnar. Þetta er meiri handavinna í Færeyjum.“



**ÍSLEIFUR OG ÁHÖFNIN Á FINSEN** Siglinglingaklúbburinn Siglunes hefur myndað róðrasveit og því ljóst að hart verður barist á sjómannadaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sjómennirnir og frystihúsafólki hefur látið undir höfuð leggjast að taka þátt undanfarin ár en vakning er hins vegar á ólíklegustu stöðum öðrum. Lið Finsens skipa þau Jónína dela Rosa sem er formaður, í austurrúmi sitja þeir Óttar Hrafnkelsson og Kjartan Iversen, á miðþóftinni Kolbrún Vaka Helgadóttir og Jóhanna Klara Stefánsdóttir og í andófi eru Ísleifur Friðriksson og Freysteinn Oddsson. **- jbg**


heima
MUNIÐ BRÚÐARGJAFALISTANN HJÁ OKKUR
SID DICKENS MYNDIR
12.500.- pr. mynd
OKHA
Sængurver 9.900.-
Koddaver 2.400.-
NORTHERN COMPANY OSLO LAMPI
49.600.-
EMME PI LIGHT LAMPI
47.800.-
OKHA
Sængurver 9.900.-
Koddaver 2.400.-
OKHA
Sængurver 9.900.-
Koddaver 2.400.-
OKHA
Sængurver 9.900.-
Koddaver 2.400.-
Munið að skrá brúðargjafalista hjá okkur, það einfaldar málið fyrir gesti ykkar.
Erum einnig með gjafavörur frá
B&B Italia
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
Síðumúla 30 I Sími 5684242 I www.heimahusgogn.is I heima@heimahusgogn.is
Opið: Virka daga 10 - 18, laugardaga 11 - 16

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Vefta
Tískuföt Hólagarði
www.vefta.is



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

# Sólgleraugu fyrir sálina

Á morgun verður bannað að reykja á öllum veitingastöðum landsins, jafnt á Hótel Holti sem á Rökkurbarnum. Bretar eru farnir að merkja áfengisflöskur með miðum frá hinu opinbera. Þar kemur fram hversu stórra skammta af viðkomandi áfengistegund ríkið telur ásættanlegt að neyta á dag. Þessar merkingar koma örugglega hingað fljótlega. Með sama áframhaldi verður líklega farið að merkja ungbörn þegar þau koma af fæðingardeildinni: Varúð, lífið er ekki endalaust: Passaðu þig.

**ÞVÍ** hvað er öryggisfíknin annað en útvíkkuð dauðahræðsla? Við eigum ekki mikið eftir – í jarðfræðilegu tilliti – og engin trygging fyrir eftirlífi. Við erum í djúpum, hvernig sem á það er litið. En það má reyna. Halda í vonina. Og því þá ekki að banna reykingar á veitingastöðum eins og hvað annað? Fólk reykir þá bara meira heima hjá sér yfir krökkunum.

**REYKINGAR** eru náttúrlega ein vitlausasta tímasóun sem um getur og ágætt að reynt sé að stemma stigu við ruglinu. Að reykja er að sjúga að sér baneitruðum reyk fyrir lítils háttar vímuástand sem kemur hvort sem er bara með fyrstu sígarettu dagsins. Allar hinar sígarettur dagsins eru misheppnaðar tilraunir til að fá sömu vímuna aftur. Vond lykt, mæði og dofnandi lyktar- og bragðskyn í kaupbæti. Semsé algjört rugl.

**EINN** kost hafa þó sígarettur og sá er að maður hefur þá allavega eitthvað að gera á meðan maður reykir. Í samkvæmum, á meðan vandræðagangur ríkir enn því enginn hefur náð nægri ölvun, er gáfulegast að taka upp rettu og finna hópinn sem stendur úti og reykir. Þar er miklu léttara yfir mannskapnum og allir samtaka í sinni vitlausu tímasóun. Svo er ekki það sama að standa aulalegur við borð á skemmtistað með glas og mæla út tækifærin og að standa aulalegur við borð með glas og sígarettu á milli puttanna. Sígarettan þrælvirkar nefnilega sem eins konar andleg brynja á galeiðunni, sólgleraugu á sálina, eitthvað til að gera á meðan tíminn líður.

**HÉR** er ég kominn á hálan ís því það er bannað með lögum að segja eitthvað jákvætt um andstyggðina. Ég tek þó sénsinn og bæti við að þrátt fyrir bannið verður eftir sem áður vandræðalausasta stemningin þar sem fólk norpar í hnapp og drepur sig í smáskömmtum – tilfinningalega sameinað eins og aðrir félagslega útskúfaðir hópar.




